

Bændablaðið

2. tölublað 2014 • Fimmtudagur 23. janúar • Blað nr. 411 • 20. árg. • Upplag 31.000



Benedikt Arnórsson og Guðrún Agnarsdóttir, sauðfjárbændur á Hofteigi á Jökuldal, hafa heldur betur fengið að finna fyrir óbliðum náttúruöflum síðastliðin tvö ár. Í fyrravetur kól um 80 prósent af túnunum hjá þeim og í óveðurshreti 15. september í haust misstu þau á þriðja hundrað fjár. Hér er Benedikt ásamt aðstoðarmönnum að sækja eftirlegukindur á Þorláksmessu sem fundust í fjallinu Þríhyrningi sem er langt inni í landi, um miðja vegu milli Hofteigs og Óskju. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Benedikt Arnórsson, Snæbjörn Valur Ólason, Guðný Halla Sóllilja, Ævar Þorgeir Aðalsteinsson, Björn Hallur Gunnarsson og Páll Magnússon.

– Sjá nánar viðtal við Benedikt á bls. 18 og 19. Mynd / Agnar Benediktsson

Matvælafyrirtæki bregðast við kröfum um að hefja strax upprunamerkingar matvæla

– Ali-beikon upprunamerkt frá og með síðustu viku og aðrar vörur verða merktar sem fyrst

Fyrirtæki í matvælageiranum virðast vera að taka við sér þegar kemur að upprunamerkingum framleiðsluvara sinna. Eftir fréttir síðustu viku og mánaða um sölu á erlendum landbúnaðarafurðum til neytenda, án þess að þeim væri gerð grein fyrir því að um innflutta vöru væri að ræða, reis hörð gagnrýni á framgöngu fyrirtækjanna. Formaður Bændasamtaka Íslands gagnrýndi fyrirtækin fyrir blekkingar gagnvart neytendum, bæði í forsiðufrétt og leiðara síðasta Bændablaðs. Neytendasamtökin hafa tekið í sama streng og krafist þess að nú þegar verði innleiddar upprunamerkingar á matvörur.

Meðal þeirra fréttu sem um ræðir eru innflutningur Mjólkursamsölnunnar á írsku smjöri í lok síðasta árs og um átta tonnum af osti árið 2009. Í fyrra tilvikinu var upplýst um innflutninginn en ekki greint frá því í hvaða vörur írsku smjörið var notað. Í síðara tilvikinu var á engan hátt greint frá notkun hins innflutta osts.

Þá birtust fréttir af því að innfluttur kjúklingur hefði verið þíddur upp og seldur sem íslenskur. Því neituðu kjúklingaframleiðendur reyndar en heimildir herma þó að holur tónn hafi verið í þeim málflutningi. Enn fremur var því haldið fram, og það ekki hrakið, að innflutta beikoni hefði verið pakkað í neytendaumbúðir án þess að upprunalandi væri getið.

Sérstök umræða fór fram um málið á Alþingi á dögnum. Málshefjandi, Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði óásættanlegt að hingað til lands væru fluttar erlendar landbúnaðarafurðir og þær markaðssettar sem íslenskar. Það væri íslenskum landbúnaði til mikils tjóns. Undir þetta tóku aðrir þingmenn heils hugar.

Þykkvabæjarkartöflur upprunamerktar

Mjólkursamsalan sendi frá sér tilkynningu á dögnum þar sem beðist var velvirðingar og jafnframt

tekið fram að fyrirtækið styddi kröfur formanns Bændasamtakanna um upprunamerkingar. Á dögnum sendi svo Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar frá sér tilkynningu um að ákveðið hefði verið að breyta merkingum á umbúðum fyrirtækisins og tilgreina eftirleiðis upprunaland kartafla sem seldar eru undir merkjum þess. Með því væri fyrirtækið að svara kalli neytenda um upprunamerkingar. Undirbúningur að merkingunum er þegar hafinn og mun þeirra sjá stað á framleiðsluvörum fyrirtækisins innan skamms.

Síld og fiskur hefur upprunamerkingar

Fyrirtækið Síld og fiskur er eitt þeirra fyrirtækja sem legið hafa undir ámæli fyrir að upprunamerkja ekki vörur sínar, en meðal vörumerkja fyrirtækisins er Ali-beikon. Sveinn V. Jónsson, framleiðslustjóri fyrirtækisins, sem jafnframt er forstjóri Matfugls, segir fyrirtækið

þegar hafa byrjað að upprunamerkja beikon og stefnt sé að því að svo verði einnig með aðrar vörur fyrirtækisins. „Í síðustu viku byrjuðum við að upprunamerkja allt beikon sem Síld og fiskur framleiðir, sem meðal annars er selt undir vörumerkinu Ali. Þessi umræða upp á síðkastið hefur verið af ýmsu tagi og þess vegna er rétt að áréttu að í Ali-beikon hefur einungis farið íslenskt beikon. Við höfum sérframleitt fyrir aðra aðila og verði erlent beikon notað í þær vörur sem fara á neytendamarkað verður það allt upprunamerkt. Það stendur síðan til að upprunamerkja alla vöruflokka hjá fyrirtækinu. Það mun gerast eins fljótt og audið er.“

Kjúklingur upprunamerktur

Sveinn segir jafnframt að Matfugl hafi byrjað að upprunamerkja allan ferskan kjúkling frá fyrirtækinu í nóvember síðastliðnum. „Matfugl hefur aldrei pakkað erlendum kjúklingi í neytendapakkingar. Við notuðum

lítillræði af innfluttum kjúklingalærum fyrir einhverju síðan en sá kjúklingur fór ekki í neytendapakkingar heldur á mótuneytamarkað, í stórelldhús og annað slíkt. Matfugl hefur því eingöngu pakkað íslenskum kjúklingi í neytendapakkingar.“

Vörur Matfugls eru nú merktar með upprunalandinu Íslandi á umbúðum, hvort sem þær eru seldar undir merkjunum Móar, Ali-kjúklingur, Íslandsfugl, Matfugl eða Ferskir kjúklingar. Hið sama gildir um vörur sem eru sérframleiddar fyrir verslanakeðjur. Enn á þó eftir að byrja að upprunamerkja eldaðan kjúkling, og eins frosinn kjúkling. „Við ætlum okkur að upprunamerkja allar vörur frá fyrirtækjunum eins fljótt og hægt er en biðjum um skilning á að það tekur smá tíma. Við áréttum að fram til þess tíma að því hefur verið lokið geta neytendur treyst því að allar vörur frá Matfugli og Síld og fiski sem ekki eru upprunamerktar innihalda eingöngu íslensk hráefni.“

/fr

Fréttir

Bændablaðið er víðlesíð

Bændablaðið kemur vel út úr nýrri prentmiðlakönnun Capacent fyrir síðasta ársfjórðung 2013 sem birt var á dögnum. Blaðið er með tæplega 30% lestur yfir landið allt og kemur fast á hæla Morgunblaðsins sem mælist með 31,4% lestur.

Á landsbyggðinni er Bændablaðið víðlesnasti prentmiðillinn með 45,3% lestur. Fréttablaðið er með 34,4%, Morgunblaðið 30,6%, Fréttatíminn 19,6% og DV með 11,5% lestur.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur Bændablaðið bætt við sig lesendum frá síðustu könnun, en 20,9% fólks lesa Bændablaðið reglulega. Helgast það af aukinni dreifingu, m.a. í verslunum Bónus á síðasta ári.

Hjá Capacent er lestur dagblaða mældur með samfelldum hætti allt árið. Í úrtaki eru Íslendingar á aldrinum 12-80 ára af landinu öllu.

Bændafundur á Ísafirði

Almennur bændafundur verður haldinn á Hótel Ísafirði miðvikudaginn 5. febrúar kl. 12.00.

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, og Elías Blöndal Guðjónsson, lögfræðingur samtakanna, munu ræða við bændur um þau mál sem eru efst á baugi í landbúnaðinum. Meðal umræðuefna er eignarhald á bújörðum, sem bændur á Vestfjörðum óskuðu sérstaklega eftir að sett yrði á dagskrá fundarins. Boðið verður upp á hressingu á Hótel Ísafirði í upphafi fundar.

Hyggjast ekki hækka verð

Fyrirtækið Helluskeifur hefur tekið ákvörðun um að verð á skeifum sem fyrirtækið framleiðir verði óbreytt út þetta ár.

Að sögn eiganda fyrirtækisins, Agnars Jónassonar, er ástæðan sú að fyrirtækið vill leggja sitt af mörkum til að stuðla að nýrri þjóðarsátt og styðja við markmið nýrra kjarasamninga. Sem kunnugt er hafa Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins skorað á fyrirtæki, sveitarfélög og ríki að halda aftur af verðhækkunum og stuðla þannig að lágrí verðbólgu sem einni af forsendum kjarasamninga. Fjöldi fyrirtækja hefur brugðist við þeirri áskorun, líkt og Helluskeifur gera nú.

Fleiri fyrirtæki tengd landbúnaði hafa tilkynnt um að þau hyggist ekki hækka verð. Fyrirtækið Flúðasveppir tilkynnti á dögnum að þar á bæ hygðust menn ekki hækka verð á sínum framleiðsluvörum á árinu og hvatti Georg Ottósson framkvæmdastjóri fyrirtækisins önnur fyrirtæki til að fylgja því fordæmi. Matfugl tilkynnti um 5 prósentu lækkan á kjúklingum og kjúklingabringum sem tók gildi 13. janúar síðastliðinn. Þá hyggt Lifandi markaður, sem selur fjölda innlendra landbúnaðarafurða, einnig halda óbreyttu verði.

Draga hækkanir til baka

Meðal fyrirtækja sem hafa brugðist við áskorun Alþýðusambandsins um að draga áður boðaðar verðhækkanir til baka eru Brúnegg, Emmessis og Kaupfélag Skagfirðinga.

Þá hafa Föðurblandan, Lífland og Bústólpi öll lækkað verð á kjarnföðri frá fyrirtækjunum. Skýring þeirra lækkana er þó ekki sérstaklega sögð tengd umræddu átaki. /fr

Innflutningur dráttarvéla 2013

Tegund	Fjöldi nýjar	Fjöldi notaðar	Aðrar nýjar*	Aðrar notaðar*
Massey Ferguson	28	2		
Valtra	22	0		
New Holland	14	4		
Kubota	14	0		
Claas	10	0		
Zetor	10	1		
Case	4	1		
John Deere	3	14		
Fendt	2	1		
Deutz Fahr	1	0		
Ursus	0	1		
Valmet	0	1		
Artic Cat*			19	0
Dieci*			1	0
Samtals	108	25	20	0

Heimild: Umferðarstofa

*Aðrar vélar sem Umferðarstofa skilgreinir sem dráttarvélar samkvæmt lögum, m.a. vegna aflúrtaks



Massey Ferguson var söluhæsta nýja dráttarvélategundin á síðasta ári

– Jötunn Vélar á Selfossi voru með mestu markaðshlutdeildina

Samkvæmt tölum Umferðarstofu, sem nú er deild í Samgöngustofu, voru seldar 108 nýjar hefðbundnar dráttarvélar á árinu 2013, sem er nærri 6,5% samdráttur í heildina frá 2012. Söluhæsta nýja dráttarvélin var hinn fornfrægi Massey Ferguson, en 28 nýjar vélar af þeirri tegund voru fluttar til landsins á síðasta ári. Velti Massey Ferguson þar úr sessi Valtra, sem var söluhæst árið 2012 en er nú í öðru sæti. Í þriðja sæti er svo New Holland, sem á sér m.a. bakgrunn í Ford-dráttarvéluum sem runnu inn í New Holland-samsteypuna fyrir mörgum árum.

Jötunn Vélar með góða markaðsstöðu

Athygli vekur að Jötunn Vélar á Selfossi voru með tvær söluhæstu dráttarvélnar, Massey Ferguson með 26% hlutdeild nýrra seldra véla og Valtra með 20%. Þetta umböð er því með mesta markaðshlutdeild í nýjum vélum, samtals 46%.

Síðan eru Kraftvélar í öðru sæti í samanlögðum tölum með New Holland og Case IH, sem eru samanlagt með 17% markaðshlutdeild.



Þór er í þriðja sæti með Kubota og Deutz Fahr og samtals 14% markaðshlutdeild.

Þar á eftir er VB Landbúnaður með Zetor og John Deere, sem gera samtals 12% hlutdeild í sölu nýrra véla.

Vélfang er með Claas, Fendt og JCB, en síðastnefnda tegundin kemst reyndar ekki á blað. Samtals er Vélfang með 11% hlutdeild í sölu nýrra véla samkvæmt tölum Umferðarstofu.

25 innfluttar notaðar vélar

Samkvæmt tölum Umferðarstofu,



sem nú heyrir undir Samgöngustofu, voru nýskráðar samtals 133 nýjar og notaðar dráttarvélar hér á landi á síðasta ári. Þar af voru sem fyrr segir 108 nýjar vélar og 25 notaðar innfluttar dráttarvélar. Af notuðum

dráttarvéluum var mest flutt inn af John Deere, 14 vélar.

19 fjórhjól skráð sem dráttarvélar

Reyndar voru „dráttarvélnar“

153 ef allar vélar eru teknar með sem í plöggum Umferðarstofu eru skilgreindar sem dráttarvélar. Þar vekur óneitanlega furðu að 19 Arctic Cat fjórhjól eða fjölnotatæki eru skilgreind sem dráttarvélar og líka einn Dieci-skotbómulyftari, sem er þó öllu skiljanlegra, en flestir myndu þó skilgreina sem vinnuvél.

Samkvæmt upplýsingum Bændablaðsins stafar skilgreiningin á fjórhjólunum af því að þau falli undir skilgreiningu dráttarvéla sem ekki finna allar tölur um bifreiðar og dráttarvélar á einum stað. Það verður þó að teljast jafn undarlegt að ekki skuli enn hafa vera verið komið í sama tölfræðisafnið tölum um skráningu vinnuvéla. Þær tölur eru undir Vinnueftirlitinu á Bildshöfða, svo undarlegt sem það er nú, og eru vart til annars en að flækja allan samanburð.

Tölur um dráttarvélar og vinnuvélar undir sitt hvoru embættinu

Það verður að segja Umferðarstofu til hróss að framsetning talna um dráttarvélasöluna er nú mun skilmerkilegri en áður. Nú er hægt að finna allar tölur um bifreiðar og dráttarvélar á einum stað. Það verður þó að teljast jafn undarlegt að ekki skuli enn hafa vera verið komið í sama tölfræðisafnið tölum um skráningu vinnuvéla. Þær tölur eru undir Vinnueftirlitinu á Bildshöfða, svo undarlegt sem það er nú, og eru vart til annars en að flækja allan samanburð.

Sem dæmi eru fjölmargar dráttarvélar flokkaðar sem vinnuvélar vegna búnaðarins sem þær eru með og gott dæmi um ruglinginn er áður nefndur skotbómulyftari. Flokkun og skráning vinnuvéla, bifreiða og dráttarvéla virðist því helst fara eftir nokkuð sérkennilegum og afar flóknum tollskráningarbrautum. /HKr.

Sameiginlegt átak um bættar uppruna-merkingar í burðarliðnum

Til þess að auka vitund almennings og fyrirtækja um upprunamerkingar hafa Bændasamtökin tekið höndum saman við Samtök atvinnulífsins og Neytendasamtökin. Í undirbúningi er að hleypa af stokkunum sameiginlegu átaki um bættar upprunamerkingar. Þar verður markmiðið að vekja almenning og fyrirtæki til umhugsunar um gildi þess að upprunamerkja matvörur.

Takmarkið er að allar matvörur verði upprunamerktar þannig að



Sindri Sigurgeirsson

neytendur velkist ekki í vafa um það hvar þær séu framleiddar og hvaðan hráefnið sé fengið.

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, segir að vinnuhópur muni á næstu dögum taka til starfa til að uppfylla markmið samstarfsaðilanna þriggja. „Við ætlum okkur að hvetja fyrirtæki og framleiðendur í matvælagæiranum til þess að gera betur í upprunamerkingum á matvörum. Það er ekki markmiðið að setja boð og bönn eða búa til flóknar reglur. Við viljum einfaldlega að hver og einn taki til í

sínum ranni og spyrji sig hvort upprunamerkingarnar séu í lagi. Þá er líka tilgangurinn að fræða og efla vitund almennings um gildi upprunamerkinga. Fólk getur þrýst á um að allar upplýsingar liggi fyrir, t.d. með því að lesa á umbúðir í verslunum og spyrja söluaðila um uppruna matar á veitingahúsum og í mótuneytum. Neytendurnir eru bestu eftirlitsaðilarnir og þeir eiga að gera ríkar kröfur til bænda, framleiðslufyrirtækja og söluaðila um að þessi mál séu í lagi.“ segir Sindri. /TB

7-línan

frá DEUTZ-FAHR



DEUTZ-FAHR is a brand of  SAME DEUTZ-FAHR

Við kynnum með stolti: Nýju 7-línuna frá DEUTZ FAHR.

Í tilefni þess að við höfum selt fyrstu tvær vélarnar í 7-línunni verðum við með þær til sýnis, áður en þær verða afhentar nýjum eigendum, dagana 27. - 29. janúar 2014 á Krókhálsi 16 í Reykjavík og Lónsbakka Akureyri.

Missið ekki af þessu einstaka tækifæri til þess að skoða vélar sem farið hafa sigurför um heiminn.



Fréttir



Aukið eftirlit með salmonellum í alifuglarækt:

Landsáætlanir um varnir og viðbrögð við „súnum“

Matvælastofnun hefur gefið út landsáætlanir um varnir og viðbrögð (LÁVV) við ýmsum súnum, sem eru sjúkdómar sem geta borist milli dýra og manna. Fyrsta landsáætlunin, sem er um varnir og viðbrögð við salmonelli í alifuglum var gefin út skömmu fyrir áramót. Hún er birt á heimasíðu stofnunarinnar. Niðurstöður eftirlitsúttektar MAST í nóvember 2013 sýndu aðeins eitt tilfelli salmonellsýkinga í stofnrækt alifugla og varphænsna.

Í landsáætluninni kemur fram að vakta skuli salmonelli í alifuglarækt á öllum stigum framleiðslunnar og í föðri. Í áætluninni er að finna lýsingu á alifuglaræktinni hérlandis, skilgreiningu á hvaða stofnanir og aðilar koma að vöktuninni og því lýst hvernig mismunandi alifuglahópar eru vaktaðir með nákvæmum útlistunum á sýnatökunum sjálfum og greiningum. Síðast en ekki síst kemur fram hvernig skuli bregðast við ef salmonella finnst í sýni.

Í áratugi hefur Salmonella í alifuglum verið vöktuð reglubundið hérlandis, samkvæmt sértækum reglugerðarákvæðum, en nú er í fyrsta sinn gefið út heildstætt yfirlit



sem tekur til allrar reglna sem gilda um vöktun og viðbrögð.

Landsáætlunin spannar öll stig framleiðslunnar, þ.e. frá framleiðslu alifuglaföðurs, eldi fuglanna, slátrun, vinnslu og að kjúklingum og eggjum á markaði. Frá og með árinu 2008 var aukin vöktun á stofnfuglahópum (foreldrafuglar), samkvæmt reglugerð nr. 1011/2011 sem innleiddi reglugerð (EB) nr. 2160/2003.

Aður hafði Matvælastofnun gefið út áætlun um vöktun sem núverandi landsáætlun leysir af hólmi. Niðurstöður vöktunar á salmonelli í alifuglum er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Athygli hefur vakið að sú góða staða sem uppi er á Íslandi í alifuglarækt, þrátt fyrir að hérlandis sé notkun fúkkalyfja við kjötrframleiðslu hverfandi í samanburði við Evrópu-lönd og Bandaríkin þar sem staðan er talin mjög alvarleg.

- *Sjá nánar í umfjöllun um sýklalyfjanotkun á bls. 22 og 23.*

Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar:

Verður við áskorun um að merkja upprunaland kartaflna

Stjórn Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. hefur ákveðið að breyta merkingum á umbúðum sínum og tilgreina eftirleidis upprunaland kartafla sem seldar eru undir merkjum fyrirtækisins. Með þessu er Þykkvabæjar að svara kalli neytenda um að uppruni landbúnaðarafurða sé öllum ljós og auðveldara sé fyrir neytendur að taka upplýsta ákvörðun við matarinnkaup.

Að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá félaginu er Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar að mestu í eigu bænda. Markmiðið með stofnun hennar fyrir 33 árum var

að vinna og markaðssetja íslenskar kartöflur. Kartöfluuppskeran er breytileg milli ára, einkum vegna veðurskilyrða. Miklar rigningar, þurrkar, næturfrost og fleiri ytri aðstæður hafa áhrif á uppskeruna. Þegar framboð á kartöflum er minna en eftirspurn hefur fyrirtækið svarað kalli neytenda með því að flytja tímabundið til landsins erlendar kartöflur, nánast eingöngu frá Danmörku og Hollandi.

Undirbúningur að merkingunum er þegar hafinn og munu neytendur sjá þær á framleiðsluvörum fyrirtækisins innan skamms.

Litlar breytingar urðu á hrossaútflutningi á síðasta ári:

Alls voru 1.236 hross flutt úr landi

– flest fóru til Þýskalands og Norðurlandanna en þrjú fóru alla leið til Filippseyja

Á síðasta ári voru 1.236 hross flutt úr landi til nýrra eigenda víðs vegar um heiminn. Er það eilítil samdráttur frá árinu 2012 en þá var fjöldinn 1.333 hross. Síðustu fimm ár hafa alls 6.450 Íslandshestar verið fluttir úr landi. Farið var að skrásetja hrossa-útflutning með markvissum hætti árið 1988. Það ár voru 700 hross flutt út en flest hross fóru úr landi árið 1996, alls 2.841.

Í gegnum tíðina hafa langsamlega flest hross verið flutt til Þýskalands og Norðurlandanna. Þá hefur allmikill fjöldi verið fluttur til Sviss, Austurríkis, Hollands og Bandaríkjanna. Fram yfir síðustu aldamót var einnig talsverður útflutningur til Kanada en verulega dró úr eftir 2001 og síðustu fjögur ár hefur ekkert hross verið flutt þangað.

Lítill breyting frá síðasta ári

Á síðasta ári varð ekki veruleg breyting í þessu mynstri. Langflest hross voru flutt út til Þýskalands, alls 552 sem er fjölgun um 11 frá árinu áður. Heimsmeistaramót íslenska hestsins fór fram í Berlín í byrjun ágúst á síðasta ári og má leiða líkum að því að sá viðburður hafa haft einhver áhrif á sölu hrossa til Þýskalands, þó að erfitt sé að meta það út frá fyrirliggjandi gögnum.

Næstflest hross voru flutt út til Svíþjóðar á síðasta ári, alls 142 sem er örlítið færri en árið á undan. 106 hross voru flutt út til Danmerkur, 86 til Austurríkis og 73 hross voru flutt út til Noregs.

Hross flutt til Filippseyja og Grænlands

Af öðrum löndum sem íslensk

Ágústínus frá Melaleiti hæst dæmdur

Af þeim hrossum sem flutt voru



Hross á leið í flug.

Mynd / fr



Fura frá Hellu á heimsmeistaramótinu í Berlín á síðasta ári.

hross voru flutt út til vekur mesta athygli að þrjú hross voru flutt út til Filippseyja á árinu. Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta skipti sem íslensk hross eru flutt þangað. Í ferðina löngu fóru stóðhestur, hryssa og veturgamalt trippi. Þá voru einnig þrjú hross flutt til Grænlands en þangað hafa af og til verið flutt íslensk hross þó í litlum mælis sé.

Til Færeyja fóru á árinu 21 hross en þangað hafa jafnt og þétt verið flutt íslensk hross í gegnum árin. 14 hross voru flutt til Belgiu sem er sami fjöldi og árið áður.

út voru 189 stóðhestar, 621 hryssa og 426 geldingar. Mörg afar góð 1. verðlauna hross fóru úr landi á síðasta ári. Hæst dæmdi hesturinn sem fluttur var út var Ágústínus frá Melaleiti, en hann fór til Danmerkur. Aðaleinkunn Ágústínusar er 8,61. Hæst dæmda hryssan sem flutt var út var Fura frá Hellu en Fura varð heimsmeistari sex vetra hryssa á heimsmeistaramótinu í Berlín, sýnd af Guðmundi Björgvinssyni. Aðaleinkunn hennar er 8,53. Af öðrum hrossum sem flutt voru út má nefna góðhestinn Tígul frá Gýgjarhóli undan Stíganda frá Sauðárkróki. Tígull hefur aðaleinkunnina 8,6 en vert er að nefna að Tígull er á 18 vetri.

Tæplega 260 þúsund Íslandshestar

Samkvæmt WorldFeng, ættbókarforriti íslenska hestsins, eru 257.677 Íslandshestar skráðir í heiminum. Langstærstur hluti þeirra er á Íslandi, eða 105.361, sem gerir ríflega 56 prósent allra hrossa af íslensku kyni. Næstflestir eru þeir í Þýskalandi, 40.410, og eilítið færri í Danmörku, 37.246. Hluti þessara hrossa er fædd erlendis.

/fr

Bjargráðasjóður:

Alls voru 114 umsóknir um bæt看 vegna kals afgreiddar 2013

– greitt var út skömmu fyrir nýliðin áramót

Alls bárust Bjargráðasjóði 114 umsóknir um bæt看 frá bændum vegna kals sem varð á Norður- og Austurlandi vorið 2013 auk 29 umsókna vegna langs gjafatíma síðastliðinn vetur.

„Við áttum von á því að margar umsóknir myndu berast sjóðnum, það varð umtalsvert tjón víða vegna kals á ákveðnum landsvæðum,“ segir Sigurgeir Hreinsson formaður stjórnar Bjargráðasjóðs. Hann tók við formennsku í sjóðnum vorið 2013.

Sigurgeir segir að ábúendur á um 150 bæjum hafi sótt um styrk vegna endurræktunar túna í kjölfar kals, en Bjargráðasjóður hafi ekki með þann þátt að gera heldur Bændasamtök Íslands.

Hvert áfallið á fætur öðru

Síðastliðin fjögur ár hefur hvert áfallið á fætur öðru riðið yfir með tilheyrandi fjárútlátum fyrir Bjargráðasjóð. Tvö eldgos með skömmu millibili léku bændur á Suðurlandi grátt í orðsins fyllstu merkingu. Miklir þurrkar urðu á norðan- og austanverðu landinu sumarið 2012 og uppskera því með lakara móti. Eftirminnilegt óveður skall á snemma hausti og olli gríðarlegu tjóni, bæði á mannvirkjum og bústofni á Norðurlandi. Síðastliðið vor var síðan mörgum þungt í skauti vegna kals í túnnum eftir erfiðan og snjóþungan vetur.



Sigurgeir Hreinsson

Mynd / MÞÞ

„Síðustu fjögur ár hafa verið mjög erfið, hvert áfallið sem rekja má til náttúrunnar tekið við af öðru,“ segir Sigurgeir. Það sé að hans mati umhugsunarefni fyrir bændur hvernig best fari á því að haga sínum tryggingamálum. Sá hluti búnaðargjaldsins sem rennur í Bjargráðasjóð sé það lítill að þegar bændur verði fyrir stórtjónum fái þeir ekki greitt út úr sjóðnum í samræmi við það. Bætur náist aðeins upp í óverulegan hluta tjónsins.

„Bændur geta velt fyrir sér hvort vilji þeirra standi til að greiða hærra gjald inn í sjóðinn, en ég veit satt að segja ekki hvort almennur vilji sé fyrir því. Það eru fleiri kostir í stöðunni, bændur geta keypt betri tryggingar hjá tryggingafélögum

og greiða þá iðgjald í samræmi við þær. Svo má líka hugsa sér að þeir hreinlega sætti sig við að fá ekki bætur fyrir allan þann skaða sem þeir kunna verða fyrir þegar áföll verða. Þetta eru spurningar sem menn verða að fara vandlega yfir, vega og meta kostina,“ segir Sigurgeir.

Illþólanleg staða

Hann segir alveg ljóst að sjóðurinn hafi ekki bolmagn til að bæta bændum tjón sem verði í kjölfar oft óblíðrar náttúru á Íslandi. Það sé ekki eðlilegt að pólitísk velvild ráði hversu vel tjón af völdum náttúruhamfara eru bætt.

„Það er staða sem mér þykir illþólanleg. Það er afskaplega leiðinlegt að fara með betlistaf til ríkisins í hvert sinn sem áföll verða og til frambúðar finnst mér það alls ekki hægt að hafa þann háttinn á,“ segir Sigurgeir. „Það er ekki óeðlilegt að ríkið sé bakhjarl þegar náttúruhamfarir eru annars vegar en að mínu mati þarf að skýra línur. Það þarf að liggja ljóst fyrir hvert hlutverk ríkisins á að vera, hvers konar tjón á að bæta.

Þegar lögum sjóðsins var breytt 2009 var hugsunin sennilega að minnka árlegt framlag, en hlaupa undir bagga þegar stór áföll dynja yfir,“ segir Sigurgeir en kveðst taka fram að stjórnvöld hafi reynst bændum vel á liðnum misserum.

/MÞÞ

Taktu sprettinn...!

Minna ryk - meiri gæði - betri spretta

Sprettur

ÁBURÐUR

Skeljungur

Vöru- og verðskrá áburðar 2014

Áburður
í 600 kg. sekkjum:

Magni 1 N27
Magni S N27+4S
Græðir 1 12-15-17
Græðir 8 22-7-12
Græðir 9 27-6-6
Fjöl móði 2 23-12
NYTT Fjöl móði 3 24-5 + Selen
Fjölgræðir 5 17-15-12
Fjölgræðir 6 22-11-11
NYTT Fjölgræðir 7 22-12-9 + Selen
Fjölgræðir 9 25-9-8
NYTT Fjölgræðir 10 24-9-8 + Selen

Fyrirfram
greitt 1. mars
kr/tonn án vsk

61.448
63.725
99.789
79.697
75.656
73.499
70.143
83.240
83.722
83.947
80.084
81.026

Staðgreitt
1. maí
kr/tonn án vsk

62.769
65.095
101.935
81.411
77.283
75.079
71.652
85.030
85.523
85.753
81.806
82.769

Greiðslu-
frestur
kr/tonn án vsk

66.073
68.521
107.300
85.696
81.350
79.031
75.423
89.505
90.024
90.266
86.112
87.125

Verðin í töflunni m.v. að pantað sé fyrir 15. febrúar 2014.

Öll verð eru án vsk. miðað við tonn.

Bjóðum upp á akstur heim á hlað 2.300 kr. / tonn án vsk.

Flutningstilboðið m.v. að teknir séu 10 x 600 kg. sekkir.

Verðskráin gildir einungis fyrir þá sem nýta sér póntunarafsláttinn.

N	P ₂ O ₅	P	K ₂ O	K	Ca	Mg	S	B	Se
27					8				
27					5		4		
12	15	6,6	17	14,1		1	14	0,03	
22	7	3	12	10	3		2		
27	6	2,6	6	5	1,4		2		
23	12	5,2			4,6		2		
24	5	2,1			5,4	0,3	2		0,0015
17	15	6,6	12	10	2,5		2		
22	11	4,8	11	9,2	1,6		2		
22	12	5,2	9	7,5	1,6	0,4	2		0,0015
25	9	3,9	8	6,6	1,6		2		
24	9	3,9	8		1,6	0,3	2		0,0015



Áburðarverksmiðjan

Þjónustufulltrúar og afgangslustaðir



Bústólpi

NORÐURLAND /
NORÐAUSTURLAND

Þjónustufulltrúar



Bústólpi - Akureyri
Gylfi Pálsson
gylfi@bustolpi.is
Sími: 460 3352
Gsm: 898 5565



Jóhannes Sigfússon
Gunnarsstöðum
gunnarstadir@simnet.is
Sími: 468 1270
Gsm: 868 7832



Sigurður Kristjánsson
Stöng, Mývatnssveit
stongmy@emax.is
Sími: 464 4252
Gsm: 892 0157



Trausti Aðalsteinsson
Húsvík
trausti@bustolpi.is
Sími: 464 3450
Gsm: 864 0759



Kópasker
Stefán Grímsson
shgsirra@kopasker.is
Sími: 465 2172
Gsm: 894 0172



Ingvar Olsen
ingvar@bustolpi.is
Gsm: 840 6363

Afgreiðslustaður

Bústólpi ehf
Oddeyrtanga Akureyri
Sími: 460 3350 Fax: 460 3351



NORÐURLAND VESTRA

Þjónustufulltrúar



Jón Hilmar Karlsson
KVH Hvammstanga
Sími: 455 2325
Gsm: 868-8022



Reimar Marteinsonn
KVH Hvammstanga
reimar@kvh.is
Sími: 455 2300
Gsm: 894 9939



Björn M. Svavarsson
KS - Sauðárkrúki
bjorn.svavarsson@ks.is
Sími: 455 4626
Gsm: 825 4626

Afgreiðslustaðir

Kaupfélag Vestur Húsvetninga
Hvammstanga
Sími: 455 2300 Fax: 451 2354

Kaupfélag Skagfirðinga
Sauðárkrúki
bjorn.svavarsson@ks.is Sími: 455 4626
Gsm: 825 4626 Fax: 455 4611



FÖÐURBLANDAN

VESTURLAND /
VESTFIRÐIR

Þjónustufulltrúar



Jóhann P. Ágústsson
Brjánslæk
brl2@simnet.is
Sími: 456 2055
Gsm: 824 3108



Jón Eðvald Halldórsson
KF Steingrímsfjarðar
Hólmavík
jon@ksholm.is
Sími 455 3100

Afgreiðslustaðir

Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Hólmavík
jon@ksholm.is Sími: 455 3100
Patreksfjörður
Flateyri



VESTURLAND / DALIR

Þjónustufulltrúar



Margrét Katrín Guðnadóttir
margret@kb.is
Sími: 430 5500
Gsm: 898 0034



Jónmundur Hjörleifsson
Gsm: 660 8254



KM Þjónustan
Unnsteinn Arnason
Vesturbraut 20
370 Búðardal
irisbjorg@simnet.is
Gsm: 898 8210



Ásberg Jónsson
Hraunholtum
hraunholt@simnet.is
Gsm: 897 7113

Afgreiðslustaður

ÞPP hf. Akranesi
trukkur@aknet.is Sími: 431 1500



FÖÐURBLANDAN

SUÐURLAND

Þjónustufulltrúar



Birkir Tómasson
Móeiðarhvoli
boelanna@simnet.is
Sími: 487 8077
Gsm: 897 8082



Birkir Ármannsson
Brekku
brynfridur@hotmail.com
Sími: 487 5646
Gsm: 898 2464



Einar Gestsson
Hæli II
einargestsson@gmail.com
Sími: 486 1058
Gsm: 860 9682



Sverrir Gíslason
Kirkjubæjarkl. 2
leiti@simnet.is
Sími: 487 4888
Gsm: 895 9055



Björn Jónsson
Höfn
bjornj@kask.is
Sími: 470 8222
Gsm: 893 5444



FB Verslun Selfossi
Guðjón Kjartansson
gudjon@fodur.is
Sími: 570 9840
Fax: 570 9841
Gsm: 864 3770



FB Verslun Hvolsvelli
Tryggvi Sigurður
Bjarnason
tryggvi@fodur.is
Sími: 570 9850
Gsm: 894 9820

Afgreiðslustaðir

Fiskmarkaður Íslands Þorlákshöfn
villi@fmis.is Sími: 430 3730
Gsm: 840 3733

KASK - Höfn í Hornafirði
bjornj@kask.is Sími: 470 8200



FÖÐURBLANDAN

AUSTURLAND

Þjónustufulltrúar



Gunnlaugur Ingólfsson
Innri-Kleif,
Breiðdal
innrikleif@simnet.is
Sími: 475 6754
Gsm: 858 7354



Jóhann G. Jóhannsson
Breiðaváði
breidavad@simnet.is
Sími: 471 3841
Gsm: 893 9375



FB Verslun
Egilsstöðum
Elvar Vignisson
elvar@fodur.is
Sími: 570 9860
Gsm: 863 2325

Afgreiðslustaður

Reyðarfjörður
Elvar Vignisson - Sími 570 9860



FÖÐURBLANDAN

REYKJAVÍK SKRIFSTOFUR

Þjónustufulltrúar



Pétur Pétursson
sölustjóri áburðar
petur@aburdur.is
Sími: 570 9826



Stefania
Gunnarsdóttir
sölufulltrúi
stefia@aburdur.is
Sími: 570 9822



Hjördis
Bergsdóttir
þjónustufulltrúi
Sími: 570 9811
hjordis@fodur.is



FÖÐURBLANDAN

Föðurblandan - Korngörðum 12 - 104 Reykjavík
Sími: 570 9800 - Fax: 570 9801 - netfang: fodur@fodur.is - www.fodur.is

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 6.900 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.450. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsníð.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Sáttmáli um upprunamerkingar

Eftir umfjöllun Kastljóss um upprunamerkingar á matvælum hefur mikil umræða átt sér stað um málefnið. Hún var og er brýn og hvetur alla til að skoða hvernig upprunamerkingum er háttað. Við þurfum að vinna að því að ekki leiki neinn vafi á uppruna matvæla sem hér eru á markaði. Afstaða bænda til málsins er og hefur verið skýr. Við teljum að neytendur eigi rétt á að vita hvaðan maturinn þeirra kemur. Það er einföld krafa. Við hvetjum bæði stjórnvöld, neytendur, afurðastöðvar, innflytjendur og verslunina til að leggjast á eitt við að koma upprunamerkingum í viðunandi horf.

Margir hafa tekið undir með bændum um mikilvægi málsins. Bændasamtök Íslands, Samtök atvinnulífsins og Neytendasamtökin hafa tekið höndum saman og munu á næstu dögum kynna samstarfsverkefni um upprunamerkingar, eins konar sáttmála um upprunamerkingar. Markmiðið er að vekja almenning og fyrirtæki til umhugsunar um gildi þess að upprunamerkja matvörur. Takmarkið er að allar matvörur verði upprunamerktar með skýrum og ótvíræðum hætti, þannig að neytendur velkist ekki í vafa um það hvar þær eru framleiddar og hvaðan hráefnið er fengið.

Þetta er verkefni sem þátttakendur koma að af fúsum og

frjálsum vilja til að vinna markmiðum þess framgang. Það er ekki markmiðið að setja boð og bönn eða búa til flóknar reglur, heldur hvetja alla til að gera betur. Hver og einn tekur til í sínum ranni. Markmiðið er að matur verði merktur skilmerkilega eftir uppruna. Þá er líka tilgangurinn að fræða og efla vitund almennings um gildi upprunamerkinga. Til þess að það geti gengið þurfa neytendur, matvælaframleiðendur, innflytjendur og þeir sem selja vörur og þjónustu að leggjast á eitt.

Mikilvægt er að finna leiðir til að tryggja skilmerkilega upplýsingagjöf og efla fræðslu á öllum stigum framleiðslu og sölu um gildi upprunamerkinga og efla skoðanaskipti um hvernig þeim verði best fyrir komið.

Nú er lag að leyfa notkun á þjóðfánanum

Þá skal ítrekuð hvatning til Alþingis um að afgreiða nú efnislega frumvarp til laga um breytingar á fánalögum sem veitir heimild til að nota þjóðfánann til auðkenningar á íslenskum vörum.

Bændur hafa barist fyrir slíkri heimild um árabil og nú er tækifæri til að ljúka málinu. Það er tæplega um skýrari upprunamerkingu að ræða en íslenska fánann, auk þess sem rannsóknir hafa sýnt að neytendur kjósa fremur myndrænar merkingar umfram texta ef þess er kostur. Málið liggur nú fyrir

Alþingi í fjórða sinn, en það var fyrst lagt fram 2009. Með því er gert ráð fyrir að heimilað verði að nota hinn almenna þjóðfána í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru, enda sé vara eða starfsemi sú sem í hlut á íslensk að uppruna og fánanum ekki óvirkðing gerð.

Með vöru af íslenskum uppruna er meðal annars átt við búvöru, grænmeti, sjávarafurðir og ýmsar aðrar íslenskar vörur sem eru framleiddar hérlandis. Ástæða er til að árétt að mikilvægt er að skilgreiningar á því hvaða vörur geti fallið undir þetta séu skýrar og afdráttarlausar og enn fremur að skilmerkilega sé skilgreint hverjum beri að fylgja því eftir ef upp koma einhver vafamál, eða ef notkun fer fram í heimildarleysi.

Merkingar hjálpa til við að taka upplýsta ákvörðun

Þessu til viðbótar er rétt að vekja athygli á öðru máli sem liggur fyrir Alþingi sem telja má sama eðlis þótt þar sé ekki upp upprunamerkingu að ræða. Þar er um að ræða þingsályktunartillögu Brynhildar Pétursdóttur og fulltrúa allra annara þingflokka á Alþingi um „umferðarljósaamerkingar“ á matvæli. Þar er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra falið að hefja vinnu við undirbúning að upptöku næringarmerkis á hérlandri matvöru. Merkið verði að breskri fyrirmynd í formi umferðarljósa

sem sýni næringargildi matvæla framan á umbúðum. Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram:

„Skiljanlegar og aðgengilegar upplýsingar um næringargildi matvæla eru afar mikilvægar fyrir neytendur og auðvelda þeim að taka upplýsta ákvörðun. Þær merkingar sem er skylt að setja á umbúðir matvæla um næringargildi geta verið illskiljanlegar fyrir marga. Bæði eru upplýsingarnar af skornum skammti, ruglingslegar á tíðum og auk þess eru oft villandi fullyrðingar um hollustu matvæla á umbúðum.[...] Bretar hafa innleitt næringargildismerkingar framan á umbúðir sem neytendur eiga auðvelt með að skilja og meðtaka.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra láti hefja vinnu við undirbúning að því að taka upp næringarmerki á matvæli að breskri fyrirmynd, svokölluð umferðarljós eða „traffic light label“ þar sem litir ljósanna gefa til kynna hversu holl eða óholl tiltekin vara er. Reynsla Breta af upptöku merkisins er jákvæð og sýnir að neytendum hugnast vel einfaldar merkingar á borð við umferðarljósin.“

Framangreind tillaga snýst, eins og upprunamerkingin, um að tryggja neytendum sem bestar og skýrastar upplýsingar. Hægt er að taka undir þau sjónarmið og hvetja Alþingi til að taka málið til alvarlegrar skoðunar. /SSS

LOKAORÐIN

Mismunun

Það er óþolandi þegar stjórnmálamenn taka ákvarðanir á Alþingi um mál sem þeir hafa jafnvel ekki kynnt sér, en geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilu atvinnugreinarnar. Dæmi um slík er hugsunarlaus innleiðing á skrautlegri flóru reglugerða sem komið hafa á færibandi frá Brussel. Og dæmin um aðrar undarlegar ákvarðanir eru fjölmörg.

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda (SG), ritaði afar skilmerkilega grein á vefsíðu sambandsins fyrir skömmu undir fyrisögninni „Skekktt samkeppni í grænmetisframleiðslu í boði stjórnvalda“. Hann rekur þar ítarlega fjölmarga þætti í baráttu grænmetisbænda fyrir því að fá að standa jafnfætis öðrum stórkaupendum á raforku. Þeir eru ekki að biðja um neina ölmusu, heldur eðlilega leiðréttingu til að standa jafnfætis í harðri samkeppni við innflutning.

Bjarni bendir á að Verkfræðistofan Efla hafi gert fyrir úttekt SG kemur í ljós að frá því að ný lög um raforku frá 2003 tóku gildi árið 2005 hafi neyslaverðisitala hækkað um 68% til ársins 2014. Rafmagníð (orkan) hafi hækkað á sama tíma um 42%, sem þýðir að um raunlækkun hennar er að ræða. Dreifingarkostnaðurinn hafi aftur á móti aukist í þéttbýli um 87% en í dreifbýli um heil 134%.

Bjarni bendir einnig á mismunun sem veita á nýju 150.000 fermetra tómatagróðurhúsi útlendinga í Grindavík. Það muni ekki þurfa að borga neinn dreifingarkostnað sem sparar þeim 60% af rafmagnskostnaði sem íslenskar gróðrarstöðvar þurfa að borga. Hvernig geta íslenskir þingmenn látið þetta viðgangast?

Í ofanálag voru reglurnar fyrir þessum gjaldaafslætti innleiddar til að þjóna sérhagsmunum einka-fyrirtækisins Carbon Recycling International í Svartsengi. Þetta fyrirtæki átti líka beina hagsmuni að því að reglur um íblöndun í eldsneyti voru innleiddar um nýliðin áramót. Hvaða furðulegu ítök hefur þetta fyrirtæki í íslenski pólitík?

Garðyrkjubændur hafa líka áhyggjur af væntanlegum fjárfestingarsamningi EsBro-garðyrkjuversins og tilheyrandi ívilnunum sem íslenskum garðyrkjubændum standa ekki til boða. Fullyrt er að tómatarnir verði allir seldir úr landi, en hvaða trygging er fyrir því? Það þyrfti ekki nema brot að þessari ívilnuðu risaframleiðslu á innlendan markað til að gera út af við íslenska tómatarækt og að óbreyttu kippa fótunum undan viðkomandi byggðarlögum. /HKr:

Kjarnfóður lækkar í verði

Fóðurblandan, Lífland og Bústólpi hafa öll lækkað verð á kjarnfóðri um tvö prósent. Lækkunin tók gildi hjá Líflandi í gær en hjá Bústólpa og Fóðurbliðundni í dag. Verðlækkunin gildir um allt

fóður frá fyrirtækjunum. Ástæður lækkananna má rekja til styrkingar íslensku krónunnar en einnig til lækkunar á heimsmarkaðsverði á hráefnum. Einkum eru það bygg og maís sem lækkað hafa. /fr

Áburðarverðlistar að taka á sig mynd

Fóðurblandan birti á dögum áburðarverðskrá fyrir árið 2014. Áburður frá fyrirtækinu lækkar um 8 til 12,9 prósent frá fyrra ári, misjafnt eftir tegundum. Ástæða lækkunarinnar er styrking íslensku krónunnar og almenn lækkun á hráefnisverði.

Sláturfélag Suðurlands gaf sömuleiðis út nýja verðskrá fyrir Yara-áburð sem gildir út þennan mánuð. Áður hafði fyrirtækið gefið út verðskrá 29. nóvember síðastliðinn þar sem kynnt var 8 til 12

prósenta lækkun á staðgreiðsluverði frá síðasta sölutímabili. Verð hækkar hins vegar hjá fyrirtækinu með nýju verðskránni, um 1,8 prósent. Samkvæmt tilkynningu frá fyrirtækinu stafar lækkunin af hækkanði heimsmarkaðsverði.

Skeljungur, sem selur áburð undir vörumerkinu Sprettur, hefur lækkað áburðarverð um 12,3% milli ára. Búvís hefur ekki birt nýja verðskrá en á heimasíðu fyrirtækisins kemur fram að beðið sé eftir niðurstöðu um ný verð. /fr

Skyrið slær í gegn í Noregi

– mikill vöxtur hjá Q-mjólkursamlaginu rakinn til stórauðinnar skýrsölu

Þriðja árið í röð eykur Q-mjólkursamlagið í Noregi vöxt sinn um yfir 100 milljónir norskra króna, en það samsvarar 12 prósentu vexti. Þetta er mikið til íslenska skyrinu að þakka, sem fyrirtækið tryggði sér uppskriftaleyfi á hjá Mjólkursamsölunni og er selt sem léttjógúrt þar í landi.

Þetta er aðal-umfjöllunarefni í nýjasta tölublaði norska blaðsins Nationen. Þar þakkar Bent Myrdal, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, þennan öra vöxt því að fyrirtækið náði að



Ny vekst for Q-meieriene

Skyr, rømme og heilinjólk léfta salét for Q-meieriene i fjor. Salsveksten var på 12 prosent i 2013.

Bent Myrdal, framkvæmdastjóri Q-meieriene, með hið vinsæla skyr í hendi sem framleitt er samkvæmt uppskrift frá MS.

skapa sér sérstöðu, meðal annars

þúsund mjólkurkúm.

með því að hefja sölu á skyri sem sló í gegn í heilsuþylgu sem nú ríður yfir Noreg.

Skyrið var sett á markað árið 2009 og hefur nú tíu prósentu hlut af jógúrtmarkaðnum í Noregi. Sala þess jókst um heil 30 prósent frá árinu 2012 til 2013, eða um 34 milljónir norskra króna. Það samsvarar rúmlega 637 milljónum íslenskra króna.

Mjólkursamlagið, sem stofnað var árið 2000, rekur tvö samlög með um 180 starfsmenn og notar árlega mjólk sem kemur frá um tólf

Vilja íslenska fánann sem upprunamerki

– unnið hefur verið að málinu í á sjöunda ár án þess að ná framgangi

Í forsíðufrétt síðasta Bændablaðs kom fram að formaður Bændasamtakanna krefðist þess að þegar í stað yrðu innleiddar reglur um upprunamerkingar á öllum íslenskum landbúnaðarafurðum. Á undanförnum vikum og mánuðum hefðu komið upp mál þar sem íslenskir neytendur hefðu verið blektir með því að fyrirtæki hefði blandað erlendu hráefni saman við innlenda framleiðslu án þess að þess hefði verið getið á vörumbúðum. Það væri ólíðandi og við því yrði að bregðast.

Árið 2008 sóttust Bændasamtök Íslands fyrst eftir því að við forsætisráðuneytið að fá að nota íslenska fánann til að auðkenna innlendar landbúnaðarafurðir á markaði. Þrátt fyrir að vel hafi verið tekið í málið á sínum tíma hefur hvorki gengið né rekið við að afgreiða það á Alþingi. Er nú svo komið að málið hefur verið flutt í fjórgang án þess að hljóta afgreiðslu. Eins og sakir standa er frumvarp um notkun fánans sem vörumerkis til að auðkenna uppruna íslenskra vara til umfjöllunar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins. Ekki er vítað hver staða málsins er að öðru leyti.

Rætt við garðyrkjubændur um fánaröndina

Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, hefur sinnt málinu frá því það var fyrst sett fram af hálfu Bændasamtakanna. „Í stuttu máli má segja að menn hafi haft áhuga á að koma upp merki sem gæti aðgreint íslenskar búvörur frá innfluttum. Árið 2007 var byrjað að fara yfir það hvernig þessum málum



Sigurður Eypórsson

væri háttað í nágrannalöndunum en einnig var horft til þess merkis sem garðyrkjubændur höfðu komið sér upp, það er að segja fánarandarinnar. Ákveðið var að leita eftir því hvort hægt væri að útvíkka þá notkun á fleiri vörur. Niðurstaða garðyrkjubænda var sú að þeir vildu ekki heimila það, þeir töldu sig hafa lagt of mikið undir í markaðssetningu til að tefla því í tvísýnu og auðvitað höfðu þeir fullt vald til þess.“

Málið flutt í fjórgang

Sigurður segir að í kjölfar þess hafi sú hugmynd fljótlega kviknað að nota fánann sjálfan. „Við hófum viðræður við forsætisráðuneytið, sem fer með



Árið 2008 sóttust Bændasamtök Íslands fyrst eftir því við forsætisráðuneytið að fá að nota íslenska fánann til að auðkenna innlendar landbúnaðarafurðir á markaði.

málefni þjóðfánans, um málið. Því var vel tekið þar á bæ en málið gekk hins vegar ekki hratt. Síðan varð hrúnið 2008 og þá færðist málið neðst í bunkann. Það má auðvitað telja það eðlilegt miðað við þá stöðu sem uppi var. Við hins vegar héldum málinu vakandi og Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi forsætisráðherra, ýtti því áfram. Hún flutti tvisvar frumvarp í sinni ráðherratið um málið en í hvorugt skiptið varð það útrætt á Alþingi, það fór bara til fyrstu umræðu en kom aldrei úr nefnd.

Nú hefur málið í tvígang verið flutt sem þingmannafrumvarp og nú er það inni í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins. Vonandi tekst að klára málið svo það fái efnislega afgreiðslu í þinginu. Eins og frumvarpið litur út núna þá er nú gert ráð fyrir að hægt verði að nota fánamerkið á fleira en bara matvörur, en upphaflegar hugmyndir okkar stöðu eingöngu til þess. Við því er ekkert að segja, við höfum lagt áherslu á að mikilvægt sé að skilgreina vel við hvaða vörur þetta getur átt og það liggi skýrt fyrir hverjum sé ætlað að fylgja þessu eftir.“

–Hugmyndin sem hefur verið haldið á loft af hálfu Bændasamtakanna hefur verið sú að fánamerkið væri notað á innlendar búvörur. Hvaða afstaða hefur verið tekin varðandi vörur sem eru að stórum hluta úr innlendu hráefni en þá að einhverju leyti blandaðar erlendum hráefnum?

„Við höfum lagt áherslu á merkið yrði fyrst í stað notað á hreinar búvörur, það er að segja kjöt, hreinar mjólkurvörur og aðrar vörur sem eru á markaði eins og þær koma fyrir. Síðan stóð til að útfæra þetta í reglugerð, hvernig þetta ætti við um blandaðar vörur. Það var ekki komið svo langt að farið væri að velta upp hlutföllum. Matís vann að þessu með okkur og þessu var velt upp í þeirri vinnu. Það stóð alltaf til að þetta yrði merking sem væri valfrjáls og enginn yrði neyddur til að taka hana upp. Það var því fyrst horft til þess að setja þetta á þær vörur sem ekki væru blandaðar svo neinu næmi og þreifa sig síðan áfram

með málið hvað varðaði blandaðar vörur.“

Framleiðendur þreyttir á biðinni

–Nú eru að verða sjö ár síðan málinu var fyrst hreyft af alvöru. Hvaða afstöðu tóku framleiðendur því þegar þetta var rætt við þá og hver er staðan í dag?

„Við ræddum við mjög marga framleiðendur á sínum tíma, meðal annars alla þá stærstu í kjöti- og mjólk. Allir tóku þessu vel og tóku undir þá hugmyndafræði sem að baki liggur. Auðvitað hef ég heyrt það að vegna þess hversu langur tími er liðinn séu sumir farnir að gefa þetta upp á bátinn og vilja ekki biða lengur. Framleiðendur hafa sumir tekið til við að upprunamerkja sínar vörur með einhverjum öðrum hætti.“

–Hvað með kostnaðinn sem af þessu kann að hljótask? Hvernig hafa menn séð fyrir sér að honum yrði mætt?

„Hugmyndin sem sett var fram í upphafi gekk út á að haldið yrði utan um þetta miðlægt, hverjir hefðu leyfi til að nota fánamerkið og þeir aðilar myndu gangast undir ákveðið eftirlit. Hugmyndin hjá okkur var að fá Matís til þess að sinna því eftirlitshlutverki. Auðvitað útheimtir slíkt kostnað og það átti að innheimta með notkunargjöldum, til að standa undir beinhörðum rekstrarkostnaði. Það er ekki ljóst hvernig þetta yrði útfært í endanlegri mynd, ef málið fær framgang. Í frumvarpinu sem liggur fyrir í dag er gert ráð fyrir að ráðherra útfæri þessa hlut með reglugerð.“

Ekki til skýrari upprunamerking

–Hafa fyrirtæki haft samband til að kanna stöðu málsins nú að undanförmu, í ljósi þeirra fréttu sem birst hafa um innslutning á landbúnaðarafurðum og kröfu um upprunamerkingar? Telur þú að málið sé enn brýnna nú en verið hefur?

„Fyrirtæki hafa ekki haft samband vegna þessa að undanförmu. Ég held hins vegar að mörg þeirra séu að velta fyrir sér leiðum varðandi upprunamerkingar almennt og ég vil því benda á að þetta væri langbesta tækifærið til að taka upp kerfi sem væri samræmt, gæti orðið til að skýra uppruna vöru gagnvart neytendum og ég hvet framleiðendur til að horfa til þessara hugmynda. Það er ekki til nein skýrari upprunamerking en íslenski fáninn.“

MÆLT AF MUNNI FRAM

Þeir sem þessar línur lesa og þekkja eitthvað til **Magga Halldórs**, sem lagði undir sig síðasta vísnaþátt, vita að honum nægja ekki nokkrir dálksentimetrar. Magnús er kynjaður frá Vestfjörðum og af þeim sökum varð hann strax með nokkrum sérkennum um Suðurland og batt ekki bagga sína sem aðrir suður þar. Magnús orðar sjálfur vel sitt vestfirska upplag:

Þótt fari ég stundum vítt um völl með vestfirskum alkunnum slætti, þá framburður minn og framganga öll er fráleitt með sunnlenskum hætti.

Magnús er afburða hestamaður og hestar hans þrautrektaðir til reiðar. Ekki hefur það þó forðað honum frá meiðslum. Skammt er síðan Magnús hlaut beinbrot veruleg á báðum framhöndum. Slysasagan barst meðal annars **Kristjáni Ragnarssyni** sölumanni hjá Vélfangi, sem er oftlega ferða-félagi Magnúsar:

Brothættur við fáka fál, og fikt af þannig tagi. Vona bara að hafir hjálm svo hausinn tolli í lagi.

Magnús svarar:

Sjaldan ber á hausnum hjálm, held því áfram skaki. Ætíð mun ég iðka fál ef ég tolli á baki.

Ef glöggst er gáð sést að Magnús er ekki endilega að vísa til hestamennskunnar í svarvísu sinni, og því ofur eðlilegt að persónuhlífar vanti. Í annriki við sundlaugargæslu gefast þó annað slagði næðisstundir. Magnús tyllir sér niður með kaffikrús í hendi og hugurinn háttum bundinn reikar til horfinna daga þegar hann yrkir ljóðkorn þetta sem hann nefnir Söknuð:

Sem vængjablik vors í þeynum vaknar sú minning um stund, er unnumst við mest í meinum, en margan við áttum þó fund.

Þá flugum sem leiftur af ljósum, ég lagði þig nett undir mel. Við angan frá ilmandi rósum sem eyrina prýddi svo vel.

Ó væri ég aftur svo ungur með örlyndis nægum dug, og sæi þær brjóstabungur bál mér það kveikti í hug.

Við skyldum svo fljúga sem forðum og finna þá mýkstu grund. Fátt gæti gengið úr skorðum; gleðinnar notið um stund.

Ög þú myndir ljúflega liggja, láta mig dreyma um sinn. Ef mætti ég þvílíkt þiggja, þrautreyndi hesturinn minn.

Næstu tvær vísur Magnúsar tengjast hvorki hrossum né almenrri reiðlægni hans. Sennilega mætti finna í þeim örlitinn pólitískan brodd en þær eru svo skættingsfriar að varla verður til meins:

Öll mun senna aukast hörð í atgangi svo vaxi gróðinn. Rist munu sundur blómabörð, bara í von um lokasjóðinn.

Þung skal ýmsum þeirra gjörð, þannig kvikum jafnt sem dauðum. Meðan að ráða ríkir jörð reynist lifið örðugt snauðum.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



Fréttir

Ísafjarðarbær:

Átak í minkaveiðimálum

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur falið sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs að leggja fram áætlun um átak í minkaveiðum. Einnig óskar nefndin eftir því að bæjarstjóri kanni aðkomu ríkisins að veiðum á ref og mink, en frá þessu var greint á vefsíðu BB.

Æðarbændur hafa sem kunnugt er haft miklar áhyggjur af þessum málum og ekki síður af miklum uppgangi í refastofninum. Félag refa-

og minkaveiðimanna í Ísafjarðarbæ lagði t.d. fram skýrslu síðasta árs, fyrir umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar, en þar kom fram að mikil aukning í „refa- og minkastofni væri farin að valda vandræðum í æðavarp og í sauðfjárrækt. Því væri þörf á að fara í átak í minkaveiðum á árinu, t.d. með yfirferð með hundum og gildruveiðum.“ Töluvert hafi einnig verið kvartað yfir hrafn í og við æðavörp og gera þurfi eitthvað í málinu.



Hulda er hér með Dalmatíulambið nýrúið, en doppurnar skipta nokkrum hundruðum. Lambið fékk nafnið Sindra frá heimasætunni á Tyrfingsstöðum. Mynd / MHH

Dalmatíulamb á Tyrfingsstöðum

„Þetta lamb heitir Sindra og er úr heimaræktun. Faðir hennar heitir Ástríkur og er mórauður en móðirin er eins og hún á litinn, nema ekki eins mikið doppótt, hún heitir Skrauta,“ segir Hulda Brynjólfssdóttir, sauðfjárbóndi á Tyrfingsstöðum í Ásahreppi.

Hulda er með afar sérstakt og fallegt Dalmatíulamb í fjárhópnum sínum, eins og sést vel á ljósmyndinni. Hún og Tyrfingur Sveinsson, eiginmaður hennar, eru með 240 kindur á vetrarfóðrum.

„Það er orðið ansi algengt að

flekkóttar ær séu þó nokkuð doppóttar þegar þær eru nýrúnar, en svo hverfa þær (doppurnar) þegar ullin byrjar aftur að vaxa. Við erum ekki með margar flekkóttar, en eina eigum við sem er hreinhvít og svört. Aðrar eru með einhverjar doppur. Þetta er ekki eftirsóknarverður litur í ullarvinnsluna,“ bætti Hulda við. Þá má geta þess að hún er að læra að spinna í vetur og ákvað að hirða ullina af Sindru til að spinna úr. Þegar búið er að spinna úr henni verður bandið grátt á litinn og yrjótt, ekki doppótt. /MHH



Sæluathvarf – „Sveftunna“

Stærð: 4x2,2 m. Svefn- og seturými. Svefnherbergi: 2x2 m hannað fyrir eina stóra rúmdýnu. Bekkir og felliborð í seturými. Opanlegur gluggi í svefnrými, val um mismunandi glugga. Einföld og góð lausn til að auka gistirými á ódýran hátt. Tunnan er einnig fánleg sem Saunatunna eða Heitur pottur.

Hentar vel þar sem ekki er heitt vatn eða rafmagn. Hagstæð verð.

BLIKKÁS – FUNI
Smíðjuvegi 74 – 200 Kópavogi – Sími 515 8700
www.funi.is – www.blikkas.is



Einar Garðar Hjaltason, starfsmaður Kampa, við stórsekki fulla af úrvals rækjumjöli.

Rækjumjölsverksmiðja Kampa ehf. í Bolungarvík komin á skrið:

Framleiðir mjöl sem þykir henta afar vel fyrir mjólkurkúr og hænur og í fiskeldi

Rækjuverksmiðjan Kampi á Ísafirði nýtir alla rækjuskel sem til fellur við pillun á rækjunni í mjöl, sem þykir henta afar vel bæði í fiskeldi og fóðrun kúa, varphænsna og annarra dýra. Jón Guðbjartsson, stjórnarformaður Kampa, segir að nú sé unnið að markaðssetningu á rækjumjölinu m.a. til bænda.

Mjölið er framleitt í mjölverksmiðju Kampa sem er í hluta húsnæðis þar sem áður var frystihúsi Einarssonar í Bolungarvík. Verksmiðjan var sett upp fyrir um einu og hálfu ári. Einar Garðar Hjaltason, starfsmaður Kampa, segir að í verksmiðjunni sé framleidd ríflega eitt tonn af rækjumjöli á dag, en hráefnið sem kemur ferskt frá rækjuverksmiðjunni á Ísafirði sé allt unnið jafn óðum. Þannig sé hreinlætið við framleiðsluna eins og best verður á kosið. Þó um sé að ræða mjölverksmiðju, þá fylgi framleiðslunni enginn ólykt eins og fólk þekkti frá gömlu mjölverksmiðjunni í Bolungarvík. Hann segir að mjölið hafi til þessa verið selt í stórsekkjum sem eru 1.600 kg, en verið sé að skoða að selja mjölið einnig í litlum einingum.

Tafir vegna skorts á leyfi frá MAST

Jón Guðbjartsson segir að um sé að ræða úrvalsmjöl. Verksmiðjan hafi verið sett upp samkvæmt kröfum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Hins vegar hafi láðst að fá leyfi hjá Matvælastofnun MAST. Var því dröfið í að sækja um leyfi hjá MAST en Jón segir að umsókn hafi legið þar inni í eina fjórtán eða fimmtán mánuði án þess að vera svarað. Eftirlitsmaður hafi hins vegar stoppað framleiðsluna eftir að vart hafa orðið við mjöl frá verksmiðjunni hjá Föðurlöndunni í Reykjavík. Í framhaldinu tók MAST út verksmiðjuna í Bolungarvík og var í kjölfarið gefið grænt ljós á starfsemi og sölu á öllum afurðum sem framleiddar voru eftir 19. desember 2013. Eftir jákvæða niðurstöðu úr efnarannsókn á framleiðslu sem þá var á lager, aflétti MAST sölubanninu á eldri afurðir með bréfi sem dagsett er 17. janúar síðastliðinn. Í bréfinu segir meðal annars:

„Ekkert óeðlilegt er að finna í umræddum afurðum og því ekki tilefni til að banna notkun umrædds rækjumjöls. Bráðabirgðabannið er jafnframt fellt úr gildi.“

Jón segir að nú sé þeim ekkert að vanbúnaði að hefja markaðssetningu á þessu mjöli.

„Bann MAST var hins vegar búið að hrinda frá okkur viðskiptavinum og þess vegna höfum við þurft að



Rækjumjölið inniheldur m.a. náttúrulegt rautt litarefni sem hentar vel við laxeldi og í eggjaframleiðslu þar sem rauðan verður mun rauðari en ella.



Rækjumjölsverksmiðja Kampa er til húsa í sömu húsamastæðu og mjólkurvinnslustöðin Arna, sem framleiðir margvíslegar laktósafríar mjólkurafurðir. Mynd / HKr

safnað töluverðum birgðum.“ Hann segir að nú sé verið að skoða hvaða leiðir sé hægt að fara varðandi hagkvæma dreifingu til bænda og einnig sölu á mjölinu í litlum einingum.

Hentar vel með öðru fóðri

„Uppistaðan í mjölinu er 40% prótein, 20% margvísleg steinefni og síðan kalk. Þegar við vorum að undirbúa þessa verksmiðju náðum við í rannsóknir sem sýndu að við eldi á skepnum sem eru að vaxa hratt næðist betri nýting á korni í fóðri sem væri blandað að 10 hundraðshlutum með rækjumjöli. Þar fá skepnurnar margvísleg hliðarefni sem nauðsynleg eru. Rækjumjölið er því mjög gott efni fyrir landbúnaðinn.“

Hentar vel í landbúnaði

Jón segir að kúabændur hafi m.a. verið að kaupa af honum mjöl. Þá hafi menn verið að nota mjölið í laxeldi, ekki síst vegna náttúrulega

rauða litarefnisins sem í því er í stað þess að vera að nýta tilbúið litarefni. Hann segir einnig vera góða reynslu af því að nota mjölið við framleiðslu á hænueggjum. Skurnin verði mun sterkari og rauðan rauðari. Þetta geti því hentað eggjabændum vel og einnig þeim fjölmörgu sem ala hænur að gamni sínu í bakgarðinum.

Hluti af rækjuskelinni seld til kítínframleiðslu

Þó að ekki sé hægt að nýta alla rækjuskelina í rækjumjölið fer ekkert af skelinni til spillis.

„Við sigtum frá skelhólkinn utan af rækjuvöðvanum sjálfum en hann molnar ekki niður við þurrkunina. Þetta er síðan selt til Siglufjarðar til frekari efnavinnslu. Í þessum skelhluta er mikið af kítíni sem er verðmætt efni og er unnið í verksmiðju Róberts Guðfinnssonar,“ segir Jón Guðbjartsson. /HKr

Sprettur ÁBURÐUR

Taktu sprettinn...!

Minna ryk - meiri gæði - betri spretta

Áburðartegund	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	B	Fyrirframgreiðsla greitt fyrir 1. mars	Staðgreiðsla, greitt fyrir 15. maí	Greiðsludreifing
Sprettur N27	27	0,0		4,3	1,8				61.425	62.746	66.048
Sprettur N26+S	26	0,0		3,6	1,5	3,6			63.662	65.031	68.454
Sprettur 25-5	25	2,2		3,3	1,4	2,5			67.890	69.350	73.000
SELEN Sprettur 25-5+Avail+Selen	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0,002		70.680	72.200	76.000
Sprettur 26-13	26	5,7		1,3	0,5	2,0			75.220	76.838	80.882
Sprettur 27-6	27	2,6				2,0			69.954	71.459	75.220
SELEN Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	20	2,2	10,8	2,4	1,0	2,5	0,002		76.725	78.375	82.500
Sprettur 22-6-13	22	2,6	10,8			2,0			76.679	78.328	82.450
Sprettur 20-10-10	20	4,4	8,3	2,4	1,0	2,5			74.469	76.071	80.075
Sprettur 22-10-10	22	4,4	8,3			2,0			78.937	80.635	84.879
SELEN Sprettur 20-10-10+Selen	20	4,4	8,3	2,4	1,0	2,5	0,002		76.701	78.351	82.475
SELEN Sprettur 20-12-8+Selen	20	5,2	6,6	2,1	1,0	2,5	0,002		77.222	78.883	83.035
Sprettur 22-14-9	22	6,1	7,5			2,0			79.376	81.083	85.350
SELEN Sprettur 22-7-6	22	3,1	5,0	2,9	1,2	2,5			71.216	72.747	76.576
SELEN Sprettur 22-7-6+Selen	22	3,1	5,0	2,9	1,2	2,5	0,002		73.448	75.027	78.976
Sprettur 25-9-8	25	3,9	6,6			2,0			78.357	80.042	84.255
Sprettur 27-6-6	27	2,6	5,0			2,0			75.145	76.761	80.801
Sprettur 16-15-12	16	6,5	10,0	1,3	0,5	2,5			77.984	79.661	83.854
GARÐ-ÁBURÐUR Sprettur 12-12-20+Avail+Bór	12	5,2	16,6	1,1	0,6	7,2		0,02	98.278	100.391	105.675
Sprettur DAP	18	20,1							91.212	93.174	98.078
Sprettur Calciprill (kornað kalk)	0,0	0,0		36,4	0,1				30.006	30.652	32.265

Öll verð eru í íslenskum krónum pr.tonn og án vsk. Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Vesturland

Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
gsm: 862 5075
einargudmann@emax.is

Dalir

Sigurður Sigurbjörnsson
Búðardalur
gsm: 899 1976
sprettur@budardalur.is

Norðvesturland

Bændaþjónustan
Eymundur Þórarinnsson
Saurbæ, Skagafirði
gsm: 892 8012
saurbaer@saurbaer.is

Eyjafjörður

Þórarinn Ingi Pétursson
Grýtubakki 1
gsm: 899 3236
grytubakki@gmail.com

Norðausturland

Hallgrímur Hallsson
sími: 464 1067
gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is

Austurland

Steinn Björnsson
Pernunesi
gsm: 896 0314
steinnb@visir.is

Suðurland

Búaðföng
Lúðvík Bergmann
Stórólfsvöllum
sími: 487 8888
gsm: 896 9980
bu@bu.is



Önnur svæði

Skeljungur.is
Guðmundur Björnsson
gsm: 840 3061

Reykjavík

Aron Baldursson
sími: 444 3009
gsm: 840 3009
aron@skeljungur.is

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG 2014

1 Fyrirframgreiðsla, greitt fyrir 1. mars

2 Staðgreiðsla, greitt fyrir 15. maí

3 Greiðsludreifing / greitt fyrir 15. október
Í boði eru 7 jafnar vaxtalausar mánaðarlegar greiðslur með gjalddaga 1. hvers mánaðar frá maí til nóvember eða ein vaxtalaus greiðsla með gjalddaga 1. október 2014.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga

Dragist greiðsla fram yfir eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga. Öll verð eru án/vsk. og leggst 25,5% vsk. ofan á verð við útgáfu reiknings.

Eldsneyti, smurliur og aðrar rekstrarvörur á hagstæðum kjörum.
Kynntu þér málið!

www.skeljungur.is

 **Skeljungur**

Fréttir



Kristján Gunnarsson, fyrrum mjólkureftirlitsmaður, hefur verið ráðinn til starfa hjá Bústólpa á Akureyri. Mynd / MBb

Kristján ráðinn til Bústólpa

Kristján Gunnarsson, fyrrum mjólkureftirlitsmaður, hefur verið ráðinn til starfa hjá Bústólpa á Akureyri. Kristján mun sinna ráðgjöf til bænda á starfssvæði Bústólpa um mjólkurgæði og meðferð og þrif mjaltabúnaðar. Kristján hefur áratuga reynslu af störfum sínum sem mjólkureftirlitsmaður og býr yfir yfirgripsmikilli og einstakri þekkingu á því sviði. Þá hefur hann ritað fjölda greina og leiðbeininga um málefnið á starfsferli sínum og hefur reynst bændum afar vel í starfi.

Efla þjónustu við bændur

Greint er frá þessu á vefsíðu Bústólpa og jafnframt að það sé fyrirtækinu mikill fengur að fá Kristján til starfa. „Með tilkomu Kristjáns hyggjumst við efla enn frekar þjónustu okkar við bændur á svæðinu.

Margir halda að ég sé galinn

„Það halda margir að ég sé galinn, héldu að ég væri svo heilsutæpur að ég legðist fyrir og myndi hvorki hreyfa legg né lið framar,“ segir Kristján, en hann lét af störfum sem

mjólkureftirlitsmaður hjá MS á Norður- og Austurlandi í lok síðasta sumars.

Kristján hafði greinst með parkinson-veiki sem meðal annars olli því að langar ökuferðir sem fylgdu starfinu voru honum erfiðar. Um er að ræða 40% hlutastarf en hann er hlutlaus ráðgjafi sem bændur geta leitað til m.a. vegna vandamála ýmis konar sem upp kunna að koma á hans sérsviði.

„Ég er þakklátur Hólmgeiri, framkvæmdastjóra Bústólpa, fyrir að sýna mér þetta traust og hafa það álit á mér að hann vilji fá mig til starfa á þessum vettvangi,“ segir Kristján.

Kristján mun fyrst og fremst sinna ráðgjöf og þannig starfa við hlið núverandi DeLaval-þjónustumanna Bústólpa sem sinna viðhaldi og uppsetningu mjaltabúnaðar.

Bændum mun standa til boða að ræða við Kristján án gjaldtöku um atriði er varða mjólkurgæði, þrif og val þvottaefna svo eitthvað sé nefnt, en einnig munum við bjóða bændum að fá Kristján til stærri úttekta á mjólkurgæðum sérstaklega ef um viðvarandi háa líftölu, frumutölu eða friar fitusýrur er að ræða og þá gegn hóflegu gjaldi, segir enn fremur í frétt frá Bústólpa. /MPb



Rúnar Ísleifsson skógarverkfræðingur hefur verið ráðinn skógarvörður á Norðurlandi og mun hafa aðsetur á Vöglum, þar sem þessi mynd var tekin þegar haldið var upp á 100 ára afmæli Vaglskógar. Mynd / MBb

Rúnar Ísleifsson ráðinn skógarvörður á Vöglum

Rúnar Ísleifsson skógverkfræðingur hefur verið ráðinn skógarvörður á Norðurlandi frá og með 1. apríl næstkomandi með aðsetur á Vöglum í Fnjóskadal. Fjórir sóttu um og af þeim var Rúnar metinn hæfastur. Rúnar tekur við starfinu af Sigurði Skúlasyni, sem verið hefur skógarvörður á Vöglum frá 1987.


Rúnar er skógverkfræðingur að mennt. Hann lauk grunnnámi í skógrækt frá Östbóskolan í Värnamo í Svíþjóð 1986 og prófi í skógtækni frá sama skóla tveimur árum síðar. Árið 1989 lauk hann svo B.Sc.-prófi í skógverkfræði frá sænska landbúnaðarháskólanum í Skinnskatteberg. Hann hefur viðamikla reynslu af skógræktarstörfum hlerlendis og þá aðallega á Austur- og Norðurlandi. Hann var skógræktarráðunautur Skógræktar ríkisins á Austurlandi 1990–

1997, þá skógræktarráðunautur Héraðsskóga til 2002 þegar hann tók við framkvæmdastjórn Barra hf. á Egilsstöðum. Frá árinu 2005 hefur hann verið skógræktarráðunautur Skógræktar ríkisins með aðsetur á Norðurlandi.

Spennandi verkefni fram undan

Rúnar segir mörg spennandi viðfangsefni fram undan hjá Skógrækt ríkisins á Norðurlandi sem tengjast grisjun, viðarvinnslu og bættri aðstöðu á útivistarsvæðum. Rúnar hyggst á vormánuðum flytja búferlum ásamt fjölskyldu sinni frá Espihóli í Eyjafjarðarsveit og að Vöglum í Fnjóskadal. Hann er reyndar alinn upp í skóginum og þekkir hann betur en margir aðrir því faðir hans, Ísleifur Sumarliðason, var skógarvörður á Vöglum í 38 ár, frá 1949-1987. /MPb

Skóglendi á Íslandi



Ný vefsja yfir skóglendi á Íslandi:

Útbreiðsla ræktaðra skóga og náttúrulegs birkilendis

Ný vefsja yfir skóglendi á Íslandi er nú aðgengileg á vef Skógræktar ríkisins, skogur.is. Þar má sjá útbreiðslu bæði ræktaðra skóga og náttúrulegs birkilendis. Viðbrögð hafa verið góð, en allur almenningur getur nýtt sér nýju vefsíðuna.

Björn Traustason, sérfræðingur í landfræðilegum upplýsingum hjá Skógrækt ríkisins, hannaði og bjó vefsíðuna til og er hún nýkomin í loftið.

„Vefsja af þessu tagi er það sem koma skal í miðlun landupplýsinga. Í grunninn er þetta ekki ósvipað og til dæmis Google Maps, þ.e. landupplýsingar úr gagnagrunni, sem hægt er að þysja niður og skoða í nálægð,“ segir Björn.

Ræktuðum skógum er í vefsíðinni skipt niður í tvo flokka; eldri skóga og yngri skóga. Þeir eldri eru ávallt yfir 2 m á hæð og eldri en 15 ára gamlir, en yngri skógar eru yfirleitt undir 2 m á hæð og yngri en 15 ára. Náttúrulegu birkilendi er einnig skipt niður í tvo flokka, annars vegar birkiskóga sem eru yfir 2 m á hæð og birkikjarr sem er lægra en 2 metrar.

Flokkað eftir sveitarfélögum

Skóglendið er flokkað eftir sveitarfélögum þannig að þegar til að mynda er smelt á fláka fyrir birkikjarr innan ákveðins sveitarfélags birtast m.a. upplýsingar um flatarmál kjarrlendis innan þess alls. Það sama gildir um hina skóglendisflokkan. Björn segir að í undirbúningi sé vefsja þar sem hægt sé að skoða upplýsingar úr hverjum kortlögðum reit, bæði fyrir ræktaða skóga og náttúrulegt birkilendi.

„Núna getur fólk skoðað vefsíðuna með þessum hætti, valið tiltekin sveitarfélög og séð þá t.d. allan þann birkiskóg sem innan þess er,“ segir hann.

Undanfarin ár hefur farið fram mikil vinna í kortlagningu alls skóglendis á Íslandi, bæði ræktuðum skógum og náttúrulegu birkilendi. Þessum upplýsingum hefur verið



Höfuðborgarsvæðið í nýju vefsíðinni.



Björn Traustason, sérfræðingur í landfræðilegum upplýsingum hjá Skógrækt ríkisins.

safnað í samræmdan gagnagrunn við Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá. Ýmsir aðilar senda inn upplýsingar um gróðursetningar trjáplantna á hverju ári og eru landshluta-verkefni í skógrækt þar stærst, auk skógræktarfélaga um land allt.

„Með því að koma okkur upp vefsíðinni erum við að miðla upplýsingum um skóga Íslands áfram til almennings og gera þær aðgengilegar og vonandi þykir fólki það áhugavert. Fyrstu viðbrögð lofa góðu, þau hafa verið mjög jákvæð,“ segir Björn.

Almenningur getur komið upplýsingum á framfæri

Hann segir að vissulega vanti upp á að öllu sé til haga haldið

varðandi skógrækt á Íslandi, en sem dæmi skorti enn ýmsar upplýsingar um einkaskógrækt, t.d. á sumarbústaðasvæðum.

„Við yrðum mjög ánægð ef fólk sem skoðar vefsíðuna og sér að skógræktarsvæði sem því viðkemur og er ekki merkt inn hjá okkur, léti vita. Þá hefðum við tækifæri til að bæta úr og laga, það er einmitt það sem við viljum og erum að leita að farvegi svo allur almenningur geti á auðveldan máta komið á framfæri við okkur slíkum upplýsingum,“ segir Björn.

Þá nefnir Björn að grunnmyndirnar í vefsíðinni séu gervitunglamyndir, stundum teknar í mikilli hæð, allt að 500 kílómetrum.

„Við höfum ekki tækifæri til að eiga við þessar myndir og það má vera að fólk taki eftir skekkjum þegar það skoðar myndirnar þar sem staðfræðilegri nákvæmni þeirra er stundum ábótavant. Þannig að ekki er ólíklegt að ár og lækir, hús og annað á einstaka jörðum komi ekki alveg hárrétt út, en ég vona að með tíð og tíma verði settar inn nýjar myndir með betri staðfræðilegri nákvæmni. “ segir Björn.

Vefsíðin og landupplýsingagögnin eru í umsjá Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá. Vefsíðin er byggð á ESRI-hugbúnaði og myndgögnin lagskiptar gervitunglamyndir með mismunandi upplausn eftir mælikvarða. /MPb

Samstarfsverkefni þýskra og íslenskra stjórnvalda:

Aukið matvælaöryggi á Íslandi

Samstarfsverkefni þýskra og íslenskra stjórnvalda, sem nefnist Öruggr matvæli, hefur nú verið hrint úr vör. Megintilgangur verkefnisins er að auka matvælaöryggi og neytendavernd á Íslandi með því að auka vöktun á óæskilegum efnum í matvælum.

Í fréttatilkynningu frá MAST segir að „Öruggr matvæli“ geri íslenskum yfirvöldum, Matvælastofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna betur kleift að framfylgja löggjöf um matvælaöryggi og neytendavernd,

sem hefur nú þegar verið innleidd í gegnum EES-samninginn.

„Verkefnið felur í sér kaup og uppsetningu á rannsóknatækjum og þjálfun í faggiltum efnagreiningum og eftirlitsstörfum. Með bætum tækjabúnaði verður hægt að framkvæma mun fleiri mælingar innanlands en nú er s.s. mælingar á þörungaeitri í skelfiski og mælingu 300 varnarefna í matvælum í stað þeirra 60 sem nú eru mæld.“

Öruggr matvæli var upphaflega hluti af IPA-áætlun vegna

aðildarviðræðna Íslands við ESB en hefur nú verið hrint í framkvæmd í formi tvíhliða verkefnis milli þýskra og íslenskra stjórnvalda.

Verkefnið er unnið í samvinnu Matís, Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Bundesministerium für Ernährung und Landwirtschaft (BMEL), Bundesinstitut für Risikobewertung (BfR) og Niedersächsisches Landesamtes für Verbraucherschutz und Lebensmittelsicherheit (LAVES) í Þýskalandi.

Skil á upplýsingum vegna skattframtals **2014**

Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2014 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar** 2014

▶ **Launamiðar og verktakamiðar**

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar.

▶ **Bifreiðahlunnindamiðar**

Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólks-bifreiðar.

▶ **Hlutfjármiðar**

Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutfélög, samvinnuhlutafélög og sparisjóðir.

▶ **Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf**

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu,

umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf og önnur verðbréf.

▶ **Bankainnstæður**

Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar.

▶ **Lánaupplýsingar**

Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunar-leigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.

▶ **Stofnsjóðsmiðar**

Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

▶ **Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit**

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

▶ **Greiðslumiðar – leiga eða afnot**

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

▶ **Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**

Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

▶ **Fjármagnstekjumiði**

Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila þessum miða og tilgreina þar sundurliðun á mót-takendum og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða smærri innheimtu-aðila, t.d. lögfræðistofur. Þessum miða er eingöngu hægt að skila rafrænt.


Vakin er athygli á launamiðareit nr. 405, þar sem færa skal **ípróttu- og líkamsræktarstyrki**.

Einnig er vakin athygli á launamiðareit nr. 410, þar sem færa skal **samgöngustyrki**.

Minnt er á að upplýsingum um **húsnæðishlunnindi** skal skila á launamiða. Húsnæðishlunnindi eru allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 31. des. 2012, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi. Sjá nánar í lið 2.8 í skattmati ríkisskattstjóra vegna tekjuársins 2013.

Athugið að sameignarfélög og samlagsfélög eiga að skila stofnsjóðsmiða með upplýsingum um eignarhluti eigenda og úttekt af höfuðstól.

Fréttir



Guðni Ágústsson, framkvæmdastjóri SAM:

Ekki vandamál, bara verkefni og lausnir

Nýtt ár er gengið í garð með öll sín tækifæri, lausnir og sigra. Vandamál eru ekki til, sagði hjartsynismaðurinn, bara verkefni og lausnir.

Íslenskir bændur, mjólkuriðnaðurinn og Mjólkursamsalan hafa verið í umræðunni eftir áramótin vegna þess að flutt var inn írskt smjör til að mæta því að birgðir á fitu eða smjöri voru í lágmarki og annaðhvort varð MS að láta vanta vöru fyrir jólin og þá í smurostum því engum datt í hug að láta skorta smjör eða rjóma.

Það vantaði smjör vegna þess að kýrnar mjólkðu minna á rigningarsumri sunnanlands og mikil neyslubreyting átti sér stað meðal þjóðarinnar og smjör sala stórkjóst af mörgum ástæðum og ekki síst vegna þess að lækna viðurkenna nú hreina náttúruafurð eins og smjör og setja það á ný í hollustuflokk miðað við aðra fitu. Svo voru allir kolvetna- og megrunarkúrarnir þar sem sykur er orsök óhollustunnar en fitan úr dýraríkinu talin af því góða.

Írski smjörið fyllti mælinn

Við skulum viðurkenna að miðað við neytendaumræðu dagsins hér heima og erlendis var eins og írski smjörið hafi fyllt mælinn. Bændurnir ósáttir við okkur í mjólkuriðnaðinum og svo koma margir inn í umræðuna í öðrum tilgangi. Hrossakjöt í ESB í staðinn fyrir nautakjöt og franska og ítalska hneykslið eða kjötbökurnar kjötlausu í Borgarnesi.

Nú hefur Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, sett deilumálið í farveg þar sem ýmsir aðilar eru kallaðir að stefnumótun um uppruna og rekjanleika landbúnaðarafurðanna. „Hver framleiðir matinn minn.“ Margar kjötvinnslur eða afurðastöðvar hafa merkt allar innfluttar kjötvörur lengi, svo sem hakk, svínasiður eða nautalundir. Það gerir Kjarnafæði og aðrir lýsa nú yfir að þeir muni fylgja þessari línu. Ég heyri að afurðastöðvar bænda eru tilbúnar að fara þessa leið og því ber okkur að fagna þessari stefnumótun.

Nóatún merkir kjötbörðið sitt fánalitum og segir neytandanum að þar sé eingöngu íslenskt kjöt. Mjólkursamsalan með sitt hreina merki og mikla vöruúrval á auðvelt með að fylgja þessari línu þá eða að merkið er tákn um að íslensk mjólk er eingöngu á bak við merkið. Og þurfi aftur að flytja inn smjör – sem ég tel ólíklegt – yrði sú vara sérmerkt.

Tollar og opinber verðlagning

Svo verða bændur að muna

að verslun og þjónusta eru í umræðunni í öðrum tilgangi, þeim finnst líklegt að hægt sé að sundra liðsheildinni og að tollar verði einhliða felldir niður eða lækkaðir til að auðvelda innflutninginn sem er þeirra hjartans mál. Enda snýr þeirra eftirspurn eftir „kjörkuðum“, stjórnmálamönnum eins og þau orða það, sem hrinda kerfinu.

Svo er hin opinbera verðlagning annað, en hún er á nokkrum vörum, svo sem mjólk, rjóma, smjöri og ostum. Alþingi lögfesti það fyrirkomulag 2004 ekki síst til að tryggja samkeppni í smávöruverslun og stuðla að því að meðalstórar og smærri verslanir ættu áfram sinn tilverugrundvöll. Einnig til að tryggja framboð þessara dagvara á sama verði um land allt og í litlum og stórum matvöruverslunum, og að bændur, hvar sem þeir búa, fái sama verð fyrir sína mjólk. Ég minnst þess að eigendur smærra verslana sögðust loka búðinni ef þeir stóru fengu þessar dagvörur á hinum stóra afslætti sem frjáls verðlagning kallar fram hér á landi. Ég tel reyndar að opinber verðlagning með fulltrúa launþega, bænda afurðastöðva og ríkisins hafi reynst gegnsæ í vinnubrögðum og sanngjörn bæði neytendum og bændum.

Ég er að fullu sannfærður um þessi afstaða og ákvörðun meirihluta Alþingis 2004 hafi bæði verið á rökum reist og einnig gefið góða raun fyrir neytendur og bændur. Því til staðfestingar er hægst að vitna í niðurstöður rannsóknavinnu Samkeppnisýfirvalda sem birtust í tveimur skýrslum stofnunarinnar, Matvörumarkaðurinn Verðlagsþróun í smásölu 1996 til 2000 (1/2001) og í skýrslu um Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði (2/2012). Þar má lesa bæði með beinum og óbeinum hætti, að ákvörðun um opinbera verðlagningu var að fullu réttmæt – auk þess sem þar má greina á niðurstöðum, að aðstæður á smásölumarkaði dagvara hafa lítið breyst á umræddu tímabili 1996–2011, nema í þá átt að hinir stóru verða stærri.

Í hagræðingarstarfi sínu síðustu árin hefur mjólkuriðnaðurinn lækkað árlegan vinnslukostnað um 2 milljarða kr., sem svarar til 20 kr. á lítra nýmjólkur eða um 200 kr./kg ost. Þessi ávinningur hefur gengið til neytenda í gegnum heildsöluverð mjólkurvara og til bænda í gegnum mjólkurverð til þeirra. Umræðan er af hinu góða og nú er upprunamerkingin komin í góðan farveg og neytendur og bændur horfa fram á veginn til komandi verkefna.



Bjarni Stefánsson, loðdýrabóndi í Túni í Flóa, var stoltur og ánægður eftir að hafa tekið fyrstu skóflustunguna að nýrri byggingu Fódurstöðvar Suðurlands. Myndir / MHH

Reisa 100 milljóna króna fódurstöð í Flóahreppi

Fimmtudaginn 16. janúar tók Bjarni Stefánsson, loðdýrabóndi í Túni í Flóa og stjórnarformaður Fódurstöðvar Suðurlands, fyrstu skóflustunguna að nýrri byggingu stöðvarinnar sem verður í Heiðargerði í Flóahreppi, við hlið Kjötmjólsverksmiðjunnar.

Þetta er gert á 30 ára afmæli Fódurstöðvarinnar, en nýja byggingin, sem verður um 500 fermetrar, verður tekin í notkun í vor. Starfsemin, sem er nú á Selfossi, flyst því í Flóahrepp. Í dag þjónar stöðin níu loðdýrabúum en framleiðslan er um 2.500 tonn á ári af fódri, þar af eru um 2.000 tonn lifrænn úrgangur.

„Okkur list mjög vel á að flytja starfsemina í Flóahrepp. Við höfum fengið mjög góðar viðtökur hjá sveitarstjórn og íbúum, þannig að



Loðdýrabændur og sveitarstjóri Flóahrepps, Margrét Sigurðardóttir (í miðjunni) mættu að sjálfsögðu við fyrstu skóflustunguna.

tilfinningin fyrir flutningum er mjög góð. Fyrirtækið hefur verið rekið á sömu kennitölunni þessi 30 ár og starfsemin gengur mjög vel enda erum við með úrvals starfsfólk og góða viðskiptavinum,“ sagði Bjarni. Kostnaðurinn við nýju bygginguna er áætlaður um 100 milljónir króna. /MHH

Verktakafyrirtækið Arnon í Hveragerði sér um jarðvegs-vinnu og byggingu nýja hússins. Hér til hægri er Helgi Ársælsson, grófumaður fyrirtækisins.



Torfi Áskelsson, framkvæmdastjóri fódurstöðvarinnar, festi fyrstu skóflustunguna á mynd enda stórvíburður á 30 ára afmælisári stöðvarinnar.

Fróðleiksmolar um hrossabeit

Landgræðslan hefur gefið út bæklinginn Fróðleiksmolar um hrossabeit, en í honum er fjallað um ýmis atriði er varða beitarstýringu og velferð hrossa og lands. Í bæklingnum er farið yfir hvaða einkenni þarf að hafa í huga þegar ástand hrossahaga er metið.

Þar er einnig ástandsskali þar sem hrossahögum er skipt í flokka frá 0–5 eftir ástandi og einkennum og myndir því til skýringa.

Þessi ástandsflokkun birtist fyrst í ritinu Hrossahagar, sem gefið var út 1997. Einnig eru leiðbeiningar um úrbætur, sé þeirra þörf. Tilgangurinn með útgáfu fróðleiksmolanna er að auðvelda hestamönnum að meta ástand sinna hrossahaga og stuðla þannig að bættri landnýtingu.

Hægt er að nálgast bæklinginn á vefsíðu Landgræðslunnar, land.is og einnig á héraðssetrum hennar.



Hross kroppar í snjóinn í ætisleit eftir óveður í Mývatnssveit. Mynd / Mþþ



EVANS hreinlætisvörurnar eru nú fáanlegar í Rekstrarlandi

EVANS hefur verið eitt fremsta hreinlætismerkið í næstum heila öld, þegar kemur að landbúnaði, verksmiðju- og iðnaðarhreingerningum.

EVANS línán hentar mjög vel fyrir kúa-, svína- og alifuglabændur, sem og fisk- og matvælavinnslur. Vörurnar eru unnar eftir vottuðum aðferðum skv. ISO gæða- og umhverfisstöðlum.

Rekstrarland mun leggja mikla áherslu á að þjónusta núverandi kaupendur **EVANS** vara með sem allra bestum hætti. Einnig verður sérstaklega vel tekið á móti nýjum viðskiptavinum.

Aðrir dreifingaraðilar: Olís útibú, Fóðurblandan, KB – Búrekstrardeild, Borganesi, Þrif og ræstivörur, Akureyri og Pálmi Ragnarsson – Garðakoti, Skagafirði.



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Ölfuverzlunar Íslands hf.



REKSTRARLAND



...frá heilbrigði til hollustu

Áhættumiðað eftirlit

Í síðasta pistli Matvælastofnunar kom fram að færra fólk mun framkvæma eftirlit á sveitabæjum en hingað til. Sex nýir starfsmenn munu sinna eftirliti sem áður var unnið af tæplega 40 búfjárefstirlitsmönnum. Ekki verður farið í eftirlit á hvern bæ eins og tíðkast hefur og mun Matvælastofnun beina eftirlitinu þangað sem mest er þörfin, með tilliti til velferðar dýra og matvælaöryggis, þ.e. áhættumiðað eftirlit. Á árinu mun stofnunin vinna að áhættuflokkun í alifugla-, svína, nautgripa-, sauðfjár-, hrossa og loðdýrahaldi og byggja eftirlitið frá árinu 2015 á þeirri flokkun.

Á þessu ári verður að beita annarri nálgun til að ákveða hvar mesta þörfin er á eftirliti. Tekið verður mið af þekktri sögu búskapar á viðkomandi bæ, svo sem niðurstöðum skoðunar búfjárefstirlitsmanna, niðurstöðum úr heilbrigðisskoðunum í sláturhúsum, fyrri afskiptum stofnunarinnar og svo framvegis. Auk þess mun stofnunin afla upplýsinga hjá þeim sem starfa sinna vegna hafa skyldur til að tilkynna um illa meðferð á dýrum, sbr. lög um velferð dýra, en þar segir m.a. „Sérstaklega er dýralæknum og heilbrigðisstarfsmönnum dýra skyld að fylgjast með meðferð dýra, aðbúnaði dýra, aðgerðum og meðhöndlun dýra, dýrahaldi, aðferðum við dýrahald og útbúnaði dýra eftir því sem við verður komið og gera Matvælastofnun viðvart ef ætla má að aðstæður dýrs séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. 8. gr. Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.“

Slæmbiurtak og umbun

Auk þekktar sögu tiltekinna bæja mun stofnunin framkvæma eftirlit 2014 á grundvelli slæmbiurtaks. Allir geta því átt von á eftirliti. Allir sem fá eftirlit þurfa að greiða fyrir framkvæmd þess. Því kann það að hljóma óréttlátt að bændur sem lenda í slæmbiurtaki 2014 þurfi að greiða en ekki hinir sem „sleppa“ við eftirlit á árinu. Því er til að svara að það mun jafnast út næstu árin, ef búskapurinn reynist standast lög og reglur þá fær viðkomandi ekki eftirlit fyrr en að einhverjum árum liðnum. Þetta er kallað „frammiðstöðuflokkun“ sem er hluti af áhættuflokkuninni. Þeir sem eru með „fyrirmyndarbúskap“ munu fá helmingi minna eftirlit en meðal bú er talið þurfa samkvæmt áhættuflokkun en „búskussarnir“ fá helmingi meira eftirlit. Þannig fá fyrirmyndarbændur fjárhagslega umbun næstu árin (sleppa við eftirlit) og eftirlitinu verður meira beint að þeim sem ekki standa sig. Það er því til nokkurs að vinna að vera til fyrirmyndar, ferfætlingum og tvífætlingum liður betur á fyrirmyndar búum og slík bú ættu að geta markað sér betri stöðu á markaði með sínar afurðir.

Eftirlit felst í því að ganga úr skugga um að viðkomandi búskapur uppfylli þá löggjöf sem gildir um starfsemina. Mikilvægt er að bændur þekki skyldur sínar og áriðandi að hagsmunasamtök þeirra stuðli að aukinni þekkingu í sérhverri búgrein. Í gegnum árin hefur eftirlitsmaðurinn (héraðsdýralæknir eða búfjár-eftirlitsmaður) verið hálfgerður ráðgjafi bænda um leið og hann framkvæmdi eftirlitið. Nú er þetta óheimilt, en eftirlitsmanni er þó heimilt að fræða og leiðbeina á almennan hátt. Ráðgjöf sækja bændur til sinna dýralækna og/eða Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Tvær skýrslur og andmælaréttur

Niðurstöður eftirlits Matvælastofnunar eru færðar í gagnagrunn og kveður vinnuregla á um að skoðunarskýrslur séu sendar (t-póstur) bændum innan við viku frá því eftirlit var framkvæmt. Skoðunarskýrslur í frumframleiðslu eru tvær, annars vegar skýrsla vegna framleiðslu matvæla og föðurs og hins vegar skýrsla vegna dýraheilbrigðis og velferðar. Ástæðan fyrir aðskildum skýrslum er aðgreining milli þeirrar löggjafar sem liggur til grundvallar. Bændur fá sem sagt tvær skýrslur og er veittur 2ja vikna frestur til að andmæla innihaldi þeirra og kröfum sem þar kunna að vera settar fram um úrbætur. Þetta er gert til að uppfylla ákvæði stjórnsýslulaga um að þegnum sé gert kleift að tjá sig áður en stjórnvald tekur ákvörðun. Ákvörðun Matvælastofnunar (kröfur um úrbætur) kemur síðan fram í endanlegum skoðunarskýrslum sem sendar eru bændum að tveimur vikum liðnum.

Við eftirlit eru tiltekin atriði skoðuð og metið hvort þau uppfylla ákvæði laga og reglugerða. Ef svo reynist ekki vera þá metur eftirlitsmaður hversu alvarlegt atvikið er og gefur því einkunnina „frávik“ eða „alvarlegt frávik“. Í grófum dráttum má segja að alvarlegt frávik þýði að málinu verði fylgt fast eftir og endar með stöðvun starfseminnar eða að dýr verði fjarlægð verði ekki brugðist við með fullnægjandi úrbótum. Frávikum er einnig fylgt eftir en úrbótum er gefinn meiri tími og afleiðingar eru ekki eins alvarlegar.

Undanfarin misseri hefur ofangreindu fyrirkomulagi verið beitt í eftirliti hjá öllum matvælaframleiðendum og nautgripabændum en öðrum bændum verður þetta framandi. Öll erum við að feta okkur áfram í nýju umhverfi opinbers eftirlits, nýtt fólk og nýtt verklag sem krefst þolinmæði og tillitssemi. Vonandi slípast þetta í framtíðinni á þann veg að allir geti vel við unað, matvælaöryggi og velferð dýra til framdráttar.

Sigurborg Daðadóttir, yfirdýralæknir



Húsnæði Moltu ehf. í Eyjafirði.

Fjárhagslegri endurskipulagningu á Moltu ehf. í Eyjafirði er lokið

Fjárhagslegri endurskipulagningu Moltu ehf. í Eyjafirði lauk nú nýverið, að því er greint er frá á vefsíðu Byggðastofnunar.

Félagið náði samkomulagi við stærstu kröfuhafa, sem hafa nú endurskipulagt fjárhag félagsins.

Eftir endurskipulagninguna eru Flokkun ehf. og Byggðastofnun stærstu hluthafar félagsins. Sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu eiga þó yfir helming hlut, ýmist beint eða óbeint í gegnum eignarhlut í Flokkun ehf.


Afkastar 10–13 þúsund tonnum

Mikil þörf er fyrir starfsemi Moltu ehf. á svæðinu, en félagið vinnur moltu úr lífrænum úrgangi.

Stöðin, sem var formlega opnuð í ágúst 2009, er ein stærsta jarðgerðarstöð sinnar tegundar

í Evrópu og er ætlað að taka á móti lífrænum úrgangi á Akureyri, af Eyjafjarðarsvæðinu og úr Suður-Þíngeyjar-sýslu.

Afka stöðvarinnar er 10–13 þúsund tonn en nú fara um fimm þúsund tonn af lífrænum úrgangi árlega í gegnum jarðgerðarstöðina, þar af tæp tvö tonn af sláturúrgangi og 1,2 tonn af lífrænum úrgangi frá heimilum á svæðinu.



Á súlunni lengst til vinstri eru markmið Landsáætlunar um urðun (blátt) og endurvinnslu úrgangs (grænt) árið 2013. Hinar súlurnar sýna niðurstöðuna á Norðurlandi árið 2011, en rautt merkir brennsla.

Hægt að stunda skógrækt með góðum árangri í Húnavatnssýslum:

Búið að gróðursetja í rúmlega helming 1.900 hektara skógræktarsvæðis

Húnavatnssýslurnar fóru illa út úr skógareyðingu fyrri alda en hafa blessunarlega verið lausar við hina miklu gróður- og jarðvegseyðingu sem eytt hefur öllum gróðri og jarðvegi á stórum svæðum á Íslandi. Bergsveinn Þórsson, svæðisstjóri Norðurlandsskóga í Skagafirði og Húnavatnssýslum, fjallar um skógrækt í grein á vef Norðurlandsskóga og segir þar að ekki sé með vissu hægt að tímasetja hvenær síðustu náttúrulegu skógarnir hafi horfið úr sýslunum. Seinni hluta 20. aldar hafi heimamenn stundum talað um „tréð“ í Vatnsdalnum, en á þeim tíma hafi varla verið um annað tré að ræða í öllum Húnavatnssýslum en eina reynihríslu sem óx hátt uppi í grjóturð í Vatnsdalsfjalli.

„Þessi reynir stendur þarna enn og svo illfært er að hríslunni að hvorki menn né kindur geta sótt í hana með góðu móti,“ segir Bergsveinn í grein sinni en getur þess að þegar kom fram yfir aldamótin 1900 hafi áhugi margra á að reyna trjáækt vaknað. Húnvetningar plöntuðu margir hverjir trjá heima við hús þegar liða fór á öldina og einnig urðu til nokkrir skógarreitir í eigu ungmennafélaga, einstaklinga og skógræktarféлага. Skógræktin hafi þó verið fremur smá í sniðum ef frá er skilinn skógurinn á Gunnfríðarstöðum á Bakásun.

1900 ha teknir undir skógrækt

Nú hafa 27 jarðir í Húnavatnssýslum gert samning við Norðurlandsskóga og alls hafa um 1.900 ha verið teknir til skógræktar. Búið er að gróðursetja í rúmlega helming þessa svæðis, eða um 1.000 ha. Allar helstu trjátegundir sem reynst hafa vel í skógrækt á Íslandi hafa verið gróðursettar en mest hefur verið plantað af lerki og birki.

„Nú kann að vera að einhverjir sem ekki hafa kynnt sér kosti skógræktar telji að þarna sé verið að þrengja að hefðbundnum landbúnaði en svo er ekki. Húnavatnssýslurnar er láglandar og vel grónar, land undir 400 m hæð yfir sjávarmáli er alls um 304.000 ha svo þeir tæplega 2.000 ha sem er búið að taka undir skógrækt er



Bjarni E. Guðleifsson er hér við reynihrísluna í Vatnsdalsfjalli. Myndin er tekin fyrir um áratug. „Þessi reynir stendur þarna enn og svo illfært er að hríslunni að hvorki menn né kindur geta sótt í hana með góðu móti,“ segir Bergsveinn Þórsson, svæðisstjóri Norðurlandsskóga í Skagafirði og Húnavatnssýslum, í grein um stöðu skógræktar í Húnavatnssýslum.

eins og pálmatré í Sahara, snjókorn á jökli, dropi í hafi, Íslendingur í Kína,“ segir Bergsveinn.

Hann nefnir að veðurfar í Húnavatnssýslum hafi verið nefnt sem ástæða fyrir því að sleppa skógrækt í Húnavatnssýslum og vissulega sé það rétt að sýslurnar myndu seint teljast með heitustu svæðum landsins. Bergsveinn hefur skoðað hitafarsgögn fyrir sumarmánuðina fimm, tímabilið frá maí og til loka september, en þeir skipta mestu varðandi vöxt trjágróðurs.

Hiti fer hækkandi

Tímabilið sem hann skoðaði er

frá árinu 1982 til 2012 og fer hiti hækkandi eftir því sem liður á, eða nálægt 1,5 °C frá 1982 og er meðaltal þessara fimm mánaða nú nálægt 8,7 °C. „Ef leitnin er reiknuð á sama hátt fyrir Akureyri sést að hitinn hefur líka hækkad þar og er nú nálægt 9,4 °C fyrir þessa fimm mánuði,“ segir Bergsveinn í grein sinni. Þar í bæ var hitinn í kringum 8,7 °C árið 1990 líkt og hann er nú á Blönduósi. Á þeim tíma hafði skógrækt í Eyjafirði verið styrkt í áratug, því talið var að á því mætti rækta skóg með góðum árangri. Húnvetningar standi nú í sömu sporum, en bæði hitatölur og reynsla sýni að hægt sé að stunda skógrækt með góðum árangri í Húnavatnssýslum.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300



Allt annað líf með Femarelle undraefninu – er loksins verkjalaus!

Mig langar að deila með ykkur reynslu minni af notkun Femarelle.

Mér hafði ekki liðið nógu vel í svolítinn tíma, ég er á lyfjum við sykursýki og vegna veikinda í skjaldkirtli. Ég hafði þungst vegna lyfjanna og hef ég einnig verið með gigt og haft verki vegna þess. Mér fannst óþægilegt að vera of mikið innan um fólk, ég var orðin svolítið þunglynd af vanlíðan. Mér fannst ekki gott að vera innan um hávaða og var því mjög mikið að einangrast frá félagslífi.

Vegna sykursýkinnar og skjaldkirtilssjúkdómsins, þá hef ég svitnað mjög mikið þó ég hafi ekki verið í áreynslu. Það var þannig að ég þurfti að skipta um bol þrisvar á dag, og var ég líka alltaf sveitt á höfðinu.

Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, ég vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Ég las umfjöllun í blaðinu um Femarelle, og leist vel á að prófa náttúrulega og hormónalaus meðferð sérstaklega þar sem ég sá að þau geta linað verki.

Ég hef núna notað Femarelle undanfarna mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf!



Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn, fer einnig í sund á hverjum degi og sæki félagsvistina og fer í bingó vikulega.

Mér er hætt að verkja um allan líkamann og ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því að ef ég er með verk, þá tek ég aukalega af því. En eftir að ég hafði verið á Femarelle í um það bil 6 mánuði þá fann ég að ég er hætt að svitna eins og ég gerði daglega, og get núna verið í sama bolnum allan daginn. Mjög mikill léttir fyrir mig.

Svo er það besta við þetta að núna segja börnin mín og tengdabörn að ég sé orðin svo lífleg og hress, mér finnst mun meira gaman að því að hitta barnabörnin mín, því ég get veitt þeim betri athygli. Ég hef að auki misst 11 kíló án þess að reyna það, vegna þess að mér líður betur og ég get hreyft mig óhindrað.

Ég er svo ánægð með Femarelle hylkin, mér líður svo vel af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar.

Takk fyrir kærlega,
Eva Ólöf Hjaltadóttir

Fann mun á líðan eftir aðeins nokkra daga notkun



Guðrún
Jóhannsdóttir

Ég var komin á breytinga-skeiðið og áttaði mig á því þegar ég var orðin grátgjörn og fljót að æsa mig við börnin mín sem áttu það svo sannarlega ekki skilið. Einnig var ég komin með hitakóf og svitnaði mikið á næturnar.

Ég heyrði af Femarelle fyrst hjá vinkonu minni, þessu undraefni.

Ég sé sko sannarlega ekki eftir því í dag, en ég fór strax og keypti mér pakka. Eftir aðeins nokkra daga notkun, fann ég mikinn mun á minni líðan, nú er ég í meira jafnvægi, svitaköstin urðu fljótlega færri og fæ þau ekki lengur.

Ég er búin að taka þetta núna í nokkurn tíma, og ég þakka fyrir hvern dag eftir að hafa fundið þessi frábæru hylki.

Mér líður mjög vel í dag og þakka það Femarelle.

Takk fyrir, Guðrún Jóhannsdóttir,
bakvinnslustarfsmaður og bóndi.

Tómatataflan Ateronon

- Náttúrulegt innihaldsefni, Lycopene
- Unnið úr tómötum og rauðum ávöxtum.
- Hamlar oxun á LDL kólesteróli í blóði
- Bætir blóðflæði um líkamann
- 1 hylki á dag
- Próað af sérfræðingum hjá Harvard læknadeild og Cambridge háskólanum.



Umsagnir sérfræðinga:

„Algjörlega ný leið í meðferð á háu kólesteróli.“

Prófessor Anthony Leeds
Stjórnarmaður í HEART UK

„Ateronon virðist hafa áhrif á efnaskipti og LDL kólesteról á allt annan hátt en hefðbundin andoxunarefni. Það er vegna þessarar virkni sem Ateronon lofar góðu í baráttunni við að minnka hættuna á hjarta og æðasjúkdómum til langs tíma.“

Dr. Howard Sesso
Aðstoðarprófessor í læknisfræði við
Harvardháskóla í Boston.

Bio Kult Pro-Cyan gegn þvagfærasýkingu

Tröuber hindra að E. coli bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar - skolar bakteríunni út með þvaguinu. Hlutverk gerlanna og A vítamíns í vörunni hjálpar líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig til að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.

Háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás.

Hylkin innihalda:

- Tröuberja þykkni
- Mjólkursýrugerla
- A vítamín

2 hylki 1-2 svar á dag með mat fyrirbyggjandi gegn þvagfærasýkingu.

Hentar öllum, börnum, fullorðnum og barnshafandi konum.



IceCare
þín heilsa

Sjá nánar á www.icecare.is - Þú finnur okkur á:



STEEKUR

Valkvíði við pylsuvagninn

Í næstu viku held ég til Danmerkur, að heimsækja gömlu herrabjóðina. Eitt áhyggjuefni fylgir þessari för og það er hvað skuli borða á meðan á dvölinni stendur.

Ég hef haft það fyrir reglu að byrja á því þegar ég kem til Kaupmannahafnar að fá mér pylsu í einhverjum pylsuvagnanna sem víða má enn finna. Miðað við fréttir af matvælaíðnaðinum bæði hérlendis og í Evrópu má ætla að pylsan mín verði úr rúmensku hrossakjöti eða slóvensku grænmetisfraði með svínabragði. En alltaf skal ég freistast, þrátt fyrir óvissuna.

En maðurinn lifir ekki á brauði og pylsum einu saman. Því er ágætt að finna hentuga veitingastaði sem snæða má á. Einn þeirra sem ég hef áhuga á að komast á heitir Rub and Stub og hefur þá sérstöðu að allt hráefni sem notað er á staðnum kemur, ekki beinlínis úr ruslinu, en er búinn til úr mat sem bændur og stórmarkaðir myndu ellegar fleygja. Staðurinn, sem að mestu leyti er rekinn af sjálfbóðaliðum, nýtir matvöru sem er farin að nálgast síðasta neysludag, útlitsgallað grænmeti og önnur hráefni sem annars myndu enda í ruslinu. Markmið staðarins er að draga úr soun og vinna gegn offramleiðslu. Ekki er ég þó viss um að ég fái að vita uppruna matvælnanna sem ég mun vonandi fá að njóta á staðnum.

Mér er í sjálfu sér slétt sama um hvort ég fæ að vita uppruna matarins sem ég mun borða í Kaupmannahöfn í næstu viku. Ég tek sjálfur þá ákvörðun að fara í pylsuvagninn og fá mér pylsu af óþekktum uppruna. Ég tek sjálfur ákvörðun um að fara á veitingastað sem býður upp á mat sem annars yrði hent og dettur ekki í hug að heimta upprunavottorðið á kartöflustöppunni sem verður kannski í boði með kjötbollunum.

Vilji ég hins vegar fá að vita uppruna þess matar sem ég hyggt neyta, hvort heldur sem er hér á Íslandi eða í Danmörku, finnst mér ég eiga til þess skýlausan rétt. Ég efast stórlega um að ég fái í magann af því að éta piparost sem írskt smjör hefur verið notað í. Ég held ekki að ég sé í hættu með að fá kransæðastíflu ef ég borða innflutt beikon, í það minnsta engu meiri hættu en ef ég borða innlent beikon. Það mun ekki valda mér varanlegum skaða að borða nautakjötslausar kjötbökur, né heldur mun ég steypast út í rauðum ofnæmisflekjum ef ég ét hollenskan tómát. En, fjandinn hafi það, ég gæti hugsanlega fengið flog af reiði yfir því að matvælafyrirtæki, innflytjendur og verslunin telji það bara sjálfsagt og eðlilegt mál að blekkja neytendur. Skammist ykkar.

Upplýsingar eru grundvöllur fyrir ákvarðanatöku neytenda. Þeim er svo í sjálfsvald sett hvernig þeir nýta upplýsingarnar. Ég til dæmis sniðgeng allar vörur frá Ísrael til að mótmæla ólöglegu hernámi Ísraelsmanna í Palestínu. Það hefur ekkert með það að gera hvort ég telji láperur frá Ísrael heilnæma fæðu. Til þess að geta staðið við þessa ákvörðun mína þarf ég hins vegar upplýsingar, réttar upplýsingar.

Það er kominn tími til að fyrirtæki fari að haga sér með ábyrgum hætti í samskiptum við neytendur. Hættið að ljúga, blekkja, svíkja og pretta. Hættið að hækka verð langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Innleiðið samfélagslega ábyrgð í reksturinn.

/fr

Notuð dekk á netinu:

Stofnaði umboðssölu með notuð dekk og felgur eftir að hafa þurft að leita sjálfur

– eigandinn hafði aldrei umfelgað dekk áður en fyrirtækið var stofnað

Í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði er rekið óvenjulegt dekkjaverkstæði. Dekkjasalan er raunar ekki dekkjaverkstæði nema að litlum hluta, heldur umboðssala fyrir notuð dekk og felgur.

Þegar gengið er inn í húsnæðið má sjá hundruð dekkja, ýmist stök dekk, tvö saman eða heilan fjögurra dekkja gang. Skrifstofan er óvenju vel búin tölvukosti af dekkjaverkstæði að vera en það er nauðsynlegt þar eð öll dekk og felgur sem koma í sölu hjá fyrirtækinu eru yfirfarin, mynduð og upplýsingarnar ásamt mynd sett inn á heimasíðu fyrirtækisins. Það er viðskiptahugmyndina, sem Valdimar Sigurjónsson fékk fyrir nokkrum árum um að koma notuðum dekkjum og felgum öllum á einn stað, halda skipulega utan um vöruna og gera það einfalt og auðvelt fyrir fólk að finna það sem vantar.

Dekkjasalan var stofnuð árið 2010 af Valdimar. „Hugmyndin kviknaði þegar ég var að vinna í Bolungarvíkurgöngunum sumarið 2009 og lenti í að skemma hjá mér dekk og felgu. Ég fór að reyna að leita á netinu og nýta svo tímann þegar ég kom hingað suður í að hafa uppi á dekkjum og felgum. Það fór heilmikill tími í þetta og þetta var óttalegt vesen. Upp úr því ákvað ég að fara af stað með þetta. Ég byrjaði á að leigja hér neðri hæð þangað sem ég tók dekk inn. Svo þurfti ég á meira plássi að halda og leigði efri hæðina hér í húsnæðinu en það var ekki nóg. Þetta hefur verið alveg stanslaus aukning. Nú er þetta orðið þannig að við þurfum að setja sumardekk í gáma og keyra þá burt í geymslu yfir vetrartímann. Við erum komnir með meira og minna allt húsnæði hér í kring undir geymslu á dekkjum og felgum.“

Mikill vöxtur á stuttum tíma

Valdimar er lögfræðingur að mennt og segir að það hjálpi verulega í rekstrinum. Hann byrjaði einn með fyrirtækið, sem nú hefur undið verulega upp á sig. „Hugsunin var að vera með þessa umboðssölu auk annars en ég hef varla komið heim til mín í þrjú og hálf ár. Þetta hafa oft verið 16 til 18 tíma vinnudagar.“ Nýlega stækkaði fyrirtækið enn við sig og setti upp bílalyftu þar sem hægt er að skipta um dekk og umfelga. Valdimar segir að mjög mikið sé um að fólk nýti sér þá þjónustu. Fjórir starfsmenn eru í fullri vinnu hjá fyrirtækinu og stefnt að því að fjölga upp í sex eða sjö á vori komandi.

Taka við dekkjum úr bílskúrum og geymslum

Dekkin og felgurnar sem til sölu eru hjá fyrirtækinu koma þangað með ýmsu móti. „Það er fólk sem er að taka til í geymslum og bílskúrum, selja bíla og annað í þeim dúr sem kemur með vörur hingað til okkar. Bílaleigur og aðrir sem eru í rekstri koma með dekk sem tekin eru undan þeirra bílum. Þó eru þetta í meirihluta einstaklingar sem koma með sín dekk til okkar, í kringum 70 prósent myndi ég áætla. Við förum í gegnum þetta, hendum því sem er ónothæft og tökum hitt frá. Þetta er síðan allt skráð í tölvukerfið á rétta eigendur, myndir teknar og dekkjunum komið fyrir hjá sambærilegum dekkjum. Við tökum við flest öllu sem ekki er ónýtt. Við tökum við stökum dekkjum, stökum felgum og öðru. Við erum þeir einu á landinu sem eru með stakar felgur, í það minnsta í einhverju magni. Það er orðið þannig að ef fólk lendir í tjóni á felgu eða einu dekki eru talsverðar líkur á



Valdimar segir að fólk geti sparað sér háar fjárhæðir með því að kaupa notuð dekk.



Mikill kostnaður getur fylgt því ef eitt dekk skemmist og kaupa þarf ný dekk undir bílinn.

að það endi hér hjá okkur, að því sé vísað áfram af verkstæðum til okkar, og þá eru talsverðar líkur á að við eigum það sem fólk vantar. Við erum til að mynda með á annað þúsund stök dekk og við erum með eitthvað um 3.000 felgur.“

Notuð dekk nýstast

En það eru ekki bara þeir sem vantar stök dekk eða felgur sem leita til Valdimars. „Það er afar misjafnt hverju fólk er að leita eftir. Margir eru að spara sér peninga með því að skipta

við okkur með öll sín dekk. Þó að dekk séu orðin eitthvað slitin geta þau nýst einhverjum. Ég get tekið sem dæmi fólk sem á negldan vetrardekkjagang en er á sumardekkjum sem eru orðin ónýtt seinnipart sumars, kannski í ágúst. Þá vantar fólk dekk til að setja undir í tvo mánuði til að brúa bilið og þar getum við hjálpað. Sömuleiðis hefur komið til okkar fólk sem býr erlendis en á hér bíl sem það notar kannski lítilega yfir sumartímann. Það væri kostnaðarsamt fyrir það fólk að þurfa að kaupa ný dekk miðað við þá notkun.“



Mikill kostnaður getur fylgt því ef eitt dekk skemmist og kaupa þarf ný dekk undir bílinn.

Bjóða líka vinnuvéladekk

Dekkjasalan býður jafnframt upp á önnur dekk en fólksbíladekk, þótt í mun minni mæli sé. „Við höfum verið að taka aðeins á móti vinnuvéladekkjum og vörubíladekkjum. Þau taka hins vegar mjög mikið pláss og við höfum ekki getað þjónustað þessi stærri tæki við að setja undir dekk. Við reynum hins vegar að taka við flestu sem til okkar kemur eða koma fólk í samband við aðila þegar á þarf að halda. Við erum einnig með lista yfir dráttarvéladekk en höfum hins vegar ekki tekið þau hingað til okkar heldur haft milligöngu um að koma fólk í samband.“

Getur sparað fólk verulegar upphæðir

Valdimar segir að efnahagsástandið hafi vissulega haft áhrif varðandi eftirspurn eftir notuðum dekkjum. „Þessi kreppa sem varð kallað kannski fram meiri nýtni í fólk. Það er hins vegar alltaf ákveðinn hópur sem áttar sig á hagfræðinni í þessu. Það eru dekk og felgur undir hverjum einasta bíl þannig að það eru kannski vel á aðra milljón dekkja í umferð. Fyrirtæki eins og þetta þarf ekki að fá inn háa prósentu af þeim öllum til að geta þjónustað fólk mjög vel. Á verkstæðum getur verið erfitt að halda utan um þessa hluti. Megnið af þessum dekkjum verður að vera hér á svæðinu til að fólk geti komið hingað og skoðað þau dekk sem það hefur augastað á.“

Fólk getur sparað sér talsverðar upphæðir með því að kaupa notað. „Segjum að þú kaupir þér dekk hér á verkstæðinu við hliðina á okkur, komir með bílinn hingað og látir taka þau undan og setja í sölu. Þá teljast þau vera notuð og verðið hefur fallið um 20 prósent eða svo. Það er ekki óeðlilegt að fólk geti sparað allt upp í þriðjung af því sem það væri að borga fyrir nýtt, og jafnvel meira,“ segir Valdimar.

Alengt er að sjá varað við því að keypt séu notuð dekk undir bíla, til að mynda í sérblöðum um bíla eða neytendablöðum. Valdimar gefur lítið fyrir þá gagnrýni. „Jú, maður sér þessar greinar en ég gef ekki mikið fyrir þær. Fólk notar sjálft sín eigin dekk þar til þau eru ónýtt. Það er því ekkert óeðlilegt við að notuð dekk séu á markaðnum. Við bjóðum upp á skilafrest þannig að bili eitthvað ganga kaupin bara til baka.“

Fyrst núna að þora að segja frá

Ætla mætti að Valdimar hefði hræst í dekkjabransanum svo árum skiptir. Svo er þó ekki. „Ég hafði aldrei umfelgað dekk áður en ég stofnaði fyrirtækið. Það er fyrst núna að maður er farinn að þora að segja frá þessu. Það er samt með þetta eins og allt annað, ef maður setur undir sig hausinn þá gengur það. Í þessu tilviki hefur það sannarlega gengið upp.“

/fr

weberm

JARÐVEGSPJÖPPUR & HOPPARAR TIL Á LAGER

Þýskar gæðavörur eins og þær gerast bestar

MERKÚR

Hýsi - Merkúr hf. / Völuteigi 7 / 270 Mosfellsbær / Sími 534 6050 / merkur@merkur.is / www.merkur.is

Bændablaðið smáauglýsingar **56-30-300**
Dreift í 31 þúsund eintökum á 387 dreifingarstaði



Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunapolin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina

Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.



Fjós



Vélaskemma



Hesthús



Limtrevirnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

EYJALIND **bobcat** **KOMATSU**
Varahlutir í vinnuvélar **CASE** **VOLVO**
CAT **JCB**
Ofl.
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

red dot design award
product design

Nettir og liprir rafmagnstjappar á frábæru verði
Tegund: EP • Lyftigeta: 1.500 kg • Þyngd: 205 kg
Viðhaldsfrí rafhlaða • Innbyggt hleðslutæki
Verð: kr. 470.000 + vsk.

NB **vbvorumedhondlun.is**
VÖRUMEDHÖNDLUN ehf.
NB Material Handling Ltd.
Járnháls 2-4
110 Reykjavík
Sími: 414-8600

TOPCON
Fimm ára ábyrgð
frá framleiðanda

Allt að 100 klukkustunda vinnutími á hleðslu!

Höggheldi taska fylgir
Fullkominn móttakari
Festing fyrir stíku
Hollamöguleiki 5"
Hleðslubatteri & hleðslutæki
Vætnisheldur samkvæmt IP66
Aðeins 199,000 kr + vsk
www.verkfaerihf.is

www.facebook.com/verkfaerihf



LC-4X
99.900 Kr



LC-2
49.900 Kr

Útvegun varahluti í allar tegundir
vinnuvéla og lyftara



VERKFÆRI EHF
www.verkfaerihf.is



Óblítt tíðarfar hefur ítrekað gert bændum á Hofteigi á Jökuldal lífið leitt:

Sátu uppi með 80% kal í túnnum í fyrravor og misstu svo á þriðja hundrað fjár í óveðrinu í haust

– láta þó ekki deigan síga og björguðu sér um heyöflun í sumar með því að slá túnin á Grímstöðum á Fjöllum og á tveim öðrum jörðum

Benedikt Arnórsson og Guðrún Agnarsdóttir sauðfjárbændur á Hofteigi á Jökuldal hafa heldur betur fengið að finna fyrir óblíðum náttúruöflum síðastliðin tvö ár. Í fyrravetur kól um 80 prósent af túnunum hjá þeim og í óveðurshreti 15. september í haust misstu þau á þriðja hundrað fjár. Nú horfa þau fram á afleiðingar þessa fjártjóns í minni eftirtekju næsta haust þar sem mikið af þessu fé var ungt fé sem hann hafði ætlað að setja á í vetur. Þau láta þó ekki deigan síga, þó Benedikt segi að þessi áföll hafi óneitanlega áhrif á sálartetrið. Í síðustu viku var hann að lagfæra fjórhjól og annan búnað sem fékk harða útreið í óveðurshretinu í haust.

Í haust var búið að undirbúa smölun hjá bændum á Jökuldal eins lög gera ráð fyrir og manna allar stöður. Nokkrum dögum fyrr skall á óveður þar sem fé hraktist og fennti. Sagði Benedikt að þó fólk sé mjög velviljað að koma til smölunar þegar gott skipulag er á hlutunum og góður fyrirvari, þá hafi verið erfitt að bregðast við ástandinu fyrirvaralaust. Margir hafi eigi að síður komið til að leita þó þeir hafi átt erfitt um vik vegna vinnu. Þá hafi björgunarsveitin Jökull á Jökuldal og björgunarsveitin Hérað á Egilsstöðum veitt aðstoð sína, m.a. lagt til tæki og tól í leitina, þar á meðal ofurtrukka og vélsleða.

Ljóst var þó að tjón bændna á Jökuldal var mikið og sýnu mest hjá bændum á Hofteigi. Eftir mikla leit þegar veðrið hafði gengið niður héldu menn sig þó hafa leitað af sér allan grun um eftirlegukindur, en í desember kom í ljós að svo var ekki.

Missti 160 lömb og 83 ær

„Féð fór mjög illa í þessu áhlaupi. Á mínum bæ skiluðu sér ekki af fjalli 161 lamb og 89 ær. Það voru því hátt í 200 lömb sem skiluðu sér ekki í sláturhús, því heima voru líka mörg lömb sem ekki var hægt að lóga,“ sagði Benedikt.



Komnir með einar sex kindur á pallinn á sexhjólinu. Þessi mynd er tekin í einni af síðustu leitarferðum bændna á Jökuldal eftir hretið í haust, hinn 21. október. Þarna hafði feðgunum Arnóri Benediktssyni, Benedikt Arnórssyni og Agnari Benediktssyni (sem þarna er á bak við myndavélina) tekist að ná sex kindum úr fönn og hrakningum og voru þær orðnar ansi rýrar eftir að dúsa fódurlausar fastar í sköflum um langan tíma. Fór reyndar svo að eitt lambið drapst skömmu seinna.

Myndir / Agnar Benediktsson

– Hvað ertu þá með margt fé á föðrum í vetur?

„Ég er með 750 á föðrum sem er svipað og í fyrra. Eftir áfallið í haust var allt gert til að halda haus, það var því ekki farið með gömlu rollurnar í sláturhús og ákveðið að prófa að setja þær á eitt ár í viðbót. Svo voru settar á 160 gimbrar til að halda höfðatölunni. Það er þó skuggalegt að það vanti í þann hóp góðar ær. Af þessum 89 fullorðnum kindum sem vantaði alveg í hópinn voru 63 úr yngstu árgöngunum, eins, tveggja og þriggja vetra ær.“

– Þú ert þá ekki að reikna með sérstaklega góðri útkomu í burðinum í vor?

„Nei, það er allt of mikið af fullorðnum rollum og síðan gríðarlega mikið af gemsum. Næsta haust verð ég því fyrirsjáanlega með lakari útkomu en ella. Það er því ekki bara búið að hirða af manni drjúgan hluta af launinum á síðasta ári, því það gildir líka fyrir þetta ár.

Það er skelfilegt að lenda í þessu og þetta fer líka svo illa í mann. Þar er ekki bara fjárhagstjónið, það er ekki síður sálræni hlutinn, því þetta



Benedikt Arnórsson með sex á palli, eina í fangi og hundurinn Ebbi fylgist vandlega með.

eru lifandi dýr sem maður er að fást við og er alls ekki sama um.“

– Hvernig var þetta á næstu bæjum?

„Það var ekki alveg eins slæmt í kringum mig. Það voru þó einir fimm bæir sem lentu í skaða en misjafnlega miklum. Á Skjöldólfsstöðum vantaði þó líka margt fé. Þar fyrir ofan voru menn búnir að ná fénu heim en við áttum eftir að koma því heim að bæ þó við værum búnir að smala dagana á undan. Við erum bara með það mikið landsvæði undir að okkur duga ekki tveir dagar til að ná fénu heim þegar spáin er vond og mannskapurinn kannski ekki mikill.“

Fimm eftirlegukindur fundust við Þríhyrning

Jökuldælingar sem voru að veiða silung í gildrum í Þríhyrningsvatni, nokkurn veginn miðja vegu milli Hofteigs og Óskju fyrir jölin, urðu varir við kindur í Þríhyrningi og létu bændur vita.

Benedikt segir að þrátt fyrir vont veðurútlit hafi verið rokið til strax morguninn eftir, snemma á Þorláksmessu, og gerður leiðangur til að sækja féð.

„Það var ansi langt að fara og féð var í talsvert mikilli hæð. Þetta voru nokkrar kindur sem urðu eftir



Það mynduðust oft djúpar gryfjur þar sem fé var lifandi fast í snjónum.

og fundust ekki eftir veðrið í haust. Þarna voru tvær tvævetlur frá Jóni Víði á Hvanná, önnur tvílembd og hin einlembd. Þær voru þarna lengst inni í landi og innan við mestu snjóana þar sem ekki voru jarðbönn. Þarna hafa þær haft það fínt og voru ótrúlega vel á sig komnar þó þær væru með lömbin undir sér. Þær áttu því mikið eftir þegar við komum að þeim.“

Óvenjulegt veðurfar

Veður hefur verið mjög rysjótt undanfarnar vikur á Jökuldal.



Það var um langan veg að fara til að sækja féð í Þríhyrning á Þorláksmessu.



Hér er Benedikt ásamt aðstoðarfólki að sækja eftirlegukindur á Þorláksmessu sem fundust í fjallinu Þríhyrningi sem er langt inni í landi, um miðja vegu milli Hofteigs og Óskju. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Benedikt Arnórsson, Snæbjörn Valur Ólason, Ævar Þorgeir Aðalsteinsson, Björn Hallur Gunnarsson, Páll Magnússon og Guðný Halla Sólilja.



Grímsstaðir á Fjölum þar sem Benedikt náði að heyja í sumar hluta af forða fyrir veturinn.

Mynd / HKr.

Hvassviðri hafa einkennt veðurlagið og úrkoma með töluverðri snjókomu til fjalla en tiltölulega hlýtt þegar neðar kemur.

„Við eigum því þó að venjast að það sé meiri kuldi í norðanáttinni en ekki svona hlýtt eins og verið hefur að undanförmu.“

Næg hey á svæðinu þrátt fyrir erfðileika

Benedikt hefur verið forðagæslumaður á svæðinu en lét af því embætti um áramót. Honum er því vel kunnugt um fóðurstöðu bænda á svæðinu eftir sumarið.

„Ég get allavega sagt að það eru næg hey á svæðinu þó menn lendi í einhverju kuldahreti í vor. Það var

hins vegar mikið um kal hér eftir tíðarfarið í fyrravetur. Menn hafa reynt að mæta því með ýmsum hætti til að eiga næg hey í vetur.“

„Dýrasta árið sem ég hef verið í búskap“

„Fyrir mig hefur árið verið erfitt og ég held að þetta sé dýrasta árið sem ég hef verið í búskap. Sem dæmi var um 80% túnanna hjá mér kalin. Af þessum túnunum sem maður hefur venjulega verið að ná um 600 til 700 heyrúllum, þá fengust aðeins 160 rúllur í sumar.“

Heyjaði m.a. á Grímsstöðum

„Ég náði í hey á þrem jörðum sem

eru ekki lengur með búskap þó þær séu enn í ábúð. Þetta eru jarðirnar Fossvellir og Selland og síðan heyjaði ég líka á Grímsstöðum á Fjölum af öllum stöðum. Að fara á Grímsstaði fannst mér eiginlega skemmtilegasti heyskapurinn. Fyrir okkur hér var þetta þó hálf fjarstæðukennt.

Hugmyndin að fara þarna kom upp eftir miðjan júní en þá fréttist að túnin á Grímsstöðum litu ótrúlega vel út. Við skoðuðum þetta og það var farið þangað með góðan áburðarskammt og borið á. Af túnunum fækast svo bara mjög góð uppskera af þokkalegu heyi ef miðað er við að sum stykkinn hefur staðið á sínu í allt að sex til sjö ár.“

Hann segir að úr efnagreiningu

hafi fóðurgildið verið um 0,69 og allt upp í 0,74 fe, sem sé alls ekki afleitt þótt það sé vissulega ekki úrvalshey.

„Ég var mest hissa á að heyið væri ekki lakara með alla þessa sínu á túnunum.“

– Þú hefur ekki hitt Kínverja þarna uppi á Grímsstöðum?

„Nei, það var ekki mikið um Kínverja, allavega ekki meðan ég var þar að heyja,“ sagði Benedikt Arnórsson.

/HKr.



Allar gerðir bindivéla Strekkifilmur, plast- og stálbönd

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Þorlákshöfn - Ösyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddseyrantangi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Lágeyri 1
- Ísnet / Ísnet Hafnarfjörður



ÍSFELL
www.isfell.is

Ísnet

Auglýsing um styrki til varna gegn landbroti árið 2014

Landgræðsla ríkisins auglýsir eftir umsóknum um styrki til varna gegn landbroti. Um er að ræða styrki sem veittir eru til slíkra verkefna skv. lögum nr. 91/2002 um varnir gegn landbroti.

Styrkirnir eru veittir til hvers konar verkefna til varnar því að vatnsföll eyði mannvirkjum eða gangi á gróið land. Við forgangsörðun verkefna er m.a. höfð hliðsjón af verðmæti þeirra mannvirkja eða lands sem landbrot ógnr.

Umsóknarfrestur er til 15. mars n.k. Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Landgræðslunnar, www.land.is, en einnig er hægt að hafa samband við Landgræðsluna í Gunnarsholti, sími 488 3000 og hér- aðssetur Landgræðslunnar um land allt.

Umsóknum skal skila til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella eða á netfangið land@land.is



Landgræðsla ríkisins
Gunnarsholti, 851 Hella
Sími 488 3000
Netfang land@land.is

Valtra N103

H3 týpa

- ▶ 3 vökvamillígrar með sjálfskiptimöguleika

H5 týpa

- ▶ 4 rafskiptir gírar, 5 vökvamillígrar með sjálfskiptimöguleika.

Meðal staðalbúnaðar má nefna:

- ▶ Vökvavendigir með handbremsustöðu
- ▶ 2 tvívirkar vökvaspólur aftan.
- ▶ 3 Strokka eldsneytisparandi mótör 111 hö með miklu tugi.
- ▶ Miðstöðvar í lofti og mælaborði.
- ▶ Farþegasæti.
- ▶ Afturrúðupurrka.
- ▶ Cat 2 beislisendar með opnum enda.
- ▶ Vagnbremsuventill.
- ▶ Vinnuljós framan og aftan.
- ▶ Dekk framan 480/65R24 A contin.
- ▶ Dekk aftan 600/65R34 A contin.
- ▶ Ámoksturstæki Valtra 36 með barkastýringu, fjöðrun, EURO-SMS ramma og skóflu



Valtra N103 H3 / H5

Valtra bíður 1 árs verksmiðjuábyrgð og 3ja ára 3+ viðbótaábyrgð.

Nýjungar:



H5 skipting frá Valtra.
4 rafskiptir gírar + 5 vökvaprep í hverjum gír með sjálfskiptimöguleika



Einstök Hitrol vökvaseigjutengsli (converter) sem eykur alla mýkt er valbúnaður.

Eigum úrval af nýjum og notuðum vélum á hagstæðu verði til afgreiðslu strax.

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0402



Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

www.jotunn.is

VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is

Ker Umbúðamiðlunar eru eingöngu ætluð til leigu undir matvæli

Hægt er að fá ker sem tekin hafa verið úr umferð endurgjaldslaust hjá okkur



Sími: 5556677



Orkumál

Mikill áhugi landeigenda og bænda á smávirðjunum af ýmsum toga:

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi í virkjun á vatni án uppistöðulóna

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Grein um lágtæknivirkjanir sem var í Bændablaðinu 31. október vakti töluverða athygli og hefur undirrituðum borist fjöldi fyrirspurna vegna þeirrar umfjöllunar. Margir bændur og landeigendur víða um land hafa aðgang að rennandi vatni sem áhugi er á að nýta til virkjunar, án þess að endilega sé um mikla fallhæð sé að ræða sem hægt er að virkja með hefðbundnum fallvatnstúrbínum. Vegna þessa áhuga er hér orðið við óskum um að draga saman fleiri upplýsingar um þróun í smíði margvíslegra virkjana.

Ekki er ljóst hversu mikið afl er virkjanlegt hér á landi með hægrennslisvirkjunum, en fullyrða má að í heild sé það afl verulegt. Í rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða er fullyrt, en þó með fyrirvara um ýmsa óvissuþætti, að nýtanlegt vatnsafl sé í kringum 30-35.000 GWh (gigavattstundir) á ári og jarðhiti til raforkuvinnslu gefi um 25-30.000 GWh á ári – alls á milli 55.000 og 65.000 GWh á ári. Þessar tölur eru hins vegar unnar út frá hefðbundnum viðmiðunum um virkjun fallvatna en ekki út frá mögulegri nýtingu vatnsrennslis án uppistöðulóna. Auk þess er búið að taka þarna út fyrir sviga stóra og umdeilda virkjunarkosti í hefðbundnum vatnsaflsvirkjunum samkvæmt afar huglægu mati um „ásætlanleg umhverfisáhrif“.

Samkvæmt tölum Orkustofnunar er áætlað að í jökulum landsins sé bundin orka sem nemur allt að 7.600 teravattstundum (TWh.). Þá er úrkoman talin gefa 285 TWh á ári. Þegar uppgufun og afföll vegna skriðjökla og annars eru dregin frá, þá eru að mati Orkustofnunar eftir vatnsorka í rennandi vatni á yfirborði jarðar sem nemur 187 TWh/a. Þar af telst nýtanlegt vatnsafl vera aðeins 64 TWh/a, og er þá miðað við nýtingu í skrefum sem eru minnst 1 MW að afli og með minnst 5 m fallhæð á hverjum 5 km. Eftir verður því veruleg orka í yfirborðsvatni sem telst vera full dreifð til að hún nýtist í nægilega hagkvæmum virkjunum. – „Þó er hugsanlegt að byggja megi smávirðjanir á þessum orkustraumi hér og þar við góðar aðstæður, og hefur verið uppi viðleitni til þess á seinni árum,“ segir á vefsíðu Orkustofnunar.

Gríðarlegt afl rennur enn óbeislað til sjávar

Ef undan eru skildar smáar og lækir sem vissulega væri hægt að nýta fyrir smávirðjanir rennur stöðugt til sjávar gríðarlegt vatnsmagn sem virkja mætti með hægstraumsvirkjunum án stíflugerðar. Nægir þar að nefna Markarfljót, Rangárnar, neðri hluta Þjórsár, Hvítá á Suðurlandi og Sogið. Mikinn fjölda annarra öflugra straumvatna á Suðurlandi, Suð-Austurlandi, Austfjörðum, Norðurlandi, Vesturlandi og jafnvel á Vestfjörðum mætti nefna með slíka nýtingu í huga.

Þegar talað er um virkjanlegt vatnsafl á Íslandi er þetta afl að mestu utan sviga því skilningur manna á virkjunarkostum hingað til hefur miðast við fallvatnsvirkjanir og jarðhitaorku eins og fyrir greinir.

Annars má benda á leiðbeiningarrit um litlar vatnsaflsvirkjanir sem verkfræðistofan Mannvit vann fyrir



Þær þurfa ekki alltaf að vera stórar í sniðum virkjanirnar þótt þær geti samt gert sitt gagn.



Einföld útgáfa af virkjun með undirrennslisgjóli.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Það miðast þó líka við hefðbundnar vatnsaflsvirkjanir.

Virkjanir í neðri hluta Þjórsár, sem Landsvirkjun hefur verið með á teikniborðinu og kallar rennslisvirkjanir, eru í eðli sínu sama fyrirbærið og aðrar fallvatnsvirkjanir. Þar er gert ráð fyrir uppistöðulónum þó „lítil“ séu. Umræður um þessar virkjanir eru því verulega villandi í samanburði við umræðu um raunverulegar rennslis- eða straumvirkjanir sem nýtt geta venjulegt straumflæði anna. Áætlanir



Minna gerðin af IREM Pelton TPS024-vatnsaflstúrbínum, sem er einfasa 230 volta og 50 ríð. Stærri túrbínurnar af sömu gerð gefa 230/400 volt.



Hér sést innvolsið í IREM Pelton-túrbínunni, en spissar sprauta vatninu undir þrýstingi á skófluhjólið.

Landsvirkjunar m i ð a s t við byggingu uppistöðulóna og virkjun vatnsfallsins með hefðbundnum hætti þó fallhæðin sé ekki mikil. Umhverfisáhrif þeirra virkjana yrðu töluverð, þó umfangið yrði ásætlanlegt að margra mati á mælikvarða stóru virkjananna ofar á Þjórsársvæðinu.

Mikill áhugi er samt greinilega á að skoða virkjun straumvatnsins án uppistöðulóna. Þó að afkastagetan verði aldrei sambærileg við stærri virkjanir með uppistöðulónum gætu þær fyllilega átt rétt á sér þar sem umhverfissjónarmið vega þungt í afstöðu manna til virkjana.

Ekki er alltaf þörf á stíflumannvirkjum

Kosturinn við hægstraumsvirkjanir er að rennslir er víða hægt að virkja án þess að stífla árfarvegi og sökkva landi. Því er ekki verið að ráðast í óafturkræfar aðgerðir á náttúru landsins. Gallinn er hins vegar sá að þar sem stöðurennsli er ekki nægt yrði raforkuframleiðsla slíkra virkjana meira háð náttúrulegum sveiflum í úrkomu en hefðbundnar fallvatnsvirkjanir með stórum stíflumannvirkjum. Þetta þarf þó alls ekki að vera galli ef fyrir fram er gengið út frá þessum sveiflum og mögulega verið að framleiða úr orkunni sem þarna fæst orkumiðla á borð við vetni. Það væri síðan hægt að nýta til eldsneytisframleiðslu m.a. úr lífmassa. Með slíku móti væri hægt að geyma orkuna þar til hennar væri þörf.

Þess má geta að um 15% af orkuþörf Íslendinga er flutt inn í formi fljótandi eldsneytis sem líklega mætti framleiða að verulegu leyti hér á landi með vistvænum og sjálfbærum hætti. Er vinna einmitt í gangi þessa dagana við að skoða slíka framleiðslu.

Einföld undirrennslisgjóli

Einfalt dæmi um hægrennslisvirkjanir er svokallað undirrennslis vatnshjól (e. undershot waterwheel) sem er 3 metrar í þvermál, það situr á flotholtum og er hjólið því alltaf með sama snertiflöt við vatnið sama hversu hátt vatnsyfirborðið er. Slík hjól eru tiltölulega einföld í smíði. Hvaða vélsmiðja sem er ætti að ráða vel við slíkt og líka þokkalega laghentir bændur. Stærð vatnshjólsins ræðst þó bara af straumþunga þeirrar



Önnur útgáfa af Hydrovolt-túrbínu.



Fljótandi HydroCat-túrbína.



efst á hjólið. Hægt er að ná allt að tvöfalt meira afli út úr slíkum búnaði en sambærilegu undirrennslisgjóli samkvæmt töflum Greenenergy Research Center. Ekki er þó þörf á uppistöðulóni við slíka virkjun.

HydroCat-túrbína

Annars konar útgáfa af fljótandi undirrennslisgjóli er HydroCat, sem áður hefur lítilla verið minnst á í Bændablaðinu. Slíkar orkustöðvar munu hafa verið hannaðar í ýmsum stærðum. Fleiri útgáfur af svipuðum toga má finna víða um heim og eru Kínverjar m.a. öflugir á því sviði.

Hydrovolt-skurðatúrbína

Enn ein útgáfa af hægrennslisvirkjun er hönnun fyrirtækisins Hydrovolts eða svokölluð skurðatúrbína, „Canal Turbine“. Hún er ekki stór, eða um 4 metrar að breidd, um 1,80 á hæð og tæpir 2,5 metrar að dýpt. Hún vegur um 2,7 tonn og getur skilað nærri 13 kilóvöttum af raforku miðað við þriggja metra straumhraða á sekúndu. Áætlaður líftími er 20 ár. Orkustöðvar af þessari gerð eru til frá 100 vöttum upp í 16 kilóvött.

Francis-, Kaplan- og Pelton-túrbínur

Á vefsíðu fyrirtækisins Hydro Energy, sem er m.a. einn af samstarfsaðilum Orkuvers í Kópavogi, er hægt að finna ýmislegt um mismunandi gerðir túrbína sem fyrirtækið framleiðir. Þar eru t.d. Francis-, Kaplan- og Pelton-túrbínur, sem hver um sig hæfir ákveðnu hlutverki. Með einföldum hætti má segja að Francis-túrbínur, þar sem vatn er leitt að þeim í snigli, ráði við mjög fjölbreyttar aðstæður í vatnsbúskap.

Kaplan-túrbínur, sem eru eins og skipsskrúfa inni í röri, eru hins vegar hannaðar til að framleiða raforku þar sem vatnsrennsli er tiltölulega mikið en fallhæð lítil og þar með lágur þrýstingur.

Pelton-túrbínur, með skófluhjólum sínum, nýtast aftur á móti vel í fjallalendi þegar vatn er tiltölulega lítið eða notast er við uppistöðulón en fallhæð og þrýstingur mikill.

IREM-smávirðjanatúrbínur

Kapparnir hjá Orkuveri í Kópavogi hafa mikla þekkingu og líka reynslu af uppsetningu og rekstri virkjana. Annar samstarfsaðili Orkuvers er ítalska fyrirtækið IREM, sem á sjötta áratug síðustu aldar hóf að framleiða búnað fyrir smávirðjanir eða „örvirkjanir“


Heimasmiðuð túrbína

Enn frekari upplýsingar um heimasmiðuð slíks búnaðar má finna á vefslóðinni; <http://www.otherpower.com/scotthydro1.html> þar sem rafalinn sjálfur er meira að segja heimasmiðaður. Þar byrjaði viðkomandi á að verða sér úti um trékefli undan rafmagnsvír þar sem endarnir á keflinu voru um einn metri að þvermáli. Síðan varð hann sér úti um plaströr sem má vera 30 til 40 sentimetrar í þvermál. Rörið er sniðið niður í réttar lengdir og síðan sagað eftir endilöngu. Einnig stálöxul (3/8"), tvær legur, tennt hjól fyrir keðju. Í ruslahaug fann hann síðan gamlan 48 volta rafal úr Chevrolet sem gaf 12 amper til að hlaða straum á 12 volta rafgeymi. Kostnaðurinn hjá þessum einstaklingi fólst aðallega í hans eigin vinnuframlagi og útsjónarsemi.

Yfirrennslisgjóli með meiri orkunýtni

Yfirrennslisgjóli (e. overshot waterwheel) eru af svipuðum toga en þó á föstu landi. Þá er vatnið leitt um pípu eða stokk og látið falla

Orkumál



Banki-túrbína frá ítalska fyrirtækinu IREM, sem framleiðir ýmsar útgáfur af túrbínum fyrir smávirkanir. Þessi gerð er ætluð fyrir litla fallhæð og rennsli allt niður í 10 lítra á sekúndu.

undir vörumerkinu IREM Ecowatt Hydro. Þeir framleiða m.a. svokallaða „Banki“-túrbínu í mismunandi stærðum sem ætlaðar eru fyrir litla fallhæð (5–60 metra) og mismunandi rennsli frá 10–1000 lítra á sekúndu. Hægt er að stýra vatnsflæðinu inn á túrbínuna frá 0–100%. Þeir framleiða einnig Pelton-smátúrbínur sem henta 20–350 metra fallhæð og vatnsflæði sem nemur allt frá 0,5 lítrum á sekúndu upp í 100 lítra á sekúndu.




Það fer ekki mikið fyrir Banki-túrbínunni.

Með mikla orkunýtni

Golfstraumstúrbínan er einkaleyfisvarinn búnaður sem talinn er ná allt að 80–95% orkunýtni sem er miklu betri nýtni en mögulegt er að ná með vindmyllum þar sem gott þykir að ná 25% orkunýtni. Sínd rafstöð er með tveim 600 kílovatta rafölum. Hún er líka mjög sniðug að því leyti að orkustöðinni er einföld í framleiðslu og uppsetningu.

Gert er ráð fyrir að Golfstraums-túrbínan sé smíðuð að verulegu leyti úr trefjaplasti og koltrefjum, sem útilokar tæringu af völdum efnasamsetningar sjávar. Samkvæmt útreikningum Gulf Stream Turbines á orkan að skila um 7–9% arði upp í fjárfestingarkostnað á ári miðað við orkusölu í Bandaríkjunum og án nokkurrar skattaeftirgjafar. Hægari endurgreiðsla á fjárfestingu miðast við dýrari útgáfu með stærri spöðum



Mikil vinna hefur verið lögð í þróun sjávarfalla- og ölduhreyfingavirkjana á liðnum árum og þar standa Skotar mjög framarlega.

Skotar virkja orku hafsins

Green Ocean Energy Ltd í Aberdeen í Skotlandi er annað fyrirtæki sem hefur verið að hasla sér völl, bæði við virkjun sjávarfalla og ölduhreyfingar. Hefur fyrirtækið hannað straumorkuhverfil sem getur framleitt 500 kílóvött sem dugar fyrir 125 heimili. Þá hefur fyrirtækið einnig hannað álíka afkastamikla ölduhreyfingaorkustöð. Þá hefur fyrirtækið Ocean Power Technologies (OPT) sett upp „orkubaujur“ eða OPT's PowerBuoy® úti fyrir Skotlandsströndum til að framleiða raforku úr öldum hafsins.

Nær óteljandi möguleikar

Möguleikarnir við að virkja vatnsafl af ýmsum toga eru nær óendanlega margir. Hér að framan er aðeins smá innsýn í þá tækni sem menn hafa verið að prófa bæði með eigin heimasmiði og með þaulreyndum búnaði víðurkenndra fyrirtækja á þessu sviði.



Golfstraumstúrbínan var hugsuð til að virkja sjávarstrauma úti fyrir strönd Suður-Flórída en gæti örugglega nýst í öflugum sjávarfallastrumum eins og í Breiðafirði. Hún er sögð afar orkunýtin.

fyrir hægari sjávarstraum. Við uppsetningu á Golfstraumstúrbínunni er henni einfaldlega lagt við stjóra á þeim stað sem ætlunin er að virkja hafstrauminn og raforkan leidd í land með streng. Þá þolir hún vel

ölduhreyfingar og hægt er að stýra á hvaða sjávardýpi rafstöðin liggur, eða frá 1,3 metra dýpi og niður í 200 metra dýpi. Lesa má nánar um þennan búnað á <http://www.gulfstreamturbine.com/>

Um Landssamtök raforkubænda

Landssamtök raforkubænda eru hagsmunafélag þeirra sem eiga og reka litlar virkjanir og allt að 10 MW, ásamt þeim sem hafa hug á að virkja og annarra sem áhuga hafa á slíkum framkvæmdum, sama hvaða náttúrukraftar eru beislaðir. Félagið veitir einnig ýmsar upplýsingar til þeirra sem hyggja á framkvæmdir. Félagsmenn eru ríflega sjóttíu.

Félagið vill m.a. hvetja til þess að vatnsréttarhafar kanni vel hvort ónotuð vatnsréttindi þeirra gætu nýst með hagkvæmum hætti til raforkusölu inn á rafliunetið, til heimanotkunar eða hvort tveggja. Full ástæða er að benda á að reynslan sýnir að ýmsar slíkar virkjunar-framkvæmdir hafa, þrátt fyrir erfiðan lánamarkað undanfárin ára, náð að skila hagnaði, greitt niður sín lán, skilað eigendum sínum arði og greitt fyrir vatnsréttindi.

Rétt er þó að taka fram að verð á rafmagni til sölu inn á netið hefur á undanförunum árum lækkað, miðað við allar vísitölur, þó að rafmagnsverð til notenda hafi fylgt þeim eða gott betur. Þar kemur til stórhækkun á flutningskostnaði orkunnar. Enginn finnst í dag sem telur að orkuverð eigi eftir að raunlækka áfram. Ef hugmyndir um sæstreng til Bretlands ganga eftir má reikna með verulegri hækkun á raforkuverði til framleiðenda og nýjar forsendur skapast til virkjana af öllum stærðum. Sú hugmynd er þó ekki föst í hendi og hefur sínar neikvæðu hliðar.

Flestar smærri virkjanir eru rennslisvirkjanir sem safna ekki vatni í lón. Land fer því ekki undir vatn. Ef að frágangur við stöðvarhús og þeirrar litlu stíflu sem er nauðsynleg ásamt snyrtilegum frágangi á línulögn þá er hægt að fullyrða að framkvæmdin er umhverfisvæn og orkan ekki síður. Minnt skal á að stíflur eru yfirleitt hátt í hliðum og dölum og allt það vatn sem kemur inn í lækinn/ána neðar rennur sína leið óbeislað auk þess vatns sem fer nær sumarlengt sem afgangur sem ekki borgar sig að nýta. Lækirnir hverfa því ekki nema helst á vetrarmánuðum og næst stíflu.

Aðeins um hagsmunamálin. Félagið hefur bent Samkeppnis-efirliti, ýmsum ráðherrum og öðrum valdhöfum á þá staðreynd að þessar litlu virkjanir eru að keppa við niðurgreitt rafmagn. Hversu niðurgreiðslan er mikil getur verið umdeilanlegt en ekki þarf að deila um að hún sé fyrir hendi. Allar stærri orkuveitur hafa fengið sérlæg um leið og stofnað hefur verið til þeirra. Í sérlægum föst m.a. að engin stimpilgjöld voru greidd af lánnum, engin vörugjöld á vélum né öðru, og til skamms tíma greiddu þessi fyrirtæki engin útsvör né skatta nema fasteignaskatta. Þar á ofan nutu þau ábyrgðar ríkisins og/eða stærri sveitarfélaga á öllum lánnum sem þýddi að þau höfðu aðgang að lánnum á lægstu vöxtum frá byrjun framkvæmda. Eigendur smávirkjana hafa einskis notið af þessum lögbundnu fyrirgreiðslum. Þetta og



Birkir Friðbertsson

Mynd / HKr.

fleira þurfa yfirvöld að vita og skilja til að verða betur viðræðuhæf.

Ýmislegt gætu yfirvöld gert til þess að mæta framangreindri mismunum. Í fyrsta lagi mætti fella niður stimpilgjöld af lánnum til þessara þjóðhagslega hagkvæmu framkvæmda. Í öðru lagi efla Orkusjóð og skilgreina verkefni hans betur til að taka þátt í rannsóknum og hagkvæmniútreikningum umræddra virkjunarkosta. Í þriðja lagi þarf að gera smærri virkjunum kleift að njóta hagnaðar af sölu upprunaábyrgða hlutfallslega til jafns við stærri veitur. Vottun upprunaábyrgða er í höndum Landsnets og kostar í

dag hundruð þúsunda óháð stærð viðkomandi orkuveitu. Umræða um útgáfu „grænna korta“ sem virkuðu þannig að framleiðendur umhverfisvænnar orku gætu selt þau með óbreyttum fyrirtækja hefur enn engu skilað.

Viða skortir að þriggja fasa línur séu nálægar heppilegum virkjunarkostum. Einnig veldur vandkvæðum víða að þó að stutt sé að raflinu nýtist hún ekki ef spennan hennar er yfir þrjátíu þúsund volt. Til að þrífösun nái til allra byggða og með óbreyttum framkvæmdahraða væri henni líklega ekki lokið fyrr en eftir 22–24 ár.

Fjölmarginir vatnsréttarhafar búa við það lækur eða á er í sameign misjafnlega margra. Í núverandi lögum standa mál þannig að þó að réttihafar 95% vatnasvæðisins vilji nýta sér sína auðlind með virkjun þá gengur það ekki ef að eigandi 5% réttindanna (jafnvel minna) segir nei. Í lögum um lax- og silungsveiði er höggvið á sambærilegan hnút og lýðræðið nýtur sín. Sameign í fjölbýlishúsum er ekki vandamál, þar skal stofna húsfélag og lýðræðisleg vinnubrögð gilda. Í nafni Félags raforkubænda hefur itrekað frá árinu 2005 verið rætt við viðkomandi ráðherra og aðra ráðamenn og óskað eftir réttlátri lagasetningu um sameignir vatnasvæða vegna virkjunarframkvæmda en ekkert þokast enn þó að allir viðkomandi ráðherrar og þingmenn sem rætt hefur verið við hafi vírst skilja vandann og gefið í skyn jákvæðan vilja til lagfæringar. Sami vandi er með fjölmargar sameignir jarða og upplagt að hvort tveggja fái nú greiða leið í gegnum Alþingi með lagasetningu sem leysir bæði málin með lýðræðislegum hætti.

Að lokum skal ráðamönnum þjóðarinnar bent á að skoða hvaða stefnu Norðmenn hafa tekið til að liðka fyrir smávirkjunum og hvernig þeir meta þjóðhagslegan ávinning af sínum aðgerðum.

F.h. stjórnar
Landssamtaka raforkubænda,
Birkir Friðbertsson, formaður.

Gríðarleg sýklalyfjanotkun, meðal annars við matvælaframleiðslu, talin ein helsta heilbrigðisógn heimsins:

Staðan er langbest á Íslandi og í Noregi en vaxandi kjötinnflutningur getur hæglega breytt stöðunni

– Heilbrigðisstofnanir í Evrópu og Bandaríkjunum segja tugþúsundir deyja árlega af völdum áunnins sýklalyfjaónæmis

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Greinilegt er að bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum eru vaxandi áhyggjur af því að ofnotkun sýklalyfja í dýraeldi sé þegar farin að hafa alvarleg og skaðleg áhrif á heilsu manna. Talað er um mikla sýklalyfjanotkun sem eina helstu heilbrigðisógn heimsins. Í samanburðartölum virðist ástandið í þessum málum þó vera langbest á Íslandi og í Noregi.

Mikil fjöldi dauðsfalla meðal fólks í Evrópu og í Bandaríkjunum er nú árlega rakin til þess að fólk sé orðið ónæmt fyrir sýklalyfjum. Er lækni meðhöndlun á fólki sem hefur þróað með sér ónæmi fyrir sýklalyfjum farin að valda heilbrigðis-kerfi viðkomandi landa gríðarlegum kostnaði.

Mun betra ástand á Íslandi

Hér á landi hefur staðan til þessa verið mun betri enda bendir Haraldur Briem sóttvarnalæknir á að slík lyf hafi lítt eða ekki verið notuð sem vaxtahvetjandi efni í landbúnaði. Sumarið 2012 kom út fyrsta sinn viðamikil skýrsla á vegum landlæknisembættisins um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi í mönnum og dýrum á Íslandi. Í þessu verkefni tók Lyfjastofnun einnig þátt, ásamt Matvælastofnun og Landspítalanum. Í skýrslunni segir meðal annars:

Ein af stærstu heilbrigðisógnum heimsins

„Mikil áhersla hefur verið lögð á það í alþjóðasamfélaginu undanfarin ár að sporna við auknu sýklalyfjaónæmi baktería. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint sýklalyfjaónæmi sem eina af stærstu heilbrigðisógnum heimsins. Aukið ónæmi fyrir sýklalyfjum veldur vandamálum við meðferð sýkinga og hefur þar af leiðandi slæmar afleiðingar fyrir heilsu manna og dýra og veldur auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (European Centre for Disease Prevention and Control – ECDC) áætlað að í Evrópu einni komi upp um það bil 400 þúsund sýkingar á ári hverju af völdum ónæmra sýkla sem leiða til um 25 þúsund dauðsfalla.

Með auknum ferðalögum og viðskiptum með matvæli og dýraafurðir heimshorna á milli opnast leiðir fyrir sýklalyfjaónæmar bakteríur til að dreifa sér. Sýklalyfjaónæmi er því alþjóðlegt vandamál. Sýklalyfjanotkun er áhrifamesti þátturinn í vali og dreifingu sýklalyfjaónæmis, þótt sambandið geti verið flókið.“

Súnusmitsjúkdómar geta borist frá dýrum í menn


Þá segir einnig í skýrslu Landlæknis:

„Súnur eru smitsjúkdómar sem eru mönnum og dýrum sameiginlegir og geta borist frá dýrum til manna og frá mönnum til dýra, annaðhvort með beinni snertingu eða óbeint í gegnum matvæli og föður. Bestu dæmin um súnur eru Salmonella og Campylobacter. Þessar súnubakteríur geta þróað með sér ónæmi fyrir sýklalyfjum vegna meðhöndlunar sýkinga í dýrum. Ónæmar bakteríur geta svo borist úr dýrum í menn, t.d. með matvælum.“


Málið var líka til umræðu á fjölmönnum hádegisfundi Bændasamtaka Íslands sem haldinn



Úr nýjstu skýrslu Lyfjastofnunar Evrópu (EMA) sem sýnir sýklalyfjanotkun árið 2011 í 25 löndum innan ESB- og EES-svæðanna. *Hafa ber í huga að óvenjustórt hlutfall lífmassa Noregs er úr fiskeldi, sem kann að skekkja niðurstöðuna.



Úr skýrslu Landlæknisembættisins frá 2012 sem sýnir stöðuna í útreikningum EMA í 19 Evrópulöndum árið 2010.



Ferill sýklalyfja í fæðukeðjunni. 1) lyf, 2) lyfi blandað í föður, 3) lyfjaleifar sitja eftir í kjötinu og 4) berast þaðan í menn með neyslu kjötsins.

Krafa um aukið frelsi í innflutningi á kjöti vekur spurningar

Afar fróðlegt er að skoða þetta í ljósi vaxandi kröfu hagsmunaaðila í verslun á Íslandi um að stórauka beri kjötinnflutning frá Evrópu til Íslands og losa um höft á innflutningi á fersku kjöti auk innflutnings á frosnu kjöti sem er þegar heimill þó hann sé að hluta háður magntollum.

Viðbragðshópur settur á fót í Evrópu

Greint var frá hjá Lyfjastofnun Evrópu hinn 16. desember síðastliðinn að stofnunin hafi fengið beiðni um ráðgjöf frá Evrópuráðinu um að kanna áhrif af notkun sýklalyfja á í húsdýrum á heilbrigði manna. Þar kom einnig fram að myndaður hafi verið viðbragðshópur AntiMicrobial Expert Group (AMEG) til að undirbúa viðbrögð vegna þessarar beiðni. Í þeim hópi eru bæði sérfræðingar í áhrifum lyfja á menn og dýr.

Sýklalyf notuð sem vaxtahvetjandi efni

Sýklalyf hafa um áratuga skeið verið notuð gegn sjúkdómum í mönnum og dýrum og hefur slík notkun í hófi verið talin eðlileg. Ofnotkun sýklalyfja í eldi húsdýra, einkum svína og alifugla, er hins vegar allt annað mál. Er það helst talið afsprengi svokallaðs verksmiðjubúskapar sem er margfaldur að umfangi miðað við hefðbundinn búskap hér á landi.

Vegna þrengsla og mikillar umsetningar verða dýrin viðkvæmari en ella fyrir sýkingum sem getur haft neikvæð áhrif á vaxtarhraða. Því hafa stórframleiðendur væði í Evrópu, Bandaríkjunum og einnig víðar gripið til „fyrirbyggjandi ráðstafana“. Þær felast í því að gefa dýrunum reglulega sýklalyf í föðri og með íblöndun í drykkjarvatn þó það sé í raun bannað. Þannig er í raun verið að nota sýklalyf sem vaxtahvetjandi efni. Dýrin ná hins vegar ekki að losa sig að öllu leyti við þessi lyf áður en þeim er slátrað og því berast þau áfram í menn við neyslu kjöts af þessum dýrum. Lyfin hlaðast síðan smám saman upp í mannslíkamanum sem myndar ónæmi fyrir sýklalyfjum.


Það sama gerist varðandi sýkla sem lyfin hafa fram til þessa unnið á, þeir verða ónæmir fyrir lyfjunum. Þá verða til eins konar ofursýklar sem erfitt getur verið að vinna á þegar sýklalyfin duga ekki lengur til. Þá blasir fátt annað við en dauði.

Veldur árlega 25 þúsund dauðsföllum innan ESB

Í nýjasta tölublaði norska blaðsins Nationen er áhugaverð grein um þessi mál út frá sjónarhóli Norðmanna. Þar er bent á skýrslur ECDC sem Landlæknisembættið vísar einnig til. Þær sýna að árlega eru 25.000 dauðsföll í löndum ESB rakin til ofnotkunar sýklalyfja í landbúnaði. Þar er bent á og vísað til upplýsinga frá EMA að sjúkrakostnaður í löndum Evrópusambandsins vegna meðferðar á fólki sem komið er með sýklalyfjaónæmi sé um 1,5 milljarðar evra á ári.

Segir í umfjölluninni að vandamálið sé orðið gríðarlega umfangsmikið í Evrópu en mun betri staða sé á Norðurlöndunum. Ekki kemur þó fram í greininni úr hvaða könnun EMA samanburðartaflan er.

Á Norðurlöndunum er samkvæmt lyfjanotkuninni sem Nationen vísar til þó langmest í Danmörku, nærri sjöföld á við það sem gerist á Íslandi. Síðan kemur Finnland með fjórfalt meiri lyfjanotkun en Íslendingar og Svíþjóð sem er með ríflega tvöfalda sýklalyfjanotkun. Noregur er síðan samkvæmt þessum tölum



með langminnsta sýklalyfjanotkun við framleiðslu á hverju kíló af kjöti. Í fyrri úttektum EMA hefur Ísland hins vegar verið með bestu stöðuna. Hugsanlegt er að skýringin sé að þarna er eingöngu talað um sýklalyf við framleiðslu á kjöti en vert að hafa í huga að ekki er talað um lyfjanotkunina í fiskeldi, sem hefur í gegnum tíðina verið mjög mikil í Noregi.

Hrikaleg staða víða í Evrópulöndunum

Samkvæmt grein Nationen er staðan hrikaleg víða í Evrópulöndum. Langverst er hún á Kýpur, en þar er sýklalyfjanotkunin á hvert kíló af framleiddu kjöti til mannelis næri 65 sinnum meiri en á Íslandi. Á Ítalíu er lyfjanotkunin næri 49 sinnum meiri en hér, næri 40 sinnum meiri á Spáni og ríflega 33 sinnum meiri í Þýskalandi en á Íslandi.

Lítið hlutfall sýklalyfjanotkunar á Íslandi vegna dýra

Samkvæmt skýrslu landlæknis-embættisins frá 2012 hefur velta og sala sýklalyfja aukist hér á landi undanfarin ár þó magnið hafi verið svipað í fimm ár í röð. Eigi að síður var hlutfall sýklalyfjanotkunar í mönnum hæst á Íslandi árið 2012 á Norðurlöndunum, en rétt á eftir kom Finnland. Hlutfall sýkingalyfja til notkunar í dýrum var þó aðeins 0,5% af heildar söluverðmæti lyfja á Íslandi árið 2012 og 24% af söluverðmæti lyfja til notkunar í dýrum. Hefur heildarnotkun sýklalyfja í dýrum á Íslandi farið jafnt og þétt minnkandi undanfarin ár, eða um 23% frá 2010 til 2012. Í sumum sýklalyfjategundum minnkaði notkunin þó enn meira eða 33% til 58% á meðan sala á breiðvirkum penisillínum jókst.

Þetta staðfestist í skýrslu Lyfjastofnunar Evrópu EMA frá 2012 sem sýnir lyfjanotkun sýklalyfja í dýrum í 19 Evrópulöndum. Til að auðvelda samanburð milli landa, er notkun í búfænaði deilt í áætlaðri þyngd búfjár á landinu það árið (PCU) og er þá gefið upp í mg/PCU. Þar kemur Ísland best út með 0,9 tonn og 8 mg/PCU á kg. Í þessari skýrslu er hlutfallið töluvert lægra á Íslandi en í Noregi.



Miklar áhyggjur í Bandaríkjunum

Í Bandaríkjunum hefur ofnotkun sýklalyfja og annarra lyfja í verksmiðjubúum einnig verið harðlega gagnrýnd af samtökum neytenda og dýravernðunarfélaga og vonast menn nú til að geta opnað augu manna þar í landi eftir 36 ára baráttu. Í mars 2012 fékk Fæðu- og lyfjaeftirliti Bandaríkjanna (Food and Drug Administration) réttartilskipunum alríkisdómstóls um að taka á ofnotkun sýklalyfja í landbúnaði til að vernda almenning fyrir ónæmi gegn sýklalyfjum. Treglega virðist þó hafa gengið að þoka málinu áfram vegna gríðarlegra peningahagsmuna í bandaríska matvælagæiranum.

Ástæða þessarar réttarskipunar er til kominn vegna lögsóknar Natural Resources Defence Council (NRDC), Center for Science in the Public Interest (CSPI), Food Animal Concerns Trust (FACT), Public Citizen og Union of Concerned Scientists (UCS) á árinu 2012.

Tvær milljónir manna sagðar smitast árlega af ofurbakteríu

Talið er að um 70-80% af



Úr fjölmiðlaumfjöllun í Bandaríkjunum. Kjúklingur sýndur uppfullur af lyfjum.



80% af öllum sýklalyfjum í Bandaríkjunum eru notuð í dýraeldi.



Sýklalyf eru ekki kjúklingafóður. Mynd af áróðursplakati gegn sýklalyfjanotkun í landbúnaði.

öllum sýklalyfjum sem notuð eru í Bandaríkjunum séu gefin heilbrigðum húsdýrum í smáskömmum til að hraða vexti þeirra og verja þau í óboðlegum aðstæðum. Í Evrópu er talið að hlutfallið sé um 50%. Áætlað hefur verið að í Bretlandi hafi verið notuð 350 tonn af sýklalyfjum í landbúnaði á árinu 2009 og þar af um 95% í alifugla- og svínarækt.

Frá 2006 hefur þó verið bannað í Evrópu að nota sýklalyf sem vaxtahvetjandi efni. Athuganir Lyfjaeftirlits Evrópu sýna samt að því banni virðist alls ekki hafa verið framfylgt. Sem dæmi var fullt af vefsíðu Ecologist að frá 2004 til 2009 hafi 45-55% af öllum ávísuðum fúkkalyfjum til landbúnaðar í Bretlandi verið notuð sem vaxtahvetjandi efni.

Notkunin í Bandaríkjunum er sögð valda miklum skaða


Bandaríkjamenn hafa aftur á móti verið mun róttækari í notkun sýklalyfja sem vaxtarhvata ef marka má fréttir. Tilraun til að draga úr þessu árið 2008 var sögð kæfð í snatri af hagsmunaaðilum í lyfjageiranum. Það gerðist þrátt fyrir að yfirvöld höfðu lýst hættunni á ofnotkun sýklalyfja í landbúnaði fyrir mannfólkið. Hættan á illviðráðanlegum bakteríufaraldri í fólki heldur því áfram að aukast.

Þegar sýklalyf eru notuð sem vaxtarhvati er þeim ýmist blandað í fóður eða drykkjarvatn dýranna. Slík lyfjanotkun hefur stöðugt verið að aukast undanfarin 60 ár þrátt fyrir vitneskju um áhættu sem því getur fylgt fyrir mannfólkið vegna þróunar ofurbaktería.

Tali er að minnsta kosti tvær milljónir manna smitist árlega í Bandaríkjunum af ofurbakteríum og það dragi 23 þúsund þeirra til dauða, samkvæmt upplýsingum Samtaka lífrænna neytenda í Bandaríkjunum, Organic Consumers Association.

Geta og hafa borist í menn

Í úrskurði bandaríska alríkisdómstólsins segir meðal annars:



Sýklalyfjanotkun í kjötframleiðslu er mest í Bandaríkjunum samkvæmt OCA.

„Rannsóknir hafa sýnt að notkun sýklalyfja í húsdýrum leiðir til þróunar á sýklalyfjaþolnum bakteríum sem geta og hafa borist frá dýrum í menn, í gegnum beina snertingu, umhverfisáhrifa, neyslu eða við meðhöndlun á menguðu kjöti og alifuglaafurðum.“

Þá hefur einnig verið sýnt fram á að ofurbakteríur geta borist með húsdýrum og húsdýraáburið í jarðveg þar sem ræktað er grænmeti. Þaðan berast þær auðveldlega í menn.

Þetta er samhljóða yfirlýsingum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar og fæðuöryggisvirkvalda í Evrópu. Þýskir vísindamenn gengu meira að segja svo langt að segja að orsaka sýkinga í allt að helmingi þeirra sem sýkjast í Hollandi ætti uppruna í eldisdýrum. Talan væri eitthvað lægri í Bretlandi. Þá væri meirihluti tilfella þar sem sýklalyfjagjöf dygði ekki til að vinna á matareitrun rakin til áunnins ónæmis manna fyrir sýklalyfjum. Það stafar af neyslu á kjöti af dýrum sem alin eru á sýklalyfjum.

Er ástandið sagt vera stöðugt versnandi. Ekki síst vegna ofnýtingar á ræktarlandi þar sem húsdýr fái ekki nauðsynleg bætiefni úr fæðunni og verði því viðkvæmari fyrir vaxandi flóru ofurbaktería.

Aðgerðarleysi í 35 ár

Gagnrýni þeirra samtaka sem hófu lögsókn 2012 byggir á því að í 35 ár hafi Fæðu- og lyfjaeftirliti Bandaríkjanna setið aðgerðarlaust hjá þegar matvælageirinn var uppvís að því að nota sýklalyf í vaxandi óhöfi. Avinash Kar, lögfræðingur NRDC, sem er aðili að stefnunni, sagði að á þessum 35 árum hafi

ofnotkun sýklalyfja við eldi á heilbrigðum dýrum aukist gríðarlega. Það hafi stuðlað að fjölgun tilfella þar sem sýklalyfjaþolnar bakteríur komu við sögu sem hafi stofnað lífi manna í hættu. Með þessari siðbúnu lögsókn sé verið að stíga skref til að vernda lífsnauðsynleg lyf fyrir þá sem þurfi mest á þeim að halda, nefnilega mannfólkið.

„Þessum lyfjum er ætlað að lækna sjúkdóma, ekki til að fita svína og kjúklinga,“ sagði Kar.

Eftirlitið aðhafðist ekkert þrátt fyrir vitneskju um hættuna

NRDC segir að „sofandaháttur“

Fæðu- og lyfjaeftirlitsins (FDA) í málinu sé athyglisverður í ljósi þess að langt er síðan vitað var um hættuna sem mannfólki gæti stafað gæti af notkun sýklalyfja í landbúnaði. Sé þetta enn athyglisverðara í ljósi þess að strax árið 1997 hafi þessi sama stofnun komst að þeirri niðurstöðu að jafnvel lítil notkun á penisillíni og tetrasýklíni í húsdýrum gæti valdið því að bakteríur sem gætu smitast í fólki þróuðu með sér ónæmi við lyfjunum. Þrátt fyrir þessa vitneskju og setningar laga sem átti að leiða til þess að FDA aðhefðist eitthvað í málinu var „ekkert gert í 35 ár“.

„Þessi aukning tilfella ofurbaktería sem við sjáum núna var spáð af FDA á áttunda áratugnum,“ sagði Jen Sorenson, annar lögfræðingur NRDC.

Helstu heimildir:

Nationen
Landlæknisembættið
Haraldur Briem sötvarna-læknir
Lyfjastofnun Evrópu (EMA)
Natural Resources Defense Council (NRDC)
Organic Consumers Association
Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO)
Sötvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC)



Thermia

Mest seldu jarðvarmadælurnar á Íslandi

Thermia varmadælur loft í vatn og vatn í vatn (jarðvarmadælur).

Hafðu samband og kynntu þér mögulegan orkusparnað með varmadælu. Þjóðum fría ráðgjöf og útreikninga um mögulegan orkusparnað.

Vertu velkominn í hóp ánægðra viðskiptavina, við bjóðum þér að hafa samband við okkar viðskiptavini til þess að kynna þér gæði og þjónustu okkar.

Thermia fagnar 90 ára afmæli í ár og er í eigu Danfoss.

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælu

Smiðjuvegur 70 - 200 Kópavogur
www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

HREINSI- OG SMUR- EFNI, GÍROLÍUR, SMUROLÍUR OG RÚÐUVÖKVI

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIÐA



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

kemi

Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 544 5466
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00 - 17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00 - 17.00.



„Mér hefur hvergi lítið betur en í kringum skepnur en vissi auðvitað að fleiri störf væru til skemmtileg en að vera bóndi. Mér líður mjög vel í þessu starfi,“ segir Sigurgeir Hreinsson. Hann söðlaði um á liðnu ári, hætti búskap á jörð sinni Hríshóli í Eyjafjarðarsveit sem hann hafði stundað í ríflega 30 ár og tók við stöðu framkvæmdastjóra Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Myndir / MÞÞ

Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar:

Kom snemma í ljós að ég ætlaði að verða bóndi

„Mér hefur hvergi lítið betur en í kringum skepnur, en vissi auðvitað að fleiri störf væru til skemmtileg en að vera bóndi. Mér líður mjög vel í þessu starfi,“ segir Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Hann söðlaði um á liðnu ári, hætti búskap á jörð sinni Hríshóli í Eyjafjarðarsveit sem hann hafði stundað í ríflega 30 ár, flutti heimili sitt eilítið norðar í sama sveitarfélagi, í þéttbýlið við Hrafnagil en starfar á Akureyri, í húsakynnum Búnaðarsambandsins við Öseyri. „Það var auðvitað ekki sjálfgefið að mér féllu þessu miklu umskipti, að sinna störfum að mestu leyti við skrifborð þegar maður hefur vanist því að vera sjálfs hins herra á eigin jörð í meira en þrjá áratugi. Það hefur verið mikið að gera, hvert verkefnið á fætur öðru komið upp sem þarf að takast á við, svo það er í nógu að snúast.“

Sigurgeir flutti að Hríshóli 1. júní árið 1961, daginn eftir tveggja ára afmæli sitt. Foreldrar hans keyptu jörðina og byggðu hana upp. Ættir

sínar rekur Sigurgeir til Suður-Þingeyjarsýslu en þaðan eru bæði móðir hans, Erna Sigurgeirsdóttir, og faðir, Hreinn Kristjánsson, Erna frá Arnstapa í Ljósavatnsskarði og Hreinn frá Svartárkoti í Bárðardal. Margir af afkomendum afa og ömmu Sigurgeirs í móðurætt fluttu í Eyjafjörð og byggðu þar upp sínar jarðir. Afi hans og amma í föðurætt bjuggu í Svartárkoti, en Kristján afi hans lést fyrir aldur fram og hafði fyrir andlátið gert ráðstafanir og beðið bróður sinni búsettan í Eyjafirði að finna jörð þar í sveit fyrir konu sína og börn. Ekkjan hélt ásamt börnum sínum, því yngsta 9 ára að Öxnafellsskoti, sem nú heitir Fellshlíð. Elstir voru synirnir, Jón örlítið yfir tvitugt og Hreinn sem var 18 ára. Þeir bræður byggðu Fellshlíð upp, þar með talið öll hús og bjuggu þar félagsbúi til ársins 1961.

Aldrei kom annað til greina en að verða bóndi

„Ég held það hafi snemma verið ljóst að hugur minn stefndi í þá átt að



Fjallganga er eitt helsta áhugamál Sigurgeirs og Bylgju Sveinbjörnsdóttur eiginkonu hans. Hér eru þau á liðnu sumri í Kerlingarfjöllum.

verða bóndi, ég hafði eiginlega ekki áhuga fyrir neinu nema skepnur og búskap,“ segir hann. Þegar verið var að spyrja börnin í skólanum hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau

yrðu stór vafðist mörgum tunga um tönn, en Sigurgeir og öll skólasystkin hans velktust ekki í vafa um að hann yrði bóndi. Eins og raunin varð. Hann segir að örsjaldan hafi

hann látið sér detta eitthvað annað starf í hug. Eitt sinn þegar hann var ungur að árum kom Þráinn Karlsson leikari ríðandi heim á hlað í Hríshóli, „og mér fannst hann alveg ótrúlega



Séð yfir fjósið á Hríshóli.

flottur og lét mér til hugar koma eitt augnablik að verða leikari eins og hann. Svo man ég líka að föðurbróðir minn var smiður og reykti pípu, það fannst mér líka ógurlega töff og langaði að feta í hans fotspor. Af hvorugu varð,“ segir hann.

Aldrei gert neitt annað ef frá er talin ein sláturtíð

Búskapurinn átti hug Sigurgeirs allan og ungur þekkti hann allar skepnur á bænum. Þá var hann fljótur að læra stærðir á túnnum jarðarinnar, lá yfir túnkortum átta ára gamall og lærði utanbókar stærð á hverri einustu spildu. Það kom því ekki á óvart að Sigurgeir hélt til náms á Hvanneyri og útskrifaðist sem búfræðingur þaðan. Að loknu námi starfaði hann tvívegis að sumarlagi í Noregi, fyrra sumarið í afleysingum fyrir fimm bændur og hið síðara á einum og sama bænum. Þá vann hann víðs vegar á Íslandi um skeið eða þar til hann rúmlega tvítugur að aldri settist að á Hríshóli og tók til starfa á búi foreldra sinna.

„Ég hef aldrei unnið við neitt annað en búskap, ef frá er talin ein sláturtíð þegar ég var í síðasta bekk í grunnskóla. Ég og vinur minn Árni Sigurðsson á Höskuldstöðum ákváðum þá um haustið að fá okkur vinnu á sláturhúsinu á Akureyri og gerðum það. Við mættum svo bara í skólann eins og finir menn 25. október. Ég veit nú ekki hvort þetta hafi verið vel séð, en við komumst upp með þetta.“

Pabba þótti ég nægilega ráðsettur

Félagsbú um rekstur búsins að Hríshóli var stofnað um áramótin 1980 til 1981 með þátttöku Sigurgeirs og foreldra hans. Hann hafði þá starfað við búið frá því um haustið, var kominn með kærustu, Bylgju Sveinbjörnsdóttur frá Akureyri. Þau trúlofuðu sig um jólnin 1980.

„Ætli pabba hafi ekki þótt þetta vísbending um að ég væri hættur flakkinu og nægilega ráðsettur,“ segir hann. Bylgja og Sigurgeir eiga þrjú börn: Elmar, sem er trésmiður og bóndi á Hríshóli, Ernu, iðnaðarverkfræðing í Reykjavík, og Eyðisi, nema við Menntaskólann á Akureyri. Bylgja er klæðskeri og kjólasveinn að mennt og starfar sem verslunarstjóri hjá Föndru á Akureyri.

Ekkert hik á manni á þessum árum

Sigurgeir og Bylgja byggðu sér stórt íbúðarhús fljótlega eftir að þau settust að á jörðinni og voru sveitungar margir hverjir undrandi á stórhug þeirra. „Það þótti mörgum þetta býsna mikil bjartsýni hjá okkur og Bylgja hafði raunar aðeins nefnt hvort ekki væri ráð fyrsta kastið að fá leigt einhvers staðar í nágrenninu. En ég var ólmur í að byggja upp til framtíðar, elsta barnið okkar var þegar fætt og einhvern veginn var það svo á þessum árum að það var ekki neitt hik á manni,“ segir Sigurgeir.

Á Hríshóli hafa kýr verið í önd-vegi, grunntekjur búsins hafa alla tíð komið frá mjólkurframleiðslunni, en einnig hefur verið búið með kindur, mest um 160 talsins.

Félagsbúið var rekið til ársins 1996 þegar foreldrar Sigurgeirs drógu sig í hlé og hættu búskap. Frá þeim tíma og þar til sumarið 2013 ráku Bylgja og Sigurgeir búið. Hin síðari ár ásamt Elmari syni sínum og sambýliskonu hans, Sunnu Axelsdóttur.

Í upphafi búskapar þeirra var fyrir á Hríshóli nýlegt 40 kúa fjós. Á árinu 2003 var svo byggt nýtt lausagöngufjós með mjaltþjóni af De Laval-gerð. Sigurgeir segir búskap sinn hafa alla tíð einkennt af því að fylgjast með tækninýjungum á hverjum tíma og tilheyrandi framkvæmdum eða fjárfestingum. Þannig voru ábúendur á Hríshóli í hópi þeirra fyrstu til að prófa sig áfram með kornrækt og fjölmargar tilraunir hafa gerðar í jarðrækt um árin.



Séð heim að Hríshóli í Eyjafjarðarsveit.

Ekki fyrstur en oft annar!

„Ég held ég hafi prófað allt sem hægt er á þeim vettvangi, enda

áhugasamur um að skoða þá kosti sem í boði eru og henta hér um slóðir. Það er mikilvægt að finna út hvað er hagkvæmt fyrir búskapinn,

hvað gengur upp og hvað ekki. Þess vegna er nauðsynlegt að fylgjast vel með því sem er að gerast varðandi nýjungar á tæknisviðinu og í ræktun

búfjár og jarðar. Geri menn það ekki er hætta á að þeir heltist úr lestinni og þá verður erfiðara að hoppa aftur upp á vagninn, skrefin verða stærri og erfiðari. Tækniframfarir eru yfirleitt til mikilla bóta, en ég hef haft fyrir venju að riða ekki á vaðið, vera ekki fyrstur til að prófa eitthvað nýtt og þannig getað séð hvernig þetta kemur út hjá öðrum. Þetta er kannski ákveðin fyrirhyggja en oftast var ég fljótur til að prófa þær nýjungar sem í boði voru í búskapnum,“ segir Sigurgeir.

Flatgryffur munu ryðja sér til rúms

Hann nefnir einnig að á árinu 2011 hafi verið steyptar út flatgryffur á Hríshóli. Áður eða frá árinu 2007 var notast við útistæður og kom það að sögn Sigurgeirs það vel út að ákveðið var að steypa gryfjurnar. „Við vorum í þeirri stöðu að ferbagga vélin okkar var að syngja sitt síðasta og stóðum því frammi fyrir því að hana þyrfti að endurnýja en einnig voru aðrir kostir í boði og við veltum þeim fyrir okkur áður en við tókum þessa ákvörðun. Það varð fyrir valinu að steypa út flatgryffur og ég hygg að mögulega sé það ein besta aðferðin til að verka hey sem völ er á. Skilyrðið er þó að góð aðstaða sé fyrir hendi og sú var raunin heima á Hríshóli. Mér finnst líklegt að þessi aðferð eigi eftir að ryðja sér til rúms til framtíðar lítið, kostir hennar eru margir. Heyskapur tekur skemmri tíma og mér þykja heygæðin betri en þegar verkað er í plast,“ segir hann.

Sigurgeir stundaði búskap í riflega þrjá áratugi og segist þegar hann líti yfir farinn veg að sér þyki, „eins og maður hafi alltaf verið blankur en samt haft það alveg þokkalegt,“ eins og hann orðar það. Aldrei liðu mörg ár á milli stórra framkvæmda eða fjárfestinga í húsum, vélum og tækjum, „en ég ók aldrei um á dýrum bílum, mitt mottó í þeim efnum er að þeir séu ekki of gamlir og bili ekki of mikið, þá er ég sáttur“.

Blundaði í mér að prófa eitthvað nýtt

Þá segist hann einnig sáttur við þá ákvörðun að hverfa frá búskap og takast á við önnur og ný verkefni. Hríshóll sé í góðum höndum, en að rekstrinum standa nú Elmar sonur hans í félagi við systur Sigurgeirs, Helgu Berglindi, og mág, Guðmund Óskarsson.

„Við veltum málum auðvitað vel fyrir okkur áður en við tókum þá ákvörðun að hætta. Annaðhvort yrðum við áfram bændur fram á elliár eða skiptum um starfsvettvang þegar möguleiki var á þokkalegri vinnu. Sú varð niðurstaðan, kannski ekki sist af því að jörðin er áfram í eigu fjölskyldunnar, það er gott ►



Sigurgeir Hreinsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar, fyrir framan vinnustaðinn á Akureyri.

Kann vel við sig í nýju starfi

Sigurgeir hefur nú starfað sem framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Eyjafjarðar frá því á fyrri hluta síðasta árs og kann því vel.

Sambandið er með ýmis verk-efni á sinni könnu, það rekur bókhaldsþjónustuna Bókvis og nýta margir bændur sér hana, þá sinnir það kortateikningum og hefur umsjón með sæðingum á svæðinu. Ýmiss konar úttektir eru einnig á vegum búnaðarsambandanna auk almennrar þjónustu við bændur. Einnig sér BSE um rekstur klaufskurðarbáss sem það á í sameign með Þingeyingum. Sambandið á efri hæð í húsnæði við Óseyri og starfa þar um 20 starfsmenn, en leigt er út rými m.a. til RML, Bændasamtakanna, Landbúnaðarháskólans og Landsambands kúabænda. Þá á félagið einnig bifreiðar. Starfsemi á vegum BSE sé því allumsvífamikil og full þörf á að halda utan um hana.

Umbrotatimar í félagsmálum

Hann segir að um þessar mundir séu umbrotatimar þegar komi að félagsmálum bænda, óvissa ríkjandi og þó nokkuð umrót. Búnaðargjaldið sem er undirstaða félagskerfis og

ráðgjafar sé mjög ótryggt. „Við þær breytingar sem urðu fyrir ári fór af stað bolti sem ekki er ljóst hvar endar. Kannski voru það mistök á sínum tíma, 1994 að sameina ráðgjöf og stéttarbaráttu. Sennilega var eina skynsamlega hugsunin á bak við það einföldun og sparnaður en ekki að hlutirnir virkuðu best með þeim hætti. Þetta getur leitt til þess að Bændasamtökin komi til með að verða hagsmunasamtök búgreinafélaga. Það er ekki aðalatriðið að flýta sér, heldur að komast að skynsamlegri niðurstöðu,“ segir Sigurgeir.

Látum á það reyna hvort grundvöllur er fyrir þessu starfi

Hann segir stöðu búnaðarsambanda á landinu misjafna, sum staðar sé nánast engin starfsemi fyrir hendi en annars staðar sé hún nokkuð mikil. Því sé erfitt að hafa samræmt kerfi yfir starfsemi sambandanna, þar sem aðstæður eru afar mismunandi. Hlutverk Sigurgeirs sem framkvæmdastjóra BSE er einnig að vera málsvari bænda í héraði út á við, ásamt formanni, en landbúnaður er öflug og mikilvæg atvinnugrein í Eyjafirði. „Við ætlum að láta á það reyna hvort grundvöllur er fyrir

þessu starfi, framtíðin mun leiða það í ljós,“ segir hann.

Ánægjulegt að neysla landbúnaðarafurða eykst

Sigurgeir er bjartsýnn fyrir hönd íslensks landbúnaðar og segir ánægjulegt hve neysla á landbúnaðarafurðum hafi aukist á liðnum misserum. Það eigi bæði við um mjólkurafurðir og kjöt. Það sé því ljóst að unnt sé að auka framleiðsluna, það eigi við almennt um allan heim. Varðandi kröfur til bænda hér á landi um að auka mjólkurframleiðslu segir hann að í sínum huga vegi það ekki þungt hvort þeir gripir sem undir framleiðslunni standa eigi forfeður sem hafi verið hér í þúsund ár eða komi af öðrum stofnum. Íslensk landbúnaðarvara sé afurð sem framleidd er á Íslandi. Visar hann þar til baráttu margra kúabænda að fá erfðæfni inn í íslenska stofninn, en slík aðgerð muni án efa hafa í för með sér aukna framleiðslu og hagkvæmni. „Mér er til efs að svína- og kjúklingabændur væru í þeirri stöðu á markaði sem þeir eru í um þessar mundir nema fyrir það að leyfi fékkst til að flytja inn erfðæfni til að bæta stofninn sem fyrir var,“ segir Sigurgeir.



Flatgryfjur voru teknar í notkun á Hríshóli árið 2011, en þær eru 2,70 á hæð, 6,5 metrar á breidd og um 35 metra langar. Sigurgeir er þess fullviss að heyskaparaðferð af þessu tagi muni ryðja sér til rúms á komandi árum.

að vita af sínu fólki á staðnum og gerir manni kleift að skjótask þangað í heimsókn hvenær sem færi gefst,“ segir Sigurgeir og líkir því að nokkru við afa- og ömmuhlutverkið.

„Við getum skroppið og tekið þátt í því sem skemmtilegt er og eins þegar á þarf að halda og farið svo bara heim!“ Bætir hann við að það hafi raunar blundað í sér um skeið að breyta til, prófa eitthvað annað og nýtt.

Reynslubolti í félagsmálum

Sigurgeir hefur frá unga aldri tekið þátt í félagsmálum og er mikill reynslubolti á þeim vettvangi. Lét hann fyrst til sín



Barnabarnið Hlynur Snær Elmarsson, fimm ára, hefur gaman af búskapnum. Hér er hann á þreskivélinni þegar verið er að dæla korni yfir á vagninn.



Veglegur vélbúnaður á hlaðinu á Hríshóli.

taka í ungmennafélagsmálum, sat í sveitarstjórn Saurbæjarhrepps og var þar oddviti áður en sveitarfélagið sameinaðist Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppi og varð Eyjafjarðarsveit og þá hefur hann verið í stjórnun Búnaðarfélaga og ýmissa félaga annarra eins og Félagi sauðfjárbænda í Eyjafirði og Félagi kúabænda auk búnaðarsambandsins, Búnaðarþings og öllu sem því fylgir. „Ég var nú alltaf af og til að lofa

fjölskyldunni að hætta afskiptum mínum í þessum félagsmálum og stundum tókst það í smástund, en svo leið ekki að löngu þar til ég var komin á ný í eitthvert bras. Þetta félagsmálavafstur tekur tíma og kostar fjarveru frá heimili. en ég hafði alla tíð gaman af mannlegum samskiptum og það er auðvitað ómetanlegt að hafa kynnst öllu því góða fólki um land allt sem verið hefur með mér í þessu.“ */MPÞ*



Umsókn um orlofsdvöl
Sumarið 2014

Hér að neðan er að finna umsóknareyðublað um orlofsdvöl í húsunum að Hólum í Hjaltadal og á Flúðum, Hrunamannahreppi sumarið 2014. Það gildir fyrir félaga í búnaðarsamböndum og/eða búgreinafélögum sem eiga aðild að BÍ – Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 15. mars 2014.

Undirrituð/Undirritaður sækir hér með um:

☐ Orlofsdvöl að Hólum	- Tímabilið:
☐ Orlofsdvöl á Flúðum	- Tímabilið:

Nafn umsækjanda	Kennitala

Heimilisfang	Símanúmer

Póstnúmer og staður

Hefur þú áður fengið úthlutað orlofsdvöl í sumarhúsi hjá Bændasamtökunum?

☐ Já ☐ Nei

Undirskrift félaga og dagsetning



Umsóknina skal senda fyrir 15. mars nk. rafrænt á netfangið_ho@bondi.is eða á póstfang Bændasamtaka Íslands: **Bændahöllin v/Hagatorg, 107 Reykjavík, merkt Orlofsdvöl sumarið 2014**



Sumarhúshahverfið á Hólum.

Mynd / HKr.

Sumarleiga orlofshúsa BÍ í fullum gangi

Félagsmenn Bændasamtakanna eru hvattir til að nýta sér útleigu á sumarhúsum í sumar annaðhvort á Hólum í Hjaltadal eða á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Um er að ræða vel útbúin hús þar sem öll nútímaþægindi eru til staðar og gerður hefur verið góður rómur að. Margt fróðlegt og skemmtilegt er hægt að gera í námunda við orlofs-húsin og ber þar að nefna dvölinu á Hólum að kíkja við í glæsilegri sundlaug á Hofsósi og skoða þar Vesturfararsetrið í leiðinni. Einnig er hægt að renna út á Siglufjörð og skoða Sildarminjasafnið og jafn-vel prófa nýleg Hédinsfjarðargöng í leiðinni. Að auki er mjög skemmti-legt að fara hringferð út á Skaga á ísbjarnarslóðir.

Síðan má ekki gleyma þeim fjölmörgu bændum sem eru í nágrenni Hjaltadals og í nánd við Flúðir sem bjóða í heimsókn í gegnum Opinn landbúnað og er tilvalið fyrir gesti orlofshúsanna að bregða sér í heimsókn til starfsbræðra sinna.

Flúðir er þéttbýliskjarni miðsvæðis í Hrunamannahreppi og þykir þar notalegt og fagurt. Litla-Laxá rennur í gegnum þorpið og mikill jarðhiti er á svæðinu. Ylrækt er mikil og er þar einnig mesta svepparækt landsins. Alls konar afþreying sem tengist jarðhita stendur til boða og á Flúðum er góð sundlaug. Flestir ættu að finna hér eitthvað við sitt hæfi. Stutt er í veiði í ám og vötnum. Margir sögustaðir eru í grenndinni og má þar nefna kirkjustaðinn Hruna, en hann tengist sögunni „Dansinn í Hruna“, þegar kölski sjálfur kom nýársnótt eina, þegar heimamenn sátu að svalli og dansi í kirkjunni, og kippti snót einni niður í undirdjúpin. Skemmtilegur hringur, Gullfoss, Geysir, Skálholt, Sólheimar svo eitthvað sé nefnt. Árnes, Laugarás, Laugarvatn og margir fleiri áhugaverðir staðir.

Hægt er að panta dvöl í sumar-húsunum, sem er vika í senn, hjá Halldóru Ólafsdóttur í gegnum netfangið ho@bondi.is eða í síma 563-0300.

Umferðin á Hringveginum jókst töluvert 2013

Viðsnúningur varð í umferðinni á Hringveginum á síðast ári. Umferðin á 16 talningarstöðum jókst um 3,6 prósent eftir nær samfelldan samdrátt í umferðinni síðan árið 2007. Umferðin er núna ríflega það sem hún mældist árið 2006. Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar.

Umferðin um 16 lykilteljara Vegagerðarinnar jókst um 1,5 prósent á milli desembermánaða. Þetta er minni aukning en búist hafði verið við í reiknilíkani Vegagerðarinnar og mun minni

aukning en varð á milli sömu mánaða á síðasta ári.

Umferðin í desember jókst einungis um tvö landsvæði og mest mældist aukningin um teljara á Norðurlandi, um 5,2%. Mest dróst umferðin saman um teljara á Vesturlandi, um 3,2%.

Aukning upp á 3,6% milli ára

Í ljós kemur þegar árið 2013 er gert upp miðað við talningarstaðina 16 að umferðin í heild jókst um 3,6% milli ára.

Svo mikil aukning hefur ekki mælst síðan árið 2007. Þetta er því mikill viðsnúningur eftir nánast samfelldan samdrátt frá því ári. Umferðarmagnið nú samsvarar rétt rúmlega því umferðarmagni sem mældist árið 2006 á þessum stöðum.

Hafa skal í huga segir á vef Vegagerðarinnar að tölurnar gefa einungis vísbendingar um hvernig umferðin gæti hafa þróast í heild á landinu öllu, árið 2013 því þetta eru einungis tölur fyrir Hringveginn.

/MPB

Schaffer 2024

Schäffer
Lader

Schaffer liðléttingarnir eru liprar og öflugar vinnuvélar sem bjóða upp á mikla notkunarmöguleika

**Verð frá kr. 3.190.000,- án vsk.
Með skóflu og greip
m.v. 160€**



Schäffer - mest seldi liðléttingur á Íslandi



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

www.jotunn.is

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is

Verð eru birt með fyrirvara um innláttarvillur.

RENNIHURÐIR Á KYNNINGARVERÐI

- Sparar pláss
- Öruggt og traust
- Einfalt í uppsetningu

Eigum tilbúnar til afgreiðslu strax vegghengdar agla 50 rennihurðabraitir með hertu 8mm sýrupveignu gleri og fingurgrip á hreint frábæru verði 99.500 kr

Íspan
GLER OG SPEGLAR

54 54 300 • SMÍÐJUVEGUR 7 • KÓPAVOGUR
Eina glerverksmiðjan á landinu með vottaða framleiðslu

Öruggir og vandaðir.

TP



Vandaðir TP trjákurilarar

Ásafi ehf er vörumerkið umboðsaðili fyrir TP trjákurilana, framleidda hjá Linddani í Danmörku.

Ásafi býður mikið úrval af traktorsdrifnum eða veldifnum trjákurilum fyrir larka frá 100 - 400mm.



Treystið gæðunum
Linddani veitir 3. ára ábyrgð.

TP viðhaldspakki
fyrir með (slitjarn off)



ÁSAFL EHF

Hjallahraun 2 - 220 Hfj. - 562 3833 - 863 5512 - www.asafi.is - asafi@asafi.is

Bed Breakfast
Keflavik Airport · Iceland



Ertu á leiðinni til eða frá landinu?

Láttu fara vel um þig nóttina fyrir eða eftir flug og gistu hjá okkur.

Aðeins 8.500 kr. fyrir tveggja manna herbergi!

Við geymum bílinn fyrir þig, keyrum þig upp á flugvöll og sækjum þig aftur þér að kostnaðarlausu.



Því ekki að byrja eða enda friðið í Bláa Lóninu, aðeins um 15 mín. akstur frá okkur, eða skoða Víkingasafnið, gamla hervöllinn og Reykjanesið?

• Rúmgóð herbergi með gervihnatta-sjónvarpi og baði

Við erum vel staðsett til að njóta alls þess sem Reykjanesið hefur upp á að bjóða. Tilvalið fyrir hvataferðir, fundi eða rómantískar stundir.

• Morgunverður er innifalinn
• Þráðlaus nettenging

www.bbkeflavik.com

Gistihús Keflavíkur · Keflavíkurflugvelli · Valhallarbraut 761 · 235 Reykjanesbæ
Sími 426 5000 · gistihus@internet.is

**BÍLSKÚRA- OG
IÐNAÐARHURÐIR**

Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is



Benjamín við um 50 rúmmetra viðarstafla, afrakstur vinnu síðustu vikna.

Myndir / MÞÞ

Benjamín Örn Davíðsson skógfræðingur flutti frá Noregi fyrir ári og starfar nú við skógarhögg á Íslandi:

Næg verkefni árið um kring

„Ég er að byggja þetta upp skref fyrir skref. Það eru fjölmörg tækifæri í þessari grein og um að gera að nýta þau,“ segir Benjamín Örn Davíðsson skógfræðingur, en frá því hann flutti heim til Íslands frá Noregi fyrir tæpu ári, í mars í fyrra, hefur hann starfað sem skógarhöggsmaður og segir verkefni næg. Hann hefur skapað sér vinnu árið um kring og er með mann á launaskrá auk þess sem einn undirverktaki starfar einnig að skógarhögginu. Þeir eru því þrír félagarnir á ferðinni í skógunum, enda óskrifuð regla segir hann að menn séu ekki að störfum einir við skógarhögg.

Benjamín Örn ólst upp í Eyjafjarðarsveit, í Hólsgarði sem er innsti bærin í sveitinni og einnig Torfufelli. Kúabúskapur var stundaður á þessum jörðum og mest voru 55 mjólkandi kýr í fjósi og 400 fjár. „Ég vil hvergi annars staðar vera en í sveitinni,“ segir Benjamín, sem kom sér fyrir á Hólshúsum þegar hann sneri heim á ný eftir langa fjarveru frá æskulóðum. „Ég var ekki hrifinn af skógrækt þegar ég var krakki, eitt það leiðinlegasta sem ég gerði var að gróðursetja. Áhuginn kom síðar,“ segir hann, en um tvítugt var hann farinn að planta trjáum hér og hvar umhverfis Torfufell.

Mikilvægt að læra réttu handtökin strax

Það blundaði í honum að læra skógfræði en til þess þurfti á þeim tíma að halda utan til náms. „Og ég bara tímdi því ekki, átti unga dóttur þá og vildi ekki flytja svo langt í

burtu frá henni,“ segir Benjamín. Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri bauð árið 2004 í fyrsta sinn upp á nám í skógfræði og var hann þá ekki lengi að hugsa sig um. Benjamín var í fyrsta hópnum sem brautskráðist með BS-gráðu í skógfræði frá skólanum eftir þriggja ára nám. Að námi loknu lá leiðin austur á land, en Benjamín fékk vinnu hjá Héraðs- og Austurlandsskógum

og starfaði þar um þriggja ára skeið. „Á þeim tíma komst ég fyrst í kynni við skógarhöggið og langaði að læra réttu handtökin, því það er ekki sama hvernig menn bera sig að. Ég lærði undirstöðuatriðin af öðrum skógarhöggsmönnum, bæði fyrir austan og á Vesturlandi, og fór síðar á námskeið hjá norskum leiðbeinenda frá Aktivt Skogbruk þar sem ég lærði réttu vinnubrögðin og það gjörbreytti

öllu. Þetta starf verður mun auðveldara þegar maður kann að beita sér rétt. Það er mikilvægt að læra undirstöðuatriðin strax,“ segir Benjamín.

Íslendingum ekki tamt að plana langt fram í tímann

Haustið 2010 fór Benjamín Örn í meistaranám í skógfræði við landbúnaðarháskólann í Asi í Noregi

og flutti svo heim í heiðardalinn, Eyjafjörð, í mars í fyrra. Hann segir eftir veru sína úti að Norðmenn hugsi á annan hátt en Íslendingar; í þá síðarnefndu vanti „skógarhugsun“, þ.e. að í skógunum felist verðmæti þegar til lengri tíma er lítið.

„Íslendingum er ekki tamt að plana langt fram í tímann og þeir hefjast gjarnan handa við ýmis verkefni en vilja sjá ávinning strax, þolinmæðinni er ekki alltaf fyrir að fara. Þegar menn leggja fyrir sig skógrækt verður að horfa langt fram í tímann, hálfa öld eða svo,“ segir Benjamín. Hann bætir við að í Noregi nýti menn jarðir sínar vel og séu gjarnan með skógarreit á hluta hennar sem þeir líti á sem varasjóð. Algengt sé að hafist sé handa við skógarhögg við kynslóðaskipti á jörðunum.

„Það er töluverður peningur í því timbri sem til fellur í skógunum,“ segir hann. Þessi möguleiki er ekki fyrir hendi hér á landi í miklum mæli enda ekki sérlega langt síðan hafist var handa við skógrækt í einhverjum mæli.

Niðurskurður hefur alvarlegar afleiðingar

Mikill niðurskurður hefur verið í skógrækt hér á landi frá efnahagshruni haustið 2008, dregið var úr fjárveitingum með þeim afleiðingum að mun minna var plantað af trjáum en á árunum þar á undan.

„Þetta gap sem hefur myndast í gróðursetningum landshlutabundnu skógræktarverkefnanna mun koma fram síðar, er við förum að grisja skógana og fá úr þeim



Benjamín Örn Davíðsson, skógfræðingur og skógarhöggsmaður, og Bolli Gunnarsson sem starfar með honum.

viðarnytjar. Fyrirtæki og verktakar í skógargeiranum munu finna fyrir þessu þar sem minna verður um skógarafurðir og verkefni. Fjárveitingar hafa undanfarin misseri staðið í stað, ekki aukist eins og ákjósanlegt hefði verið, en ég vona svo sannarlega að breyting verði á til batnaðar innan tíðar. Það eru nefnilega á þessu máli margar hliðar og þessi niðurskurður mun hafa áhrif í framtíðinni á íslenskt efnahagslíf. Menn sjá ekki alltaf fyrir hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra hafa.“

Allt selst sem í boði er

Benjamín segir að verkefni séu næg og svo verði áfram í nánustu framtíð. Hann og félagar hans hafa verið að grísa á Vöglum á Þelamörk frá því í lok október og sér hann fram á að það verkefni standi fram á vor. „Verkefnin eru næg svo lengi sem hægt er að selja timbríð sem til fellur og staðan er sú að eftirspurn eftir því er mikil. Það selst allt sem í boði er,“ segir hann. Stærsti einstaki kaupandinn er Elkem á Grundartanga, en fyrir hendi er samningur milli verksmiðjunnar og Skógræktar ríkisins um að hún kaupi mestallan þann grísjunarvið sem til fellur í skógum Skógræktarinnar auk þess sem hún kaupir einnig frá öðrum, skógarbændum m.a., og selur áfram til Elkem.

Ný tækifæri eftir kreppu

„Eftir kreppu opnuðust einnig möguleikar á að selja timbur úr íslenskum skógum, innflutt timbur varð svo dýrt að menn leituðu annarra leiða og horfðu á markaðinn hér innanlands. Flettiefni (sagað til í lengdir og þurrkað) er vinsælt í dag og allt timbur sem er flett selst. Skógarnir eru til staðar og þá þarf að grísa, þannig að nægt hráefni er fyrir hendi til að anna eftirspurn á innlendum markaði,“ segir hann. Því til viðbótar eru tækifæri og ótal möguleikar á að koma afurðum skógarins í verð, segir Benjamín og telur þess virði að kanna hvort þeir gangi ekki upp.

Nægur markaður

„Elkem kaupir um 3.000 rúmmetra núna, en útreikningar benda til að einungis úr skógum á norðanverðum landinu geti fallið til 1.500 til 2.000 rúmmetrar á ári,“ segir Benjamín og nefnir í framhaldi af því að hugsanlega bætist síðar við tveir stórir kaupendur að grísjunarviði. Í bigerð sé að reisa kísilverksmiðju á Bakka við Húsavík sem gæti nýtt sér slíkan við. Þá bendir hann á nýttkomna skýrslu sem leiðir í ljós að hagkvæmt þyki að koma upp fjarvarmaveitu í Grímsey og nýta íslenskan trjávið sem orkugjafa auk afgangvarma frá disilstöð eyjarinnar. Nægur efniviður er í norðlenskum skógum, en í meistaraþrófsritgerð sinni fjallaði Benjamín m.a. um það magn grísjunarviðar sem til staðar er í norðlenskum skógum. Niðurstaðan er sú að það er nægilegt og meira til svo að framkvæmanlegt sé að kynda húsin í Grímsey upp með viðarkurli. Talið er að um 650 rúmmetra þurfi á ári til að slíkt sé hægt.

Öflug og fjölbreytt vinnsla úr afurðum skóganna

„En það er ýmislegt annað sem hægt er að gera við afurðir skógarins. Ég sé fyrir mér að í framtíðinni munum við vera með öflugum og fjölbreytta vinnslu á þeim afurðum og vera sjálfbær að mestu um timbur og timburafurðir,“ segir hann og nefnir í því sambandi meðal annars að hægt sé að vinna úr þeim undirburð fyrir kýr, en hann sé að mestu innfluttur sem stendur. „Við gætum skapað bæði atvinnu og sparað gjaldeyri með því að vinna þennan undirburð hér heima, en til að gera slíkt þarf að koma sér upp góðri aðstöðu. Það þarf rými til að þurrka viðinn og síðan salla hann niður í fínt sag. Ég væri löngu kominn á fullt í þessu ef ég hefði aðstöðuna,“ segir Benjamín.



Skógarhöggjið reynir á líkamann en verður auðveldara ef menn beita sér rétt.



Benjamín segir að verkefni séu næg og svo verði áfram í nánustu framtíð. Hann og félagar hans hafa verið að grísa á Vöglum á Þelamörk frá því í lok október og sér hann fram á að það verkefni standi fram á vor.

Óvissa tengd veðri alltaf fyrir hendi

Nú vinnur hann að því að byggja upp starfsemi í kringum skógarhöggjið og kanna hvort möguleiki sé á að stofna í kringum það fyrirtæki. Sem fyrr segir eru í raun næg verkefni

til staðar við grísjun, en margt fleira spilar inn í. Starfið segir hann vera líkamlega erfitt og slítandi og því alltaf spurning hversu lengi menn endist. Þá fylgi því miklar fjárfestingar í vélum og tækjum. Óvissa tengd veðri sé líka alltaf fyrir hendi og nefnir Benjamín að lítið

sem ekkert hafi verið hægt að vinna við grísjun í norðlenskum skógum í fyrravetur, snjóaveturinn mikla 2012–13. Austur í Þingeyjarsýslu er mikill snjór yfir öllu og ekki hægt að vinna við grísjun, en annað uppi á teningnum í Eyjafirði. Veðrið hefur almennt verið gott á þessum vetri og sem dæmi hafa ekki fallið niður nema tveir dagar frá því í haust vegna veðurs. Slagveðursrigning snemma hausts gerði að verkum að ekki var hægt að vinna í skóginum og þá fór hitastig eitt sinn niður í -16° skömmu fyrir jöl og segist Benjamín ekki hafa treyst því að sagirnar stæðust kuldann.

Slóðar víða ófullnægjandi

Eitt af því sem aftrar skógarhöggsmönnum í störfum sínum er að víða eru slóðar um skógana ófullnægjandi

og verða fljótt ófærir í bleytutið. Ómögulegt er því að fara um með tæki og timburvagna. „Það þyrfti að bæta þarna úr, en þegar verið var að planta út skógum fyrir allmörgum árum hugsuðu menn ekki endilega út í þessi atriði,“ segir hann. Slóðagerð um skógana er einn af mikilvægustu umhirðuþáttum skógræktar en jafnframt einn sá dýrasti. „Til að rekstur af þessu tagi standi undir sér þurfa að vera fyrir hendi önnur verkefni til að grípa í þegar ekki er hægt að stunda skógarhöggjið. Það er um að gera að nýta þau tækifæri sem fyrir hendi eru, en það kostar auðvitað peninga að koma sér upp búnaði og öðru sem til þarf. Þess vegna byggji ég þetta upp smám saman, tek eitt skref í einu,“ segir Benjamín og er bjartsýnn fyrir hönd þessarar ungu atvinnugreinar sem skógarhöggjið er. /MPP

Styrkir til frumbýlinga

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt samkvæmt ákvæðum núgildandi sauðfjársamnings.

Reglur um úthlutun og umsóknareyðublöð með nánari leiðbeiningum er að finna á www.bondi.is en skila ber umsóknum til Bí fyrir 1. mars næstkomandi.



Bændasamtök Íslands, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík





Sólin hækkar á lofti og það styttist í sáningu

Þótt ótrúlegt megi virðast er sólin farin að hækka á lofti og kominn tími til að huga að sáningu fyrir sumarið. Í grunninn skiptir ekki máli hvort sá á sumarblómum, krydd- og matjurtum eða fjölæringum, aðferðin er sú sama.

Í daglegu tali er það sem við kölluð sumarblóm fljótvarnar, ein-eða tvíærar plöntur sem vaxa upp af fræi og blómstra um sumarið. Flest sumarblóm, eins og stjúpur, fagurfífill, ilmabaunir og fiðrildablóm, eru ræktuð vegna blómfegurðar en önnur, til dæmis silfurkambur og skrautkál, vegna blaðanna.

Krydd- og matjurtir eru ræktaðar til átu og í flestum tilfellum einærar plöntur hér á landi. Fjölæringar, eins og nafnið gefur til kynna, eru aftur á móti plöntur sem lifa í mörg ár og koma upp aftur og aftur við réttar aðstæður.

Góður undirbúningur nauðsynlegur

Auðveldara er en flesta grunar að rækta plöntur af fræi. Að visu þarf að vanda allan undirbúning og gæta þess að verkfæri og pottar séu hreinir. Best er að nota sádmold sem hægt er að kaupa í gróðurvöruverslunum eða svokallaðar sáðtöflur sem eru sérstaklega ætlaðar fyrir fræ. Í töflunum er sádmold sem lyftir sér þegar hún blötnar og fræin skjóta rótum í hana. Í sádmold eru öll næringarefni sem unglönturnar þurfa og töflunum fylgir sá kostur að hægt er að planta moldarkögglinum í stærri pott án þess að hreyfa við plöntunni sjálfri.

Þegar sáð er í gamla bakka eða potta verður að þvo ílátin með heitu sápuvatni og hreinsa vel svo engin óhreinindi verði eftir og til að koma í veg fyrir rótarhálstrotnun hjá unglöntunum. Rótarhálstrotnun stafar af sveppasýkingu sem lýsir sér í því að plönturnar verða svartar við rótarhálssinn og drepast.

Sáning

Gæta skal þess að kaupa fræ af plöntum sem dafna vel þar sem þeim er ætlað að standa um sumarið. Lítið fæst með því að rækta upp plöntur sem þurfa mikla sól og setja þær síðan á skuggsælan stað í garðinum. Flestar sumarblóm þurfa birtu þrátt fyrir að sumar tegundir standi sig ótrúlega vel í skugga. Einnig verður að huga að hæð plantnanna og muna að lágvaxnar plöntur henta betur þar sem vindur blæs.

Þegar búið er að setja sádmoldina í ræktunarilátið skal þjappa henni lauslega og vökva þannig að hún verði rök en ekki blaut í gegn. Einnig er hægt að setja venjulega gróðurmold í ílátið og tommuþykkt lag af sádmold yfir hana. Fræin spíra í sádmoldinni og vaxa síðan niður í gróðurmoldina. Þannig má spara sér að dreifplanta plöntunum í stærri potta um tíma.

Fræinu skal sálbrað jafnt yfir moldina og þess gætt að það falli ekki of þétt. Að því loknu er þunnu moldarlagi, tvöfaldri stærð fræjanna, stráð yfir. Séu fræin mjög smá er nóg að þjappa þeim lauslega niður í moldina. Til að koma í veg fyrir að moldin og fræin fari af stað í bökkum við vökvun er gott að leggja blað yfir moldina og vökva varlega yfir það. Munið að setja pinna með nafni tegundarinnar og lit í ræktunarilátið.

Hæfilegt hitastig við spírun hjá flestum tegundum er um 18 til 20 °C en gott er að lækka hitann um nokkrar gráður eftir að plönturnar koma upp. Annars vaxa þær of hratt og verða renglulegar. Þar sem litillar birtu gætir er nauðsynlegt að notast við raflýsingu til að koma í veg fyrir svokallaðar myrkraspírun. Yfirleitt nægir þó að láta ræktunarilátið á bjartan stað því ekkert kemur í stað góðrar dagsbirtu.

Spírunartími fræja er mis-

munandi og því nauðsynlegt að hafa hann í huga þegar sáning er undirbúin. Sumum sumarblómum, eins og rauðum stjúpum, þarf að sá inni í janúar vegna þess hversu lengi þau eru að spíra, en fræi af klettsalati er sáð beint í beð lok maí.

Dreifplöntun og hersla

Fyrstu blöðin koma yfirleitt upp úr moldinni nokkrum dögum eftir sáningu og eftir því sem plönturnar stækka verða þær fyrirferðarmeiri og þurfa meira rými. Skömmu eftir að venjuleg laufblöð taka við af kímblöðum, en svo nefnast fyrstu blöðin sem koma upp úr moldinni, er nauðsynlegt að dreifplanta eða prikkla plöntunum út í stærri pott eða auka bilið á milli þeirra í sáðbakkanum. Sé plöntunum dreifplantað í bakka fer bilið á milli þeirra eftir tegundum en í flestum tilfellum er það haft um fimm sentimetrar. Skyr- og jóguútdósir henta vel til dreifsáningar sé þess gætt að setja gat í botninn til að koma í veg fyrir ofvökvun.

Þegar hér er komið sögu eru unglönturnar í miklum vexti og gott að vökva þær með áburðarblöndu að minnsta kosti einu sinni í viku.

Plantað út í garð

Áður en plönturnar eru settar út í garð er nauðsynlegt að venja þær við hitastigið utandyra til að koma í veg fyrir sjokk þegar þeim er plantað út. Þetta er gert með því að flytja plönturnar í vermireit eða með því að láta þær standa úti hluta dags, en verja fyrir næturfrostri og lengja útivistartímann eftir því sem hlýnar í veðri. Séu plönturnar hertar of hratt fá blöðin á sig bláan lit og vöxtur stöðvast. Stjúpur, fagurfífill og fjólur þola vel kulda og hægt að setja í útireit með yfirbreiðslu í byrjun apríl en flauels- og klæðisblóm þola kulda afar illa.



janúar
Hnúðskáblað
Begonia tuberhybrida

janúar-febrúar
Blóðdropar Krists
Fuchsia x hybrid
Fagurfífill
Bellis perennis
Fjallafjola
Viola cornuta & V. x williamsii
Silfurkambur
Senecio cineraria
Sólboði
Osteospermum-blendingar
Sólbrúður
Pericallis x hybrid
Stjúpublóm
Viola x wittrockiana rauðar
Tóbakshorn
Petunia x atkinsiana

febrúar
Stjúpublóm
Viola x wittrockiana
— aðrar en rauðar
Drottningarfífill
Zinnia elegans
Ljónsmunnur
Antirrhinum majus
Mánaífill
Gazania x hybrida
Stjörnuklukka
Campanula poscharskyana

febrúar-mars
Brúðarauga
Lobelia erinus
Frúarhattur
Rudbeckia fulgida var. speciosa
Meyjarblóm
Clarkia amoena
Svartauga
Thunbergia alata

mars
Apablóm
Mimulus cupreus
Bláhnöða
Ageratum houstonianum
Brúðarstjarna
Cosmos bipinnatus
Daggarbrá
Leucanthemum paludosum
Fiðrildablóm
Nemesia strumosa

Garðajárnurt
Verbena x hybrid
Hádegisblóm
Dorotheanthus bellidiformis
Hengijárnurt
Verbena tenuisecta
Héraskott
Lagurus ovatus
Ilmskúfur
Matthiola incana
Skógarmalva
Malva sylvestris
Skrautkál
Brassica oleracea var. acephala
Sólblóm
Helianthus annuus
Sumarljóni
Phlox drummondii
Tígurblóm
Mimulus luteus

mars-apríl
Aftanroðablóm
Lavatera trimestris
Dalía
Dahlia x hortensis
Flauelisblóm
Tagetes patula
Garðakornblóm
Centaurea cyanus
Klæðisblóm
Tagetes erecta
Morgunfrú
Calendula officinalis
Möggubrá
Argyranthemum frutescens
Paradísarblóm
Schizanthus x wisetonensis
Skrautnál
Lobularia maritima var. maritima
Sólbrá
Coleostephus multicaulis
Skjaldflétta
Tropaeolum majus
Porskagin
Linaria maroccana

apríl
Friggjarbrá
Ismelia carinata
Njarðarbrá
Xanthophthalmum segetum
Vinablóm
Nemophila menziesii



FLOTBRYGGJUR Á VÖTN

kroli



- Stærð 3 x 6 m
- Landgangur (breidd) 1,2 m
- Hliðarstífur 5 m
- PE flotkubbar

Króli ehf.

Standvegur 2, 210 Garðabæ.
Sími: 660-9503
Netfang: kh@kroli.is
Vefur: www.kroli.is

“ÍSLENSKU” GRÓÐURHÚSIN

- 2,7m breið.
- Mænishæð 2,3m.
- Lengdir 3, 4,5 og 6 metrar

(hægt að fara eins langt og maður vill, hlaupandi á 1,5 metrum)

- Til afgreiðslu strax.
- Verð, leiðbeiningar um uppsetningu o.fl. má skoða á heimasíðunni okkar, www.hysi.is



HYSI

Hýsi - Merkúr hf. / Völuteigi 7 / 270 Mosfellsbær / Sími 534 6050 / hysi@hysi.is / www.hysi.is



Endurmenntun Lbhl

Vinnuverndar- og réttinda- námskeið fyrir bændur

Bóklegi hlutinn fyrir vinnuvéla- próf á dráttavélar og liðléttinga

Hefst 5. feb. á Flúðum

Hefst 12. feb. á Hvolsvelli

Hefst 20. feb. á Klaustri

Ostagerð - heimavinnsla mjólkurafurða

Ýmsar aðferðir kenndar við vinnslu mismunandi osta úr mjólkurafurðum

Haldið 15. feb. í Kópavogi

Járningar - hófhirðing

Undirstöðuatriði við járningu og hófhirðingu hesta

Hefst 1. mars í Kópavogi

Hefst 22. mars á Miðfossunum

Landmælingar

Grunnatriði landmælinga í skráðgarðyrkju

Hefst 1. mars hjá Lbhl á Reykjum

Á stubbum

Skógareigendur koma saman, fræðast um skógrækt með fyrirlesturum, jafningjafræðslu og vettvangsferðum

Hefst 21. mars á Hvanneyri

Trjáklippingar-skrautrunnar

Klipping rósa, skrautrunna og limgerða. Formklipping og uppbinding klifurplantna og berjarunna

Hefst 28. mars hjá Lbhl á Reykjum

Húsgagnagerð úr skógarefni

Hvernig á að afberkja, ydda, setja saman og fullvinna húsgögn úr grisjunarefni?

Hefst 28. mars á Snæfoksstöðum

Tálgunarnámskeið - ferskar viðarnytjar

Listin að lesa í skógarefni, beita áhöldum rétt og útkoman verður nytjahlutur með sögu

Hefst 11. apríl hjá Lbhl á Reykjum

Torf- og grjóthleðsla

Íslensk byggingararfleið, byggingar úr hefðbundnu íslensku efni, torfi og grjóti

Hefst 24. apríl hjá Lbhl á Reykjum

Grjóthleðsla

Hleðsla á frístandandi veggjum og stoðveggjum úr grjóti

Hefst 6. júní hjá Lbhl á Reykjum

www.lbhl.is/namskeid

Skráning fer fram á endurmenntun@lbhl.is

eða í síma 433 5000

Við erum líka á Facebook - [facebook.com/namskeid](https://www.facebook.com/namskeid)

BLÁ KRAFTUR

ALHLIÐA ÁBURÐUR
12 - 12 - 17

Framleiðandinn:

Rosier Nederland BV hefur í áratugi sérframleitt þennan áburð fyrir íslenskan markað. Blákraftur uppfyllir öll þau ströngu skilyrði sem sett eru í íslenskum lögum varðandi innihald þungmálma og annarra efna.

Leitið tilboða - hagstætt verð

Eiginleikar:

Blákraftur er klórsnauður einkorna þrigildur (NPK) áburður, einkum ætlaður fyrir matjurtir og garðrækt. **Blákraftur** er kalírikur og snauður af klór en flestar tegundir matjurtar eru viðkvæmar fyrir klór. **Blákraftur** er einnig kjörinn í almenna garðrækt enda er séð fyrir þörfum flestra næringarefna því auk köfnunarefnis, fosfórs og kalí eru í honum kalk, magnesíum, brennisteinn, bór, mangan og zink. Hætta á snefilefnaskorti er því minnkuð með notkun hans.



25, 50 og 1200 kg umbúðir

Karki ehf. - Hamraborg 5 - 200 Kópavogi - S: 557 8745 - karki@karki.is

Notkun spenadýfu og annarra hjálparefna

Til eru fjölmargar spenadýfur, jógurþvottalegir og sóthreinsiefni til notkunar fyrir og við mjaltir og eru margir duglegir við að benda bændum á „ómissanlegheit“ þeirra.

Það er skoðun undirritaðs að nokkur þessara efna séu ofnotuð eða jafnvel óþörf.

Varðandi jógurþvott við hefðbundnar mjaltir er áriðandi að þvo og sjóða jógurklútana eftir hvert mál, það drepur alla sýkla og klútarir eru hreinir.

Á Norður- og Austurlandi er þetta orðin regla og klútaþvottavélar í flestum fjósum.

Notkun svokallaðra jógurþvottaefna (jógurþvottalagar, eða klórhexedíns) er þá óþörf og gerir raunar sjaldnast nokkurt gagn, er að mestu leyti trúarbrögð.

Varðandi mjaltþjónamjaltir er landslagið örlítið öðruvísi, sér í lagi vegna þess að þar er enginn athugull mjaltamaður með prufubakka að skoða breytingar á mjólkinni sem benda til nýsmits eða einkenna sem benda til jógurbólgu. Mjaltþjónninn leiðnimælir mjólkina og getur gert ýmsar mælingakúntir sem eiga að benda bændum á að skoða viðkomandi grip en gallinn er bara sá að bóndinn þarf að vera meðvitaður og mikið inni á tölvuskýrslunum svo að honum verði ljós staðan frekar fyrir en síðar. Þannig getur þetta farið fram hjá bændum við skoðun fyrstu dagana.

Mér vitanlega notar enginn bóndi þann möguleika mjaltþjónnanna að þeir hendi frá óeðlilegri mjólk upp á sitt eindæmi eftir matskerfi þeirra sjálfra, því það geta þeir ef þeir eru forritaðir þannig, en það virðist ekki til í dæminu að gefa mjaltþjóninum leyfi til sjálfvirkis fráskilnaðar heldur vill bóndinn koma auga á munstrið sem bendir til hækkandi frumutölu eða jógurbólgu og gefa þá skipun ef vill og setur viðkomandi kú á frátöku.

Spenadýfur eru til í mörgum útgáfum og virðast flestar sæmilegar en það er með þær eins og mörg önnur efni að þær eru að minnu mati oft ofmetnar.

Spenadýfu ætti ekki að þurfa að nota þar sem jógurheilbrigði er að staðaldrí gott og nýsmit lítið (frumutala < 160 þús.) og betra er að eiga hana inni ef upp koma tímabil jógurbólgu heldur en dýfa á öllum



Hún er í meira lagi skrautleg þessi kúr og virðist láta sér fátt um finnst þó að Kristján Gunnarsson geri sig líklegan til að tutla úr henni mjólkurdropa. Engum sögum fer þó að því hvort hann hafi þurft að nota spenadýfu í þetta skiptið.

tímum eða „til öryggis“, en slíkt hlýtur að rýra gagnsemi dýfunnar ef upp koma aðstæður þar sem sannarlega er not fyrir hana.

Þegar þörf er á spenadýfu ætti ef hægt er að nota úðaflösku til verksins og afleggja svokallaða spenadýfubelgi eða kreistiflöskur, sem eru oftast en ekki drullusafnarar og geta endað sem smitberar millí kúa.

Ef nauðsyn krefur að nota dýfuglas þarf að þvo það daglega svo það verði ekki til meira ógagns en gagns.

Þar sem ákveðið er að nota svokallaða filmudýfu verður því miður ekki komist hjá því að nota dýfuglas (kreistiflösku).

Filmudýfa eða filma er dýfa sem myndar húð utan um spenaendann en slík efni eru í vaxandi mæli að ryðja

sér rúms, sér í lagi í Skandinavíu, og hefur að því er virðist gert meira gagn en ógagn. Þetta segi ég því filmudýfur voru á tímabili og jafnvel enn nokkuð umdeildar vegna þess að hugsanlega geta filmur eins lokað sýkla inni þó að meiningin sé að halda þeim úti ef viðkomandi jógurhluti er með dulda sýkingu þannig að sár eða ákoma spenans grær ekki eðlilega, og hafa ætti samráð við dýralækni um notkun filmudýfu.

Það er einnig ljóst að framleiðendur hjálparefna við mjaltir herma hver eftir öðrum því stór hluti vinsælustu spenadýfanna, svo ekki sé talað um filmudýfur, er byggðar á joði og glýserini auk uppb. efna.

Nokkrar dýfuteigundir sem byggja á öðrum efnum en joði eru til á markaði hérlendis, svo

sem mjólkursýra, klórhexedín og vetnisperoxíð svo eitthvað sé nefnt og eru þau misöflug varnarlega séð.

Joð er trúlega eitt besta sýkla-drepandi efni sem til er og notað í spenadýfur og sóthreinsun og því gott að eiga aðgang að fjölmörgum góðum spenadýfum.

Joð er flokkað sem geislavirkt frumefni og er nauðsynlegt snefil-efni manna og dýra. Til dæmis framleiðir skjaldkirtillinn joð fyrir mannslíkamann og joð hefur í áranna rás verið bjargvættur við ýmsar læknisfræðilegar aðgerðir. Því skil ég ákafa spenadýfuframleiðenda að byggja á þessu lífs merkilega frumefni.

Ef spenaop er laskað, útdregin slímhimna eða kross sprungur neðan á spena er líklegt að hin meðfædda

sýkla og smitvörn kýrinnar í spenaopinu sé léleg eða jafnvel ónýtt og þá er þrautarlendingin sú að dýfa að loknum mjóltum.

Meðfædd vörn kýrinnar sem er til staðar í spenaopinu líkist helst geirneglingu þegar spenaopið hefur lokast eftir mjaltir og er gríðarlega öflugt fyrirbæri ef speninn er heill, og algjörlega atriði númer eitt, tvö og þrjú að reyna að halda því óskemmdu. Þarna skiptir mestu mjaltatæknin, söghæð við mjaltir og að ekki hangi of lengi á kúnni sé verið að mjólka í hefðbundnu mjaltakerfi og svo auðvitað að ekki sé eða hafi verið í gangi sogatferli (kúr sogin í uppveixinum, jafnvel sem smákálfur).

Um jógursmyrsl gilda önnur sjónarmið, en áriðandi er að smyrslíð, sé það notað, verði ekki að smitbera milli kúa þegar borið er á kú af kú án þess að þvo hendur í milli. Því miður er algengt að sjá stórar jógursmyrslfötur standa opnar með óhreinu smyrslí og menguðu af fjósgerlum.

Almennt gott hreinlæti við mjaltir, mjaltaröð (jógurhraustar kúr fyrst) og suða jógurþvottaklúta er mikilvægara gegn jógursjúkdómum og millismiti en notkun hjálparefna.

Og í mjaltþjónafjósum er enn meiri þörf á hreinlæti, vel sköfnum flórum og steinbitum til að kýrnar séu hreinar og umhverfið eins hreint og þurrt og hægt er. Góður spenaþvottur getur verið vendlipunktur í líkum á millismiti og líftölustöðu búans.

Það eru meiri líkur á millismiti í lausagönguþjósum þar sem kýrnar flakka um og leggjast á hina og þessa bása. Sérstaklega er hættan meiri ef kýrin nær að leggjast innan hálftrar klukkustundar frá mjóltum, en það er u.þ.b. sá tími sem spenaopið þarf til að lokast.

Sag og t.d. Staldren ætti að bera í bása því þurrir og hreinir básar minnka stórlega líkur á sýklasmiti.

Að lokum: Passið upp á spenaopið, viðhafið gott hreinlæti á öllum sviðum og sjáið til þess að kýrnar nái 6-8 vikna geldstöðu og hvíld til að byggja sig upp fyrir næsta mjaltaskeið og að lokum. Notið góða spenadýfu ef þörf er á.

Kristján Gunnarsson
Ráðgjafi um mjólkurgæði
hjá Bústólpa ehf.

Vatnshlaupabretti úr Flóanum smíðuð fyrir veðhlaupahesta í Dubai og Ástralíu

Vatnshlaupabretti fyrir hesta, sem eru smíðuð og framleidd hjá fyrirtækinu Formax á Gagnishólparti í Flóahreppi, hafa heldur betur slegið í gegn en búíð er að smíða 14 slík bretti frá 2010.

Fjögur tæki hafa verið selt á Íslandi en tíu til útlanda, meðal annars Danmerkur, Svíþjóðar, Sviss, Frakklands og Hollands.

Mesta athygli vekur að búíð er að selja tvö bretti til Dubai og eitt fer til Ástralíu í mars 2014, en brettin í þessum löndum eru notuð við þjálfun á veðhlaupahestum.

Krónprinsinn í Dubai, Sheikh Hamdan, keypti brettin þar, en hann er með risa hestabúgarð. Eigendur Formax eru þeir Helgi Friðrik Halldórsson og Bjarni Sigurðsson, sem er framkvæmdastjóri og hönnuðu brettanna.

Á síðasta ári hófst markaðssetning á brettum fyrir stærri hesta. Þá má geta þess að Formax er í samstarfi við Tæknipróunarsjóð um rannsóknir á vöðvavirkni hrossa, sem eru í vatnsþjálfun.

/MHH



Fjórir starfsmenn Formax, frá vinstri: Atli Fannar Bjarnason, Bjarni Sigurðsson, Helgi Friðrik og Bárður Valgeir Magnússon. Myndir / MHH



Vatnshlaupabretti fyrir stóra hesta, sem var selt til Landbúnaðarháskóla í Bretlandi. Brettin eru úr ryðfriú stáli og mjög gott að þrifa og viðhalda þeim.



Lax nemur ný svæði í Sæmundará

Síðastliðið haust voru laxar úr Sæmundará í Skagafirði fluttir upp fyrir Gýgjarfoss, þannig að þeir gætu hrygnt á ófiskgengu svæði árinna. Á þann hátt lengist sá hluti vatnasvæðisins sem lax getur nýtt og væntingar um að framleiðsla laxaseiða í ánni aukist í kjölfarið. Þetta kemur fram á vef Veðimálastofnunar, veidimal.is.

Áður en löxunum var sleppt í ánnar var komið fyrir útvarpssendum á 13 þeirra. Með því móti var gert mögulegt að fylgjast með staðsetningu fiskanna í ánni. Fram eftir hausti og á jólafoðstunni var reglulega fylgst með ferðum laxanna.

Laxar dreifðust um svæðið

Fjórir merktu laxanna héldu til á svæðinu ofan Gýgjarfoss fram yfir hrygningartímann og hafa að líkindum hrygnt þar. Laxarnir dreifðust um svæðið allt frá Gýgjarfossi og fram undir bæinn í Valadal, rúma tvo kílómetra frá ármótum Valadalsár og Vatnsskarðsár. Má því telja líklegt að fleiri laxar hafi verið til staðar á svæðinu yfir hrygningartímann.

Laxar sem hopuðu af svæðinu niður fyrir Gýgjarfoss fyrir hrygningartíma var leitað í ánni niður undir Dæli og fundust fimm þeirra víðs vegar á þeim kafla árinna.

Þá fór einnig í gang verkefni síðastliðið haust sem miðar að því að kanna möguleika á að nýta ófiskgenga hluta Sæmundarár í Skagafirði til hrygningar og uppeldis laxa. Framkvæmd verkefnisins fór þannig fram að í september voru 24 laxar veiddir á stöng í Sæmundará og fluttir upp fyrir Gýgjarfoss þar sem þeim var komið fyrir í kistum. Löxunum var síðan sleppt merktum í Vatnsskarðsá og Valagilsá. Verkefnið er unnið í samstarfi Veðimálastofnunar og Veðifélags Sæmundarár og er styrt af Fiskræktarsjóði.

Hentar ágætlega sem búsvæði fyrir laxaseiði

Sæmundará er fiskgeng að Gýgjarfossi en á um tveggja km leið ofan hans að ármótum við Valagilsá kallast áin Vatnsskarðsá. Botngerð Vatnsskarðsár og Valagilsár er talin henta ágætlega sem búsvæði fyrir



Síðastliðið haust voru laxar úr Sæmundará í Skagafirði fluttir upp fyrir Gýgjarfoss, þannig að þeir gætu hrygnt á ófiskgengu svæði árinna. Myndin er af Gýgjarfossi.

laxaseiði. Ekki er talið að Gýgjarfoss valdi afföllum á niðurgönguseiðum. Þau seiði myndu að lokinni sjávardvöl ganga til hrygningar aftur í Sæmundará, styrkja laxastofn árinna og vera viðbót við veiði.

Í framhaldinu verður tilvist laxaseiða ofan Gýgjarfoss rannsökuð með rafveiðum á þeim hlutum ánnar þar sem merktir laxar höfðust við á haustmánuðum. Ef hrygning á svæðinu hefur tekist verður fylgst

með vexti og viðgangi seiða þar á næstu árum.

Ef árangur verður góður, má nýta aðferðir og reynslu af verkefninu til að auka seiðaframleiðsluna á vatnasvæðinu.



DELTA LAUSNIR
DELTA EHF - VARMAÐÆLUR

Raunverulegur sparnaður með FUJITSU varmaðælum

Margra ára reynsla við íslenskar aðstæður og hundruð ánægðra viðskiptavina segir allt sem segja þarf.

Allt að 80% sparnaður

5 ára ábyrgð*



WATERSTAGE

Loft í vatn fyrir heitt vatn og ofnakerfi

Best í prófun hjá SP í Svíþjóð
Fujitsu LTCN - Loft í loft varmaðæla



COOLING, CONDITIONING, PURIFYING



* Nánar á heimasíðu

Frekari upplýsingar á www.deltalausnir.is

Símar 895 0640 eða 895 6640

Til sölu

Ljósabekkir, öflug loftræsting, skilveggir og ýmislegt tengt sólbaðstofustarfssemi





Upplýsingar hjá Kærleikssetrinu


Þverholti 5, 270 Mosfellsbæ
Sími: 567 5088 / 862 0884
Netfang: kaerleikssetrid@kaerleikssetrid.is

CLAAS Arion 400 • 100-130 hestöfl













✓ Vökvaskiptur 16/16 girar

✓ 98 lítra vökvadæla

✓ Hægt að sameina vökvafloði fram í moksstærstæki

✓ 10 hestafla aflaukning í CIS útfærslu

✓ Útskjótanlegur vökvalyftukrókur

✓ 6.500 kg. lyftigeta á beisli

✓ Fjögurra hraða aflúttak

✓ Rúmgott ökumannshús með frábæru útsýni

✓ Fjölstillanlegt sæti með loft-fjórðun

✓ Farþegasæti með öryggisbelti

✓ Topplúga úr gleri

✓ Öll stjórnæki innan seilingar ökumanns

✓ CLAAS Arion 400 CIS-EHV

✓ Stjórnstöng í sætisarmi fyrir ámoksturstæki og vökvasneiðar

✓ Rauður takki á mynd stýrir girskiptingu +/-

✓ 4 vökvasneiðar, 2 rafstýrðar

✓ 2 handvirkar

✓ Auðvelt og þægilegt í notkun




VÉLFANG

VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 2 • 600 Akureyri

SAMLOKUEININGAR!

Í öllum stærðum og gerðum



Mjög gott verð

Hringdu og fáðu verðtilboð



LANDSTÓLPÍ

480-5600

Lesendabás



Minkahundurinn Tyson með nýveiddan mink í kjaftinum.

Mynd / Birgir Hauksson

15 stiga spurningin

Í fyrsta skipti á ávinni langaði mig til að vera þátttakandi í spurningakeppni Sjónvarpsins, Útsvari, 10. janúar síðastliðinn. Eingöngu til þess að koma málstað okkar veiðimanna að, svo hef ég líka oft vitað svörin við hinum og þessum spurningum í gegnum alla þættina, en hver hefur það ekki.

Spurningahöfundurinn Stefán Pálsson spurði um dýr, þar sem fækkun hefur verið í stofnstærð þessa dýrs og ástæðan sögð vera fækkun í sandsílastofni.

Ég vil taka fram að mér finnst Stefán Pálsson skemmtilegur spurningahöfundur, hugmynda-rikur, viðlesinn og veit allt um hvaða drykkur er sá þriðji vinsælasti á eftir vatni og te. Ég fæ mér oft svoleiðis drykk.

Þarna held ég spurninga- höfundurinn hafi verið að lesa úr rannsókn Rannveigar Magnúsdóttur og Náttúrustofu Vesturlands. Auðvitað getur Stefán ekki annað en trúað því sem hann les.

Sá sem lifir og hrærist í heimi minksins hefur aðra sýn á skýrsluna og les hana með gagnrýnum gleraugum. Spurningin var svo hljóðandi:

„Spurt er um lífveru. Lífvera þessi er til í tveimur afbrigðum, því evrópska og hinu norður-ameríska, og hefur evrópska afbrigðið látið heldur undan síga í seinni tíð, meðal annars vegna aukinnar útbreiðslu þess Ameríska. Landnám þessarar lífveru á Íslandi hófst á tuttugustu öld, stofninn óx jafnt og þétt í fyrstu en hefur minnkað undanfarin ár, ekki hvað síst vegna fækkunar í sandsílastofninum. Hvaða lífvera er þetta?“

Það kom í ljós að þetta með sandsílið ruglaði keppendur svo rækilega að hvorugt liðið gat svarað spurningunni, þáttastjórnendurnir voru líka hálf kindarlegir þegar þeir lásu svo upp svarið við spurningunni.

Þóra: „Ég held að spurninga- höfundi hafi tekist að afvegaleiða alla með því (inngríp: með sandsílnum) með sandsílnum, einmitt. Af því að minkum hefur fækkað vegna þess að fuglum hefur fækkað, helsta æti minksins sem sé.....“

Ég vissi svarið en spurningin var vitlaus að mestu leyti. Að visu er þetta bara spurningabáttur en ekki nákvæmisúttlistun á öllum fyrirbærum sem til umfjöllunar eru í svona þáttum.

Ég vildi aðeins benda á þátt okkar veiðimanna í fækkun minksins, en vísindamenn taka sjaldnast þann þátt inn í sínar rannsóknir, nema þegar um

rjúpnaveiðar er um að ræða, þá er fækkunin svo til eingöngu veiðimönnum að kenna.

Það vita allir sem eitthvað hugsa um náttúruna hvað er þess valdandi að sandsílið er að hverfa, það er makrillinn. Hann fer um eins og engisprettufaraldur í lífríki hafsins og étur allt sem á vegi hans verður. Til þess að bæta afkomu sjófuglanna þarf að veiða makrillinn í miklum mæli.

Það má líkja þessum fiski við plágu sem herjar á allt líf í sjónum. En það er annar kapituli út af fyrir sig.

Úr skýrslu Rannveigar:

„Fæðuval var mismunandi eftir því hvort um var að ræða mink við sjávarsíðuna eða við ferskvatn inn til landsins. Við sjóinn voru helstu fæðutegundir grunnsævis- og fjörufiskarnir sprettfiskur, keilubróðir og marhnútur, ásamt öndum, vaðfuglum, fýl, svartfuglum, hagamúsum og hryggleysingjum. Við ferskvatn voru laxfiskar mjög mikilvægir en hornsíli einnig étin, ásamt vaðfuglum, öndum, fýl, hagamúsum o.fl. Fiskar eru stærri hluti fæðu minks hérlandis en í flestum sambærilegum rannsóknum erlendis.“

Þarna sést að upptalningin er frekar ónákvæm, hvað annað er í boði fyrir minkinn? Við vitum að hann er ekki grasæta. Það er dálítið djærft að kenna sandsílnum um fækkunina.

Minkurinn er með mikla aðlögunarhæfni og étur nánast allt sem að kjafti kemur.

Það kemur fram í skýrslunni að minkurinn étur meira af farfuglum yfir sumartímenn og fiskur er uppistaða fæðunnar á veturna.

Frá árinu 2003, sem er byrjunarár fækkunarinnar, samkvæmt skýrslu Ragnheiðar, til ársins 2012 höfum við veiðimenn veitt 65.555 minka. Þetta eru tölur úr veiðidagbók útgefni af Umhverfisstofnun.

Það gera um 6.500 minka á ári í tíu ár, svo allir ættu að sjá að veiðin hefur áhrif. Áki Ármann Jónsson skrifaði árið 2005 í Veiðidagbókina frá Umhverfisstofnun að minkastofninn væri á bilinu 7.000 til 70.000 dýr.

Ef við ætlum að talan sé þarna mitt á milli er það um 30.000 minkar, meðalveiði á ári er um 6.500 minkar, sem er um það bil ¼ af stofninum.

Er ekki allt í lagi að taka það með í reikninginn?

*Jón Pétursson,
minkaveiðimaður*

Bætt arðsemi og samkeppnishæfni í fyrirtækjarekstri:

Gæðakerfi ISO 9001 er svarið

Stjórnendur fyrirtækja eru ávallt að skoða leiðir til að bæta reksturinn, hvort sem það felst í að auka markaðshlutdeild, minnka rekstrarkostnað, lágmarka áhættu eða auka ánægju viðskiptavina. Slíkt á ekki síst við í ört vaxandi ferðapjónustu.

Gott gæðastjórnunarkerfi gefur þann ramma sem þarf til að bæta starfsemi á hverjum þeim þáttum sem óskað er eftir í fyrirtækjarekstri. Þar má benda á ISO 9001, sem er eitt stærsta og árangursríkasta gæðakerfi í heiminum í dag. Það er ekki tilviljun að yfir 750 milljón fyrirtækja í 161 landi hafa innleitt þetta gæðastjórnunarkerfi með góðum árangri.

Stjórnkerfið tryggir að fyrirtækið nái meiri árangri með því að skapa ánægju viðskiptavina, hvetja starfsmenn sína og vera stöðugt að bæta starfsemi. Tilgangur með gæðakerfinu er að gera fyrirtækið öflugt í rekstri, styrkja markaðsstöðu þess og koma í veg fyrir mistök og soun. Eitt af lykilatriðum er að veita viðskiptavinum tryggð, ánægju og öryggi sem skilar sér í endurkomu til fyrirtækisins.



Kristín Þórarinsdóttir

Allir starfsmenn eru virkjaðir við innleiðinguna á gæðakerfinu með sérstakri þjálfun. Starfsmenn öðlast um leið meiri ábyrgð, fá aukið hlutverk, meiri skilning á því sem skiptir máli og starfsánægja eykst. Þannig verður allt skipulag og verklag verður skilvirkara.

Við erum ekki ein í heiminum, samkeppni á markaði eykst sífellt og



Steingerður Þorgilsdóttir

ríkari krafa er gerð til fyrirtækja um að þau uppfylli ákveðin skilyrði. Því er nauðsynlegt að menn tileinki sér vinnubrögð gæðastjórnunar. Taki til í rekstrinum, veri skrefi á undan með gæðakerfi sem virkar. Þannig má auka arðsemi og samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Kristín Þórarinsdóttir og Steingerður Þorgilsdóttir

Höfundar greinar eru ráðgjafar í gæðamálum hjá PDCA ráðgjöfum www.pdca.is



Leyfi til slátrunar liggur fyrir og stefnt er að markaðssetningu á kanínukjöti á Íslandi fyrir næstu jól.

Sláturhús SKVH á Hvammstanga með leyfi til kanínuslátrunar:

Fyrsta kanínukjötið á markað hér fyrir næstu jól

Matvælastofnun Íslands hefur veitt Sláturhúsi SKVH á Hvammstanga leyfi til kanínuslátrunar og er nú unnið að því að koma upp viðeigandi aðstöðu til slíkrar slátrunar sem er nýlunda hér á landi. Birgit Kositzke kaninubóndi í Húnaþingi vestra er ánægð með að niðurstaða hefur nú fengist í sláturleyfismálinu.

Birgit flutti kaninubúskap sinn á liðnu hausti frá Tjarnarkoti að Kárastöðum, um 5 kílómetra norðan við Hvammstanga. Þar er hún nú með um 60 ræktunarkanínur, „og ég er nú að undirbúa það að fjölga þeim og á von á fyrstu ungarnir komi í heiminn innan tíðar,“ segir hún.

Innréttar á Kárastöðum

Fyrirhugað er að innréttar það húsnæði sem Birgit hefur til umráða á Kárastöðum, m.a. að koma upp sjálfvirkum brynningarkerfi, fjölda búa á gotsvæði, einangra og breyta rafmagnskerfi. „Og svo þarf að taka til og þrífá, þannig að það verður

nóg að gera hjá mér næstu mánuði,“ segir hún. Þá dreymir hana um að skipta um veggja á hlut hússins og setja upp plastglugga til að hleypa meiri birtu inn í húsið. Eins gengur hún með þá hugmynd að gera húsið þannig úr garði að hægt verði að taka á móti gestum þannig að þeir geti kynnt sér kaninubúskapinn. „Það er markmiðið, en enn er það á hugmyndastigi.“

Styrkur úr Vaxtarsamningi

Í liðinni viku fékk Birgit styrk úr Vaxtarsamningi Norðurlands vesta til að útbúa bækling með uppskriftum að kanínukjöti, bæta vefsíðu og halda námskeið næsta haust þar sem fjallað verður um kanínuslátrun, meðhöndlun kjötsins og möguleika á að vinna ýmsar vörur úr því. Af því tilefni eru væntanlegir til Íslands tveir þýskir sérfræðingar á því sviði. „Ég stefni að því að senda fyrsta kanínukjötið á markað hér á landi fyrir jölin og er að byggja upp ræktunaráhóp með um 170 dýrum.

Frá og með næsta ári, 2015 ætti hópurinn að vera orðin nægilega stór til að hægt verði að slátra reglulega. Ef allt gengur samkvæmt áætlun verður kanínuræktin komin á fullt skrið árið 2018, það er planið sem ég vinn eftir,“ segir Birgit.

Handverksfólk mun nýta skinnið

Hún bendir á að það sé ekki einungis kjötið sem hægt er að nýta, handverksfólk bæði í héraði og víðar muni án efa nýta sér það skinn og leður sem til fellur. Á meðan Birgit beir eftir sláturleyfinu sem er forsenda þess að hægt verði að bjóða kanínukjötið á íslenskum markaði nýtti hún tímann í tilraunir með kanínuskinnið og var það unnið á mismunandi hátt.

Birgit er fullviss um að eftirspurn verði eftir kanínukjöti þegar það kemur á markað hér á landi síðla árs, en markaðskonunn sem gerð var fyrir fáum misserum benti eindregið til þess að Íslendingar myndu taka slíku kjöti fagnandi. */MPÞ*

Eru ESB-andstæðingar síðasta von aðildarsinna?

Í Kastljósviðtali á mánudagskvöldið fór Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra vel yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í ESB-málinu. Að undanfögnu hefur verið reynt að teikna upp þá mynd að utanríkisráðherra sé einn á báti í þessu máli og þar með sé hann stærsti vandi aðildarsinna. Það að telja málum þannig háttað er auðvitað mikið pólitískt ólæsi. Það er hins vegar furðulegt, og til marks um mikla örvæntingu, að heyrna aðildarsinna ítrekað kalla eftir því að helstu ESB-andstæðingar landsins haldi áfram aðildarsamningum við ESB.

Ef aðildarsinum yrði að ósk sinni og aðildarsamningum yrði haldið áfram myndi utanríkisráðherra án vafa tryggja að skoðanabræður hans væru í meirihluta í nefndum og ráðum líkt og fyrri ríkisstjórn gerði. Vandí aðildarsinna er hins vegar sá að skoðanabræður utanríkisráðherra eru á móti ESB. Það yrði aðildarsinum líklega mjög til framdráttar ef hördustu ESB-andstæðingar landsins mættu til Brussel í þeim tilgangi að semja



Ásmundur Einar Daðason

Jón Bjarnason, Guðni Ágústsson eða Styrmir Gunnarsson yrðu fyrir valinu. Það gæti orðið enn fróðlegra að fylgjast með því þegar einstök atriði er varða ESB-samningana verða rædd í utanríkismálanefnd Alþingis þar sem Birgir Ármannsson, einn öflugasti ESB-andstæðingur þingsins, gegnir formennsku og undirritaður varaformennsku. IPA- og Taix-aðlögunarstyrkirnir fá eflaust flýtimeðferð hjá fjárlaganefnd þar sem Vigdís Hauksdóttir, formaður Heimssýnar, ræður ríkjum og varaformaðurinn Guðlaugur Þór

um hvernig a ð l ö g u n næstu ára yrði háttað. Ef utanríkisráðherra er ekki tilbúinn að setja undirritaðan í forystu fyrir þessari sveit er ekki ó l í k l e g t að t.d.

Þórðarson mun eflaust berjast ötullega fyrir málinu. Forseti Alþingis mun örugglega halda okkur öllum við efnið enda „mikill“ áhugamaður um aðild Íslands að ESB.

Það kom vel fram á síðasta kjörtímabili að ógjörningur er að semja um ESB-aðild nema að einhugur sé um málið í ríkisstjórn og starfandi stjórnarmeirihluta. Svo langt gekk þetta að ómögulegt var að vera með ESB-andstæðinga í ríkisstjórn né í utanríkismálanefnd Alþingis. Samþykkt stefna beggja stjórnarflokkanna er skýr og á þeirri stefnu byggir stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar. Það er því hámark bjartsýnninnar (og í raun dálítið hlægilegt) að halda að ríkisstjórn þar sem báðir stjórnarflokkarnir eru á móti ESB-aðild geti haldið áfram aðildarsamningum. Því er það svo að þrátt fyrir ótrúlegan áhuga aðildarsinna mun furðuleg ósk þeirra um að ESB-andstæðingar dragi vagninn til Brussel ekki verða að veruleika.

Ásmundur Einar Daðason, alþingismaður

Alvarleg athugasemd við póstkassabreytingar:

Íslandspósti ber að fara að lögum

– er óheimilt að færa póstkassa frá bæjum

Í síðasta Bændablaði fimmtudaginn 9. janúar er frétt og/ eða tilkynning frá Íslandspósti með fyrirsögninni: Pósturinn samræmir bréfastöð. Við þessa frétt vill undirritaður gera alvarlega athugasemd.

Í fréttinni segir m.a. að Pósturinn vinni nú að samræmingu á staðsetningu póstkassa í dreifbýli. Vinnan gangi vel, pósturinn þjóni svo og svo mörgum, bréfasendingar hafi dregist saman, móttökuskilyrði skulu vera rétt og samkvæmt lögum. Í dreifbýli skal póstkassi vera hér og þar samkvæmt lögum.

Þetta er allskostar ekki rétt. Staðsetning póstkassa er ákveðin með reglugerð Nr. 364. Lög um póst og póstdreifingu segja hinsvegar nákvæmlega hvernig póstdreifingunni skuli háttáð og ábyrgð þess er framkvæmir þjónustuna.

Seinni tíma reglugerðasmíð hefur ekkert um það að segja og verður ekki annað séð en að lög og reglugerð stangist á, sem

þýðir einfaldlega að Íslandspósti er ekki heimilt að færa póstkassa frá bæjum og býlum. Þessum gjörningi Íslandspósts og skertri þjónustu hefur verið harðlega mótmælt bæði af einkaaðilum og sveitarfélögum. Þar á meðal til Póst- og fjarskiptastofnunar. Á sama tíma og Íslandspóstur skerðir þjónustu við landsbyggðina berast fréttir þess eðlis að verið sé að auka þjónustu í höfuðborginni. Það er ekki aðeins að Íslandspóstur brjóti lögin heldur er jafnræðisreglan að engu höfð.

Meðan lög eru í landinu um hvernig póstdreifingu skuli háttáð og hvernig Íslandspósti beri að fara eftir þeim samkvæmt starfsleyfi hafa þeir einfaldlega ekki nokkra einustu heimild til þess að færa póstkassa frá heimilum fólks og ber að færa póstkassa til baka og koma útbúðinum í fyrra horf þar sem því hefur nú verið breytt.

Georg Magnússon
Norðtungu 3
311 Borgarnes.



Ragnheiður Elin Árnadóttir iðnaðarráðherra spennusetti nýtt tengivirki Landsnets í Búðarhálsvirkjun. Myndir / MHF

Nýtt tengivirki Landsnets tekið í notkun:

Fimm milljarðar settir í fjárfestingar á árinu 2014 í meginflutningskerfi og svæðisbundnum kerfum

Nýtt tengivirki Landsnets við Búðarháls og Búðarhálslína 1 voru tekin formlega í notkun nýlega. Ragnheiður Elin Árnadóttir iðnaðarráðherra spennusetti virkið og tengdi þar með Búðarhálsvirkjun við meginflutningskerfi Landsnets. Prófanir á vélbúnaði virkjunarinnar fara nú í hönd og hefst raforkuframleiðsla inn á kerfið innan tíðar. Búðarhálstengivirkið er hannað með það fyrir augum að hægt verði að stækka það síðar, verði t.d. ný flutningslína til Norðurlands, svokölluð Norður-súdurtenging, byggð.

Ný kynslóð tengivirkja og tengipunktur Norður-súdurtengingar

„Við hönnunina var gert ráð fyrir að einfalt yrði að stækka virkið – og tengja þar inn nýja línu t.d. til Norðurlands, svokallaða Norður-súdurtengingu, sem Landsnet hyggst nú ráðast í hið fyrsta að undirbúa,“ sagði Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets,

við athöfnina, en þessi áform hafa verið í undirbúningi hjá fyrirtækinu um nokkurn tíma og stefnt er að því að þau fari í formlegt umhverfismat á næstunni.

Búðarhálstengivirkið er það fyrstra sinnar tegundar í nýrri kynslóð tengivirkja hjá Landsneti sem eiga að draga úr rekstrarkostnaði, auka rekstraröryggi og minnka jafnframt umhverfisáhrif slíkra mannvirkja.

Virkið er með yfirbyggðri skel sem eykur bæði rekstraröryggi og endingu búnaðar. Það er búið tveimur 220 kílóvolta (kV) DCB aflrofum – en það er mun hagkvæmari tæknibúnaður en upphaflega var gert ráð fyrir að nota.

Búðarhálslína 1 er alls um 5,6 km löng 220 kV háspennulína en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir um 17 km langri línu. Hún liggur frá tengivirkinu við Búðarháls að Hrauneyjarsfossinu á Langöldu, þar sem hún er T-tengd inn á meginflutningskerfi Landsnets.

Mat á umhverfisáhrifum línunnar fór fram samhliða mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, en legu hennar var breytt árið 2010.

12 milljarða fjárfesting í ár og í fyrra hjá Landsneti

Útboðshönnun vegna línu og tengivirkis hófst haustið 2011 og framkvæmdir hófust sumarið 2012 með lagningu vegslóða, vinnu við undirstöður fyrir mörur og byggingu tengivirkishússins. Sumarið 2013 voru háspennumöstrin reist, leiðari línunnar strengdur og lokið við uppsetningu búnaðar í tengivirkinu. Á komandi sumri verður unnið að lóðarfrágangi við tengivirkið og frágangi á umhverfi og slóðum meðfram línunni.

Heildarkostnaður við byggingu Búðarhálslínu 1 og tengivirkisins við Búðarháls er um einn milljarður króna en alls námu framkvæmdir Landsnets í flutningskerfinu á nýliðnu ári um sjö milljörðum króna. Á þessu ári er fyrirhugað að verja um fimm milljörðum króna í fjárfestingar í meginflutningskerfinu og svæðisbundnum kerfum Landsnets í öllum landsfjórðungum, til að auka enn frekar gæði og afhendingaröryggi raforku til almennings og fyrirtækja. /MHH

Bændablaðið

Með yfirburðalestur á landsbyggðinni
(Samkvæmt lestrarkönnun Capacent)

Kemur næst út 7. febrúar

Smáauglýsingar

56-30-300

Hafa áhrif um land allt!

Friorka
AÐEINS ÞAÐ BESTA

NIBE
NÝ KYNSLÓÐ AF VARMADÆLUM FRÁ NIBE Í SVÍÞJÓÐ

NIBE býður upp á eitt mesta úrval af loft í vatn varmadælum. NIBE býður upp á eitt mesta úrval af jarðvarmadælum.

NIBE varmadælar eru hannaðar og þrautreyndar til að standast erfiðustu aðstæður og vetrarhórkur norðurlanda. NIBE varmadælar halda húsinu þínu heitu, hvernig sem viðar.

Þú færð loft í vatn og jarðvarmadælar fyrir hvaða kyndingarþörf sem er, þær eru mjög endingargóðar, notendavænar, hljóðlátar og auðveldar í uppsetningu. Stjórnborðið í lit, með USB tengi sem býður upp á afritun og uppfærslu á varmadælunni.

NIBE er stærsta og þekktasta vörumerki Evrópu í varmadælum og búnaði til húshitunar.

FLESTIR EVRÓPUBÚAR TREYSTA NIBE BEST

Friorka - Sími 571 4774 - www.friorka.is

Utan úr heimi

Anna prinsessa mælir með neyslu hrossakjöts í Bretlandi

Í Bretlandi og víðar í Evrópu er nokkur tregða og jafnvel andúð á neyslu hrossakjöts. Nokkuð er um að fólk telji hana jafnvel siðferðilega ranga. Það kom því mörgum verulega á óvart þegar Anna Bretaprinsessa lýsti því nýlega yfir að hún væri fylgjandi neyslu hrossakjöts.

Það var í finni velgjörðarveislu, sem dýraverndarsamtökin „World Horse Welfare“ efndu til, að prinsessan hvatti þjóð sína til að neyta hrossakjöts og sagði að matvöruverslanir ættu að hafa það á boðstólum og draga hvergi undan um hvaða vöru væri að ræða.

Hestar hafa alla tíð gegnt miklu hlutverki í lífi prinsessunnar en útreiðar og hestaþróttir hafa frá unga aldri verið eitt aðaláhugamál hennar. Það kom því á óvart að hún skyldi ganga fyrir skjöldu og mæla með þessari neyslu.

Misjöfn viðbrögð

Prinsessan nefndi í máli sínu að margir hestar í Bretland ættu ekki góða daga og sættu vanrækslu eigenda sinna. Þeir væru jafnvel skildir eftir á víðavangi á óbyggðum svæðum þegar þeir væru orðnir gamlir. Hún bætti því við að búfé sem alið væri upp til slátrunar ætti sér margt betra líf en hestar. Þeir fengju jafnvel betra atlæti ef eigendurnir ætluðu þá til frálags.

Þessar skoðanir prinsessunnar hafa kallað fram misjöfn viðbrögð undirsátanna. Samtökin Velferð hrossa brugðust varlega en jákvætt við ummælunum og kváðu prinsessuna hugaða. Þegar til framtíðar væri lítið væri raunsætt að gera ráð fyrir að hrossakjöt verði nýtt til manneldis í Bretlandi eins og í öðrum löndum, sagði formaður Samtaka breskra hrossabænda, Jenny McGregor. Að sögn hennar



Anna Bretaprinsessa er mikil hestamanneskja og mælir með neyslu á hrossakjöti.

hefur prinsessan hafið umræðu sem getur leitt til breytinga.

Formaður framleiðendasamtaka NFU, Martin Haworth, hefur upplýst að hrossakjöt sé eftirsótt til neyslu í mörgum löndum Evrópu og fleiri heimsálfum. Hið sama ætti að gilda í Bretlandi, en ganga þarf tryggilega frá því að neytendur viti hvað þeir eru að kaupa.

Viðskiptalífið hikandi

Því er ekki að leyna að nokkuð hefur verið um neikvæð viðbrögð við þessum hugmyndum. Ýmis dýraverndunarsamtök hafa vakið athygli á því að grísir, kýr og hænsni fái einnig slæma meðferð. Þá skora þau á prinsessuna að kynna sér einnig harkalega meðferð á hrossum í hestaþróttum.

Viðskiptalífið hefur kosið að halda sig fremur til hlés í þessu máli. Tímaritið „Matinfo“ hefur sent fyrirspurn til fimm stærstu matvælafyrirtækja Bretlands um það hvort þau hafi hrossakjöt á boðstólum í verslunum sínum en lítið hefur verið um svör. Eina undantekningin er fyrirtækið Sainsbury's, sem kvaðst ekki hafa hrossakjöt á boðstólum og ekki stefna að því.

Þýtt og endursagt /ME



Kýr af Holstein-Friesian kyni.

Nútímakýr nýta fóðrið betur

Undanfarin ár hefur nyt mjólkurkúa hér á landi þokast upp á við þó enn sé nánast órævegur í hið afurðamikla kyn Holstein-Friesian. Þó munurinn á þessum mjólkurkúakynjum sé mikill má þó ætla að þróunin sé með sama hætti hvað aðra þætti varðar s.s. fóðurnýtingu, en erlendis hefur fóðurnýting aukist verulega á liðnum árum samhliða auknum afurðum.

Vegna skorts á landi í Ísrael og takmörkuðu aðgengi þar að vatni hefur verið lögð gríðarleg áhersla á rannsóknir á fóðrun og fóðurnýtingu í Ísrael og er landið í nokkrum sérflokki hvað þetta varðar í dag.

Mjólk 11,7 tonn

Kúabú í Ísrael eru trúlega öðrum búum í heiminum fremri hvað meðalnyt snertir en þar hefur nytin aukist mikið á undanföllum áratugum. Um 90% kúnna eru af Holstein-Friesian kyninu og nokkuð hefðbundnar miðað við sambærilega svartskjöldóttar kýr eða um 6-700 kg að þyngd og mjólka að jafnaði um 2,7 mjaltaskeið. Árið 2012 var meðalnyt hinna 124 þúsund kúa landsins 11.706 kg mjólkur með 3,7% fitu og 3,24% prótein miðað við 305 daga og því er mjaltaskeiðsnyt kúnna töluvert yfir 12 þúsund lítrum. Ef eingöngu er horft til afurðastigs kúa í skýrsluhaldi, en 94% kúabúa landsins eru í skýrsluhaldinu, eru tölurnar mun hærri en hér að framan greinir og vel yfir 12 þúsund lítrum orkuleiðréttrar mjólkur á hverja árskú.

Fóðrunin lykillinn

Langflestir kúabændurnir í Ísrael fóðra kýrnar sínar með nokkuð einfaldri aðferðafræði og má gróflega flokka aðferðirnar í þrjá undirflokk: ein, tvær eða þrjár gröffóðurböndur og fá kýrnar alltaf heilfóður. Þetta fóðrunarkerfi byggir á því að kýrnar fái alltaf staðlað heilfóður, sem er nánast eins frá degi til dags og þá er aldrei skipt um fóðurgerð hjá kúnum á miðju mjaltaskeiði. Þetta kann að virka flókið og henta misvel eftir bústærð en í Ísrael hefur þetta verið leyst þannig að notast er við þrjár meginleiðir:

Ein gröffóðurblanda: Þannig samsett að næringarefnaþarfir 90% mjólkurkúnna eru uppfylltar. Hentar á öllum minni kúabúum.

Tvær gröffóðurböndur: Þannig skipt að ein blanda er sérstaklega samsett fyrir nýbærur fyrstu 21-24 dagana. Hin blandan er svo fyrir síðari hluta mjaltaskeiðsins. Þetta fóðrunarkerfi hentar sérlega vel til þess að koma í veg fyrir efnaskipta-sjúkdóma og hentar á meðalstórum búum.



Langflestir kúabændur í Ísrael fóðra kýrnar sínar með nokkuð einfaldri aðferðafræði.



Þrjár gröffóðurböndur: Eins byggt upp og aðferðin með tvær gröffóðurböndur en á síðari hluta mjaltaskeiðs, þ.e. eftir 21-24 daga, eru kýrnar flokkaðar í hámjólka og lágmjólka hópa og taka svo gröffóðurböndurnar tillit til þessara tveggja flokka af kúum. Þessi blanda hentar fyrir stór kúabú.

Nánar er hægt að lesa um ísraelskar áherslur varðandi efnainnihald gröffóðurs víða á veraldarvefnum.

Samvinna um fóðurböndun

En það er ekki einungis uppbygging fóðurkerfisins sem slíks sem er sérstæð í Ísrael heldur einnig eftirtæktað samvinna bændanna varðandi fóðrun, en fullyrða má að leiðin að því að útbúa eins fóður fyrir kýr alla daga ársins sé vart fær án samvinnu kúabúanna. Bændurnir reka því eins konar gröffóðurstöðvar sem sjá um alla heilfóðurböndugerð, geymslu á föðri, kaup á auka hráefnum o.fl. Þetta eru hálfgerðar afurðastöðvar í heilfóðurvinnslu sem kaupa hráefni af kúabændunum s.s. gras, maís, korn, mykju o.þ.h. en bóndinn kaupir svo af þessu félagi staðlað heilfóður sem afurðastöðin bæði sér um að blanda og afgreiða daglega eða oft á dag til viðkomandi. Í raun er það því þannig að heyskapur er að hluta til á ábyrgð bóndans en annars sér afurðastöðin um þetta fyrir hann, sem og að keyra föðrinu frá búinu og að afurðastöðinni.

Allir fá eins fóður

Hver og einn bóndi hefur s.s. lítið um það að segja hvernig gröffóðrið er og fær einfaldlega nákvæmlega sama heilfóður og allir aðrir fá afgreitt. Þá getur bóndinn einnig fengið föðrið afhent beint inn á fóðurgang samkvæmt samningi og því þarf hann ekki einu sinni að eiga sinn eigin fóðurvagn. Margir telja að einmitt þetta einsleita heilfóður sem stór hluti búanna í Ísrael fá, sé skýringin á þeim feiknarlega góða árangri sem búin eru að ná í afurðasemi. Sem dæmi um afurðasemina þá eru afurðahæstu kýrnar að skila í kringum 18.000 lítrum á ári (305 daga nyt, orkuleiðrét) og afurðahæstu búin eru með um og yfir 14 þúsund lítra (305 daga nyt, orkuleiðrét).

27% hærri nyt á 20 árum

Í lok síðasta árs var greint frá upp- gjöri á gögnum frá 40 búum en nyt búanna hefur aukist úr 9.300 í 11.850 kg á 20 árum en það er aukning um 27%. Á sama tíma hefur át kúnna aukist úr 20,4 í 23 kg þurrefnis á dag eða um 13%. Þetta sýnir vel á hvaða leið kynbætur kúa eru og nýta kýrnar í dag því föðrið mun betur til mjólkurframleiðslu en áður.

Betri nýting

Sé reiknað út nýtingarhlutfall miðað við orkuleiðréttu mjólk (OLM) kemur í ljós að árið 1991 fengust 1,15 kg OLM fyrir hvert gefið kíló þurrefnis en árið 2011 skiluðu kýrnar 1,37 kg OLM. Með öðrum orðum þýðir þetta að fóðurnýtingin hefur aukist um 1% á hverju ári síðustu tvo áratugi. Vísindamennirnir á bak við þetta verkefni í Ísrael hafa reiknað út að 30% af hinni bættu fóðurnýtingu megi rekja til kynbóta en 70% til betra umhverfis kúnna, fóðrunar og bústjórnar.

Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Nautgripaæktardeild
Þekkingarseturs landbúnaðarins í Danmörku



Aukin skógrækt hagstæð fyrir veðurfar á Jörðinni

Plantíð trjám, fullt af þeim, sagði Al Gore, varaforseti Bandaríkjanna í ræðu nýlega. Veðurfarsráð Sameinuðu þjóðanna er sama sinnis, sem og Norska Stórþingið, en það hefur ályktað um að stóraukin trjáplöntun skuli vera liður í veðurfarsstefnu Noregs.


Greint var frá því í norska blaðinu Nationen fyrir nokkru að vinnuhópur undir forustu Umhverfisstofnunar Noregs, (Miljödirektoratet), hafi samþykkt að leggja árlega 100 þúsund hektara lands undir trjágrækt í sátt við aðra landnotkun og umhverfissjónarmið. Starfshópur á vegum stofnunarinnar hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé raunhæft markmið og í sátt við aðra landnotkun í Noregi. Þá er einnig sátt um það á alþjóðavettvangi að unnt sé og raunhæft að takmarka hlýnun lofthjúps Jarðar við 2° C. Það er

langtíamarkmið sem á að nást á 100–200 árum.

Í fimmtu aðalskýrslu Sameinuðu þjóðanna er athyglinni í þessum málaflokki beint að væntanlegri stöðu hans um aldamótin 2100. Þar segir að áður en jafnvægi verði náð mun magn koltvísýrings í lofthjúpinum aukast töluvert. Hér er því um langtíamarkmið að ræða en þó er brýnt að hefjast handa nú þegar. Þar stendur slagurinn um að draga úr notkun orkugjafa úr iðrum jarðar, þ.e. olíu, kolum og jarðgasi, sem og að verjast hnignun skóga.

Nils Böhn, framkvæmdastjóri Norsk Skogeierforbund, segir brýnt er að marka nú þegar stefnu um stór- aukna trjáplöntun bæði út frá stöðu lífkerfis jarðar og stöðu mannsins í nútíð og framtíð.

Þýtt og endursagt /ME



Lægðin í virkni sólar á milli 1650 til 1700 er kölluð Maunder Minimum, en þá rékti það sem menn hafa kallað litla ísöld.

Langvarandi lítil virkni á sólinni vekur ugg:

Sumir vísindamenn telja að lítil ísöld geti mögulega verið í uppsiglingu

– segja ástandið álíka og í upphafi svipaðs ferlis upp úr árinu 1600

Nokkur undanfarin ár hafa vísindamenn velt því fyrir sér hvað sé að gerast á sólinni. Aukin regluleg virkni sem hefði átt að vera að ná hámarki um þessar mundir hefur ekki látið á sér kræla og lítið sem ekkert um sólbletti. Eru vísindamenn nú jafnvel farnir að gera því skóna að þetta ástand kunni að leiða til mikillar kólnunar á jörðinni á komandi árum. Er jafnvel farið að tala um möguleika á litilli ísöld á norðurhveli jarðar á næstu áratugum í þessu sambengi.

„Það er sama hvaða mælikvarða þú notar, sólgos eru að hverfa,“ sagði Richard Harrison í Rutherford Appleton Laboratory í Oxford-skíri í samtali við BBC nýverið.

„Ég er búinn að vera sóleðlisfræðingur í 30 ár og hef aldrei séð neitt þessu líkt.“

Harrison segir að þetta fyrirbæri geti leitt til kaldari vetra eða það sem kallað er Maunder Minimum eins og ríkti á norðurhveli jarðar í kringum 1645 – „Þá voru kaldir vetur, nærri því ísöld. Þá komu tímabil þegar Thames-áin fraus. Við höfum rannsóknir sem ná yfir 400 ár og ástandið núna svipar mjög til þess sem var þegar Maunder Minumum var að byrja.“

Áhrif af völdum mannsins sögð kunna að hafa gagnstæð áhrif

Mikið hefur verið fjallað um málið undanfarna daga í breskum

fjölmöldum. Þar hefur umfjöllun BBC verið áberandi. Í vefútgáfu Daily Mail segir m.a.: „Vísindamenn vara við því að sólin sé farin að sofa.“

Það er þó greinilegt að vísindamenn reyna að hughreysta almenning í kjölfar þessara fregna og Lucie Green í University College London telur að annað kunni að verða uppi á teningnum nú vegna starfsemi mannsins.

„Jörðin sem við lifum á núna er mjög mikið öðruvísi. Áhrif af starfsemi mannsins vega upp á móti þessu. Það er því erfitt að segja til um hverjar afleiðingarnar kunna að verða.“

Samkvæmt þessum orðum Green mætti ætla að fagna beri áhrifum loftmengunar af völdum mannsins. Ljóst virðist þó að vísindamenn eru mjög tvístigandi um mat á ástandinu.

Hrynja núverandi veðurkerfi?

Michael Lockwood hjá Háskólanum í Reading segir að lækkað hitastig geti haft áhrif á svokallaða þotustrauma í háloftunum um allan heim. Það geti leitt til þess að veðurkerfin eins og við þekkjum þau hreinlega hrynji.

Hann hefur áður komið fram með kenningu um að sambengi sé á milli lítillar sólarvirkni og kaldra vetra í Norður-Evrópu. Á grundvelli umfangsmikillar tölfræði hefur

Lockwood komist að því að kaldir vetur í Evrópu tengjast lágrí virkni sólar – síðasta dæmið er veturinn 2009 til 2010.

Lítill ísöld innan 40 ára?

„Við áætluðum að það séu 10 til 20% líkur á að við munum vera í Maunder Minimum ástandi innan 40 ára,“ segir Lockwood.

Kenningar og stór áform í uppnámi

Ef þessar vangaveltur vísindamanna um kólnun jarðar reynast réttar munu öll áform um jarðefnanýtingu á norðurheimskautssvæðinu, sem og framtíðarsiglingar yfir norðurlólinn, vera í uppnámi.

Á árinu 2010 bentu nýjar rannsóknir til að sólin væri sé alls ekki jafn stöðug og talið hefur verið. Nú þrem árum síðar virðast vísindamenn vera að styrkjast í spám sínum um kólnandi veðurfar.

Eitt greinilegt frávik felst í fjölda sólgosa. Á síðustu 300 árum hafa sólgosin komið og farið í 11 ára lotum.

Síðasta hringrásin hefur staðið óvenju lengi yfir og eins hafa komið margra vikna tímabil án sólgosa. Þetta töldu vísindamenn visbendingu um óþekkt ferli í iðrum sólar sem kynni að hafa mikil áhrif á loftslag jarðar. Staðreyndin er að fjöldi sólbletta frá 2011 hefur verið minni en vísindamenn telja eðlilegt. /HK/



Fucus serratus.

Hækkandi hitastig sjávar:

Þangbeltið úti fyrir Frakklandi hörfar

– sumar fisktegundir missa uppvaxtarsvæði sín

Hið útbreidda þangbelti við strönd Bretagne-skaga í Frakklandi lætur nú undan síga og gæti horfið. Við það glatast uppvaxtarsvæði margra fisktegunda, að því er fram kom í norska blaðinu Nationen fyrir skömmu.

Það er hin mikilvæga þangtegund Fucus serratus, sem er stundum kallað tennt eða sagtennt þang, sem er í útrýmingarhættu á suðlægustu vaxtarsvæðum sínum í Evrópu. Það sýna rannsóknir Alexanders Jütterbock við Háskólann í Bodø í Noregi. Í nýbirtri doktorsritgerð hans vísar hann til þess að tegundir jurta geta aðlagð sig á þrennan hátt að breyttum vaxtarskilyrðum; með því að færa sig til, með því að laga sig að nýjum skilyrðum og með því að breyta erfðaeiginleikum sínum.

Í því sambandi hefur hann einkum rannsakað sagþangið. Hann hefur rannsakað hvernig hækkun hitastigs

sjávar hefur áhrif á lífsskilyrði þess og möguleika til að laga sig að þeim en í umhverfi þess alast upp margar fisktegundir.

Rannsóknirnar spanna fjögur ólík uppvaxtarsvæði þangs; norðvesturluta Spánnar, Bretagne-skaga í Frakklandi, Danmörku norðvestanverða og Austur-Finnmörk í Noregi.

Tilraunir hafa verið gerðar þar sem hitastig í umhverfi sagþangsins hefur verið hækkað upp í það sem svarar til hitastigs hitabylgja í Evrópu á árunum 2003 og 2007 og gáfu þær tilraunir skýr svör. Við áframhaldandi hækkun hitastigs sjávar mun sagtennt þang hverfa á suðlægum vaxtarslóðum þess fyrir aldamótin 2.200 en hugsanlegt er að það muni flytja sig norður á bóginn svo sem til Íslands, Suður-Grænlands og Svalbarða.

Þýtt og endursagt /ME

Bændablaðið

Kemur næst úr 6. febrúar

Frá hugmynd að fjósi námskeið um hönnun, frágang og tæknilegar lausnir í fjósum

Þetta er námskeið sem á erindi til allra kúabænda sem eru að velta fyrir sér nýbyggingu, viðbyggingu eða endurbótum á núverandi aðstöðu.

Námskeiðin verða haldin á eftirtöldum stöðum:

29. janúar 2014
Landstólpi ehf.
Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss

30. janúar 2014
Vélaval ehf.
Varmahlíð, 560 Varmahlíð

31. janúar 2014
Kaffi Kú
Grund, 601 Akureyri

Staðfesta þarf skráningu á námskeiðið í síma **480-5600** eða með tölvupósti til: landstolpi@landstolpi.is

Námskeiðin hefjast kl. 9 og lýkur kl. 17.



Fyrirlesari á námskeiðunum verður:

Snorri Sigurðsson,
ráðgjafi við Þekkingarsetur landbúnaðarins í Danmörku



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Smábændur í þróunarlöndunum:

Útnefndir ofurhetjur samtímans

Norski þróunarsjóðurinn (Utviklingsfondet) útnefndi síðla á síðasta ári smábændur í þróunarlöndunum sem „ofurhetjur“ samtímans. Greint var frá þessu í Bondebladet.

Þessir bændur eru um hálfur milljarður að tölu. Þeir framleiða matvæli og berjast gegn fátækt í heiminum. Þá leggja þeir sitt af mörku og baráttunni við veðurfarsbreytingarnar sem nú eiga sér stað á Jörðinni.

Francisco Olivas í Nicaragua, Fitsumbran Gdey í Eþíópíu eða Johan Svárd á Haðalandi í Noregi telja sig sjálfsagt ekki neinar ofurhetjur en okkur finnst þeir vera dæmigerðir fulltrúar þeirra.

Veðurfarsráð Sameinuðu þjóðanna varar við samdrætti í uppskeru víða um heim vegna breytinga á veðurfari. Smábændur í fátækum löndum

framleiða um þessar mundir stóran hluta af matvælum þjóða sinna um leið og þeir finna verulega fyrir þeim veðurfarsbreytingum sem nú eiga sér stað í umhverfi þeirra. Þeir gegna mikilvægu hlutverki, bæði í baráttunni við fátækt og við að tryggja matvælaöflun.

Smábændur eru gjarnan opnir fyrir sjálfbærum ræktunaraðferðum, m.a. vegna þess að þeir hafa ekki ráð á að kaupa vélar og verkfæri né áburð eða jurtavarnarefni. Í stað þess nota þeir ódýrar aðferðir sem fara vel með akrana. Sjálfbær landbúnaður verður ekki stundaður nema með miklu vinnuframlagi og kunnáttu, en hann getur þó skilað góðum tekjum. Hann er einnig góð vörn gegn veðurfarsbreytingum og uppskerubresti.

Ofurbóndinn Fitsumbran í Eþíópíu ræktar grænmeti og ávexti á landi sínu. Hún ræktar saman margar tegundir en er líka með geitir og kú og selur afurðir sínar á þorpsmarkaðnum.

Hið sama gerir Francisco í Níkaragva. Hann er félagsmaður í

samvinnufélagi og stundar vistvænan landbúnað. Hann ræktar yfir 30 tegundir nytjajurta. Það kostar mikla vinnu en skilar líka góðum árangri.

Alþjóðlegar álitsgerðir greina frá því að landbúnaður sé hluti af lausn veðurfarsvandamála á Jörðinni. En til að innleiða sjálfbæran landbúnað þarf þekkingu, leiðbeinendur og sameinað alþjóðlegt átak. Upplýsa verður bændur um það hvaða tegundir nytjajurta auðga jarðvegin af köfnunarefni og hvaða jurtir útrýma ekki öðrum tegundum.

Í Asíu hafa bændur lært að nota endur eða fiska til að vinna gegn illgresi og skordýrum í ökrum. Síðan er unnt að veiða fiskinn til matar og úrgangurinn frá honum nýtist sem áburður.

Þessi búskapur hefur aukið uppskeru um allt að 20%, eiturefnanotkun hefur minnkað og tekjur aukist um 80%.

Nærtækt er að halda því fram að það sé smábóndinn sem eigi framtíðina.

Þýtt og endursagt /ME



Smábændur í þróunarlöndum. Mynd / FAO

Rétt fóðrun hækkar fituhlutfall mjólkur

Jóna Þórunn
Ragnarsdóttir
Ráðunautur í fóðrun
hjá RML
mundi@rml.is



Fituinnihald mjólkur er hægt að hækka með kynbótum, en þær breytingar taka langan tíma auk þess sem maður þarf að vera viss um að markaðurinn fyrir mjólkurfitu haldist. Til styttri tíma lítið er einfaldast að auka fituinnihaldið með bættri fóðrun, með því að breyta samsetningu fódurs eða með því að breyta um fóðrunaraðferð.


Á mörgum búum hefur á undangengnum árum verið löggð áhersla á meiri afurðir, en sumum hefur reynst erfitt að auka bæði afurðir og hækka verðefnahlutfall samtímis. Almennt séð er neikvætt hlutfall milli aukinna afurða og verðefnahlutfalls. Samkvæmt norska skýrsluhaldinu í nautgriparáækt virðist aukning um 1.000 kg meðalafurðir minnka fituhlutfall milli 7 og 10 hundraðshluta. Það er því mikilvægt að fódra rétt til að tryggja næga fitu til vinnslu mjólkurbúanna nú þegar eftirspurn er jafn mikil og raun ber vitni.

Byggingarefni mjólkurfitu

Á mynd 1 má sjá þrjár meginuppsprettur byggingarefna fyrir mjólkurfitu: 1) Edik- og smjörsýrumyndun við vambargerjun, 2) Fóðurfita og 3) Holdniðurbroti. Uppspretta númer 1 hefur lang mest áhrif, sérstaklega þegar vambargerjunin leiðir af sér mikla framleiðslu á smjörsýru. Gott vambarjafnvægi er afgerandi þáttur fyrir hátt fituhlutfall, en vambarjafnvægið ákvarðast af því hvort nægur „strúktúr“ (tyggiefni) sé í fódruinu og af hlutfallinu milli sterkju og trénis (NDF). Þegar fituhlutfall tankmjólkur er komin niður í 3,5-3,6% er það skýrt merki um að vambarjafnvægi sé ekki nógu gott. Þegar fituhlutfall er orðið enn lægra, niður undir 3,2% eða svo, er fituhlutfallið orðið óeðlilega lágt og getur komið af mörgum þáttum; m.a. vambarjafnvægi og fituinnihald/fitusamsetningu í fódri. Í slíkum tilvikum getur lélegt vambarjafnvægi kallað fram framleiðslu á fitusýrum í vömb sem hafa neikvæð áhrif á fitumyndun í júgra. Dæmi um slíkt tilvik væri rýgresisbeit með háu hlutfalli kjarnfóðurs að auki.

Nægilegt tréni er mikilvægt

Trénisinnihald (NDF) í fódruinu er oft notað sem mælikvarði á það hvort nægilegur strúktúr sé í dagsskammti kúnna. Mynd 2 sýnir samhengi milli NDF-innihalds í fódri og fitu- og próteininnihalds í mjólk. Með auknu NDF-innihaldi eykst fita í mjólk en prótein lækkar. Það kemur af því að aukið NDF-innihald lækkar hlutfall sterkju og sykurs í fódruinu. Þetta þýðir orkulægra fódur sem lækkar mjólkurframleiðslu og próteinhlutfall. Almennt má segja að NDF-innihald í gróffóðri mjólkurkúa eigi að vera á bilinu 480-520 g/kg þe., eða um það bil 350-420 g/kg þe. í heildardagsskammti. Þegar fóðuráætlanir eru unnar í Norðför-fóðurmatskerfinu er m.a. tekið tillit til vambarálags annars vegar og hlutfalls milli auðmeltra kolvetna (sterkju og sykur) og tormeltra kolvetna (trénis) hins vegar. Niðurstöður rannsóknar á 386 norrænum fóðuráætlunum benda til að vambarálag geti gefið góðar vísbendingar um fituinnihald í mjólk. Mynd 3 sýnir samhengi milli vambarálags og fituinnihalds



Mynd 1. Uppspretta fitu.

Er lágt fituhlutfall vandamál?

Fituinnihald <3,7%; bættu vambarumhverfið

- Er frjálst át á gróffóðri? Lítið gróffóðurát gefur lélegt vambarumhverfi.
 - Mældu gróffóðrátið, át <8 kg þurrefnis er lágt
 - Þarf að gefa oftar, sópar moði frá oftar, jafnvel breyta um aðferð?
- Er verkun votheysins léleg?
 - Mældu gróffóðurátið
 - Er til betra verkað fódur eða er hægt að blanda ólíkum heygerðum saman til að auka lystugleika?
- Hvað er gefið mikið kjarnfóður?
 - Ef kjarnfóðurhlutfallið er >55% eykst hættan á slæmu vambarumhverfi
 - Breyttu kjarnfóðurskömmtnum
 - Er nægilegur strúktúr í heyjunum? Gefðu kjarn- eða aukafóður sem bætir strúktúr heildarfóðursins
- Er nægilegur strúktúr í gróffóðruinu?
 - Er NDF-innihaldið <460 g/kg þe.?
 - Er söxun gróffóðursins of mikil? Besta agnastærð er 40–50 mm
- Fjöldi kjarnfóðurgjafa á dag.
 - Ef kjarnfóður er gefið 2svar á dag ber að fjölga kjarnfóðurgjöfum í 4 á dag og úr 6 í 8 gjafir. Þó skulu líða 1,5 klst. milli kjarnfóðurgjafa (á síður við í lausagöngufjósum með kjarnfóðurbása)

Fituinnihald 3,7–4; bættu vambargerjun og fitufóðrun

- Skoðaðu gróffóðurgæðin
 - Er nægilegur sykur í heyjunum? Ef sykur er <50 g/kg þe. eða mjólkursýruinnihald >100 g/kg þe. er hægt að gefa byggkögla til viðbótar
 - Skiptu í gróffóður með hærri meltanleika (læggra NDF-innihald) en þó verður meðal-NDF-innihald í gróffóðruinu að vera >480 g/kg þe.
 - Blandið smáaríkjum heyjum (>40-50%) saman við gróffóður með minni smára
- Íhugaðu kjarnfóðurmagn og -gjöf allt mjaltaskeiðið
 - Notið kjarnfóður með háu hlutfalli af sykurrófuhrati/sykurrófum ef kjarnfóðurgjöf er >10–12 kg
 - Of mikil kjarnfóðurgjöf á mið- og síðmjaltaskeiði; gefið minna kjarnfóður en takið þó tillit til gróffóðurgæða (á almennt ekki við)
 - Hvert er vambarálag fódursins? Íhugaðu að breyta fóðruninni til að lækka það.
- Íhugaðu að fódra með fitu
 - Ef fituinnihald er <4% í dagsfóðri. Notaðu kjarnfóðurtegund með hærri fituinnihald eða gefðu aukalega torleysta fóðurfitu.


Grundvallaratriði er að hefynagreiningar liggi fyrir þegar komast á til botns í því hvers vegna verðefnahlutfall í mjólk er of lágt. Norðför er mjög gott verkfæri til að meta gróffóðurgæði, og finna rétta kjarnfóðurtegund og -magn til að tryggja há efnahlutföll í mjólk.

í mjólk, en línan er hæst um það bil við vambarálag 0,38. Vegna sveigjunnar er toppurinn nokkuð flatur, svo útslag á fituinnihald hefur mest að segja þegar vambarálag er


komið niður fyrir 0,2 (mjög lágt kjarnfóðurhlutfall) eða upp fyrir 0,6 (mjög hátt kjarnfóðurhlutfall). Niðurstöðurnar sýna að bæði of lítið og of mikið af auðmeltum kolvetnum lækka fituhlutfall.

Áhrif kjarnfóðurs á fituhlutfall

Bæði kjarnfóðurhlutfall og hráefni kjarnfóðursins hafa áhrif á fituinnihald mjólkur. Aukið kjarnfóðurhlutfall (hlutfall af þurrefnisáti) er oft tengt við lækkanði fituhlutfall í mjólk. Rannsóknaniðurstöður eru hins vegar ekki alltaf sammála í þessum efnum, en fylgja þó nokkuð mynd 3 sem sýnir



Mynd 2. Prótein og fita miðað við NDF.



Mynd 3. Vambarálag og fita í mjólk.

vambarálag. Þegar frjálst át á gróffóðri er viðhaft í fjósinu (miðað við að um 10% fódurleifar séu dag hvern) og kjarnfóðurhlutfall fer yfir 50-55% fer kjarnfóðurhlutfallið að hafa áhrif til lækkunar á fituhlutfalli í mjólk. Þegar lítil plöntusýkur er í heyjunum er hægt að bæta það upp með auknu kjarnfóðri sem inniheldur sykur og auðleysta sterkju. Slíkt er hægt að fá úr t.d. köggluðu byggi (1,5-2 kg/kú/dag) en það eykur myndun edik- og smjörsýrugerjun. Þetta á sérstaklega við þá bændur sem eiga mikið verkað vothey með sykurinnihald innan við 50 gr/kg þe. Þegar vambarálag er orðið mjög hátt getur slæmt vambargerjafnvægi haft neikvæð áhrif á fituhlutfallið. Þetta á sérstaklega við um kýr á fyrsta hluta mjaltaskeiðs (fyrstu 90 daga frá burði). Þetta skýrist af minni átgetu á gróffóðri og þar með hærri kjarnfóðurhlutfalli.

Hrávörusamsetning í kjarnfóðri

Hrávörusamsetning kjarnfóðurs hefur áhrif á fituinnihald í mjólk, en áhrif þess fara eftir kjarnfóðurhlutfalli. Þegar kjarnfóðurhlutfallið er hátt (10-12 kg/dag) eru möguleg sóknarfæri í því að skipta hluta af sterkjuríku hrávörunum (hveiti, bygg, hafnar) út fyrir sykurrófuhrat. Sykurrófuhrat hefur jákvæð áhrif á vambargerjafnvægið og vambargerjun þess skilar hærri hlutfalli af smjörsýru. Hins vegar þarf 2-2,5 kg/kú/dag af sykurrófuhrati til að fá fram jákvæð áhrif og í tilbúnum kjarnfóðurlöndum þarf hlutfallið því að vera 20-25%. Fyrir þá sem hafa aðstöðu til þess getur lútað hveiti einnig verið möguleiki. Lútað hveiti gefur möguleika á því að hafa hátt hlutfall sterkju í dagsfóðri án þess að það hafi neikvæð áhrif á vambarumhverfið.

Aukin mettuð fita í fódri, s.s. kalsíumhúðuð fita eða Akofeed Gigant®, hafa í tilraunum bæði sýnt jákvæð og engin áhrif á fituinnihald mjólkur. Í þeim rannsóknum þar sem aukin fóðrun á fitu hefur sýnt jákvæðar niðurstöður hafa 200-300 grömm af auka fitu hækkað fituinnihaldið um 0,05-0,10 prósent. Mest áhrif hefur aukin fóðrun á fitu þegar fóðrið inniheldur þá þegar nokkuð af ómettaðri fitu.

Í hjörðum þar sem kjarnfóðurhlutfallið er orðið hátt (meira en 50-55%) getur verið sóknarfæri að bæta „buffer“, s.s. natríumbíkarbónati, í fódrið. Það hækkar sýrustig

vambarinnar og hefur mest áhrif þar sem er gróffóðurskortur, lítið gróffóðurát eða þar sem hlutfall auðleysta kolvetna úr aukaafurðum er orðið mjög hátt.

Áhrif gróffóðurs á fituhlutfall

Margir þættir í gerð gróffóðurs hafa áhrif á fituinnihald í mjólk. Mikilvægastir eru trénisinnihald, meltanleiki (orkuinnihald) og verkun. Áhrif af NDF-innihaldi og meltanleika gróffóðurs á fituinnihald eru hvorki skýr né auðskilin. Það skýrist af því að hærri meltanleiki eykur gróffóðurát og mjólkurframleiðslu, en fituhlutfall lækkar þó fitumagn aukist. Gróffóður með háum meltanleika hefur alla jafna lægra NDF-hlutfall og því getur það valdið vandamálum varðandi „strúktúr“ í vömb, sér í lagi ef gróffóðurgjöf er ekki nægilega mikil. Þar með lækkar vambargerjafnvægi. Sérstaklega á þetta við ef gróffóðrið inniheldur innan við 460 gr NDF/kg þe. (og ómeltanlegt tréni, iNDF, er innan við 100 gr/kg NDF). Ef maður stillir ekki kjarnfóðurgjöfina mjög nákvæmlega með slíku „léttmeti“ getur það leitt til mikillar lækkunar á fituinnihaldi. Það er því mikilvægt að kýrnar hafi óskertan aðgang að snemmslegnu gróffóðri, en það bæði eykur mjólkurframleiðslu og fituhlutfall. Hátt hlutfall af smára (yfir 40%) í votheiyi lækkar fituhlutfallið einnig. Sér í lagi á þetta við um lífræna mjólkurframleiðslu þar sem mikið er keyrt á grasfræblöndum með smára. Í slíkum tilvikum getur verið gott að blanda saman ólíkum gróffóðurtegundum, s.s. fyrsta slætti og smáaríkri hánni.

Verkun gróffóðurs

Verkun gróffóðurs hefur mikil áhrif á fituinnihald í mjólk. Illa verkað fódur dregur úr gróffóðuráti og eykur hættu á slæmri vambargerjun. Hátt sykurinnihald í votheiyi eykur smjörsýrumyndun í vömb og hækkar því fituinnihald í mjólk. Hækkun á sykurinnihaldi gróffóðri úr 50 gr/kg þe. í 100 gr/kg þe. hækkar fituinnihald mjólkur um 0,15 prósentueiningar. Hátt sykurinnihald í gróffóðri fæst með hraðri forþurrkun upp í 30-34% þurrefni, en einnig með því að nota íblöndunarefni sem innihalda sýru.

(Þýtt og staðfært úr Buskap 6/2012)

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt hjá RML ee@rml.is



Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2013

Um alllangt skeið hefur verið stuðlað að því að bændur „skeri úr“ veturgömlu hrútunum á grunni afkvæmarannsóknna með tilliti til skrokkgæða. Óhætt er að fullyrða að þar sem vel hefur verið að verki staðið hafa afkvæmarannsóknir skilað bændum ræktunarframförum í bættem vöðvavexti og minni fitu. Á þessum grunni hafa hrútar gjarnan valist inn á sæðingastöðvar eða í áframhaldandi stærri rannsóknir og þannig hefur ávinningurinn af þessu starfi verið mikilvægur liður í ræktunarstarfinu á landsvísu.

Á síðustu árum hefur þetta verkefni verið styrkt af fagfê sauðfjársamnings, upphaflega var þetta styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Síðasta haust voru reglurnar á þann veg að 8 hrúta þurfti í samanburðinn þar sem hver þeirra ætti 8 ómskoðuð afkvæmi af sama kyni og kjötmatarniðurstöður fyrir 15 afkvæmi. Bændur þurftu síðan að vista uppgjör afkvæmarannsóknarinnar í Fjárvis og senda tilkynningu til RML fyrir tiltekin tíma. Líkt og kynnt var í haust hefur reglunum verið breytt með það að markmiði að efla prófun á veturgömlum hrútum og mun afkvæmarannsókn ekki teljast styrkhæf nema að lágmarki 5 veturgamlir hrútar sé í samanburðinum haustið 2014.

Í heildina voru 108 styrkhæfar afkvæmarannsóknir haustið 2013 og afkvæmahóparnir 1.172, þar af átta veturgamlir hrútar 41% hópana. Þetta er umfangsminna en haustið 2012 en þá voru afkvæmarannsóknirnar 162 og hóparnir alls 1.700. Hækka

Hæstu hrútar samkvæmt niðurstöðum afkvæmarannsóknna haustið 2013

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Býli
Messi	12-108	Borði	08-838	124,9	193,4	159,2	Heydalsá, Tungusveit, Strand.
Gullmoli	08-314	Gullmoli	05-552	148,8	165,4	157,1	Innri-Múla, Barðaströnd, V-Barð.
Ósi	11-056	Demantur	10-263	130,4	183,5	157,0	Tunguseli, Þistilfirði, N-Þing.
Kútur	11-308	Gosi	09-850	136,7	176,5	156,6	Litla-Hofi, Örafasveit, A-Skaft.
Garri	11-908	Hriflon	07-837	144,4	160,7	152,6	Stóra-Vatnshorn, Haukadal, Dal.
Tjaldur	11-687	Byr	08-283	121,8	171,1	146,5	Sandfellshaga 2, Öxarfirði, N-Þing.
Spotti	10-726	Kveikur	09-707	122,9	166,1	144,5	Melum, Hrutafirði, Strand.
Fífill	10-790	Messi	09-285	138,6	149,4	144,0	Þverá, Dalsmynni, S-Þing.
Nonni	11-529	Gandur	07-845	132,9	154,4	143,7	Syðri-Hofdölum, Viðvíkursveit, Skag.
Kári	09-219	Freyðir	07-810	119,0	167,3	143,2	Fornustekkur, Nesjum, A-Skaft.
Jóker	12-321	Gosi	09-850	117,1	168,8	143,0	Laxárdal, Þistilfirði, N-Þing.
Kúri	11-297	Jökull	07-844	152,5	131,4	142,0	Breiðavaði, Langadal, A-Hún.
Runni	11-014	Laufi	08-848	121,1	161,4	141,3	Urriðaa, Miðfirði, V-Hún.
Urgur	12-241	Dagur	11-034	131,1	150,3	140,7	Brjánslæk, Barðaströnd, V-Barð.
Hlekkur	10-513	Hriflon	07-837	125,3	155,4	140,4	Haukatungu syðri 2, Kolbeinsstaðahr., Snæ.
Einir	11-539	Borði	08-838	125,2	154,5	139,9	Geirmundarstöðum, Skarðsströnd, Dal.
Mjölmir	11-053	Barak	08-056	139,1	139,1	139,1	Ketilseyri, Dýrafirði, V-Safj.
Fáni	12-653	Fannar	07-808	119,1	156,8	138,0	Stór-Ökrum II, Blönduhlíð, Skagafirði
Patti	11-005	Prjónn	07-812	98,9	176,9	137,9	Haukholtum, Hrunamannahrepp, Árn.
Þengill	10-136	Grábotni	06-833	136,5	139,2	137,9	Steinnesi, Þingi, A-Hún.
Trítill	11-074	Sokki	07-835	124,6	150,1	137,4	Sölvabakka, Refasveit, A-Hún.
Rati	08-661	Raftur	05-966	134,0	140,5	137,3	Reykjum, Svínadal, A-Hún.
Gári	12-532	Jökull	07-844	128,0	145,9	137,0	Haukatungu syðri 2, Kolbeinsstaðahr., Snæ.
Bjösssi	09-509	Fengur	06-407	125,0	148,4	136,7	Saurbæ, Vatnsnesi, V-Hún.
Dvali	12-389	Drangur	09-606	105,8	166,4	136,1	Húsavík, Tungusveit, Strand.
Grímur	11-669	Gandur	07-845	125,1	147,1	136,1	Sunnuhlíð, Forsæludal, A-Hún.
Blakkur	11-239	Prjónn	07-812	127,6	143,3	135,5	Sölvangi, Fnjóskadal, S-Þing.

þarf hlutfall veturgamalla hrúta sem eru prófaðir og fjölga þáttakendum. Undirritaður hefur ásamt Eyjólfí Ingva Bjarnasyni unnið að samantekt niðurstaðna, en niðurstöður fyrir öll búin eru birtar á heimasíðu RML (www.rml.is) ásamt heildaryfirliti og niðurstöðum fyrri ára.

Efstu hrútar

Í meðfylgjandi lista er að finna

yfirlit yfir þá hrúta sem sýndu mesta yfirburði í afkvæmarannsóknnum síðastliðið haust. Hér eru birtir allir hrútar sem ná 135 stigum eða meira í heildareinkunn. Minnt er á að heildareinkunnin er meðaltal kjötmatseinkunnar og gæðaeinkunnar úr líflambaskoðun og er þessi einkunn ekki samanburðarhæf milli búa heldur gefur til kynna yfirburði hrútsins í tilteknum samanburði. Niðurstöður þarf alltaf að túlka með

hliðsjón af gæðum þeirra gagna sem að baki liggja og stefnu búins m.t.t. til vægis á einstaka eiginleikum. Mest útslag sýnir veturgamall hyrndur hrútur á Heydalsá hjá Ragnari og Sigríði, Messi 12-108. Messi er frá Bæ í Arneshreppi. Faðir hans er Borði 08-838 frá Hesti og móðurfaðir er Fróði 04-963 frá Hagalandi. Vöðvaeinkunn afkvæmanna var 12,6 og fitueinkunn 7,8 og meðalbakvöðvapykkt var 31,9

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Hugsaðu vel um dekkin

Flestir hugsa til öryggis þegar farið er af stað á ökutæki með því að spenna börn í bílstóla og keyra með öryggisbeltið spennt, en athuga ekki alltaf hvort dekkin undir ökutækinu séu í lagi og örugg. Fyrir nokkru sá ég bíl koma á dekkjaverkstæði sem ég vinn á með tvö börn vel spennt í bílstólum. Dekkin undir bílnum voru hins vegar orðin svo léleg að þau voru stórhættuleg (sjá mynd). Svona slitin dekk eru því miður allt of algeng sjón.

Dekkjaumhirða Íslendinga er almennt frekar slæm. Miðað við það sem maður sér hirðir landsbyggðarfólk samt mun betur um dekkin undir bílnum sínum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem dekkjaumhirða er í allt of mörgum tilfellum til skammar. Til að hjólbarðar virki rétt þarf að mæla loft í þeim reglulega. Í nánast öllum bílum má finna uppgefið loftmagn á miða í hurðarfalsi bílstjóra, en í örfáum tilfellum er þessi miði inni í eldsneytislokinu.

Miðað við fjögur dekk undir ökutæki er ekkert óeðlilegt að hjólbarðar tapi lofti á bilinu 1-2 psi. á mánuði, en getur verið misjafnt milli hjólbarða. Mjög margir vilja keyra með lítið loft í dekkjum á veturna svo að grip verði meira í snjó og hálku áfram, en of lítið loftmagn lengir bremsuvalengd mikið og dekkjin slitna vitlaust (kantarnir spænast niður), auk þess sem bíllinn eyðir meira eldsneyti vegna þess að álag á mótör og drif verður meira með of lítið loft í dekkjum. Það getur vissulega hjálpað mikið í hálku og snjó að hleypa lofti úr dekkjum en þá verður að muna að setja rétt loftmagn sem fyrst í dekkjin aftur. Sé maður á fjór hjóladrifnum bíl eða dráttarvél í snjó og hálku og hleypir úr dekkjum þarf sérstaklega að athuga eitt. Framdekkjin mega aldrei bunga meira en afturhjólin vegna þess að



Þetta dekk var undir bílnum með barnastólana tvo.

þá eru afturdekkjin að reyna að taka fram úr þar sem þau fara aðeins hraðar (þetta er sérstaklega viðkvæmt fyrir stóra ameríska pallbila og bíla sem eru mjög þungir að framan). Ef framdekkjin bunga aðeins minna en afturdekkjin toga þau ökutækið áfram og ef þau missa grip taka afturdekkjin við og ýta ökutækinu áfram. Sé ekið í fjór hjóladrifi lengi og loftmagn er misjafnt í dekkjum getur það valdið óþarfa bilunum í drifbúnaði. Á vinnuvélum þarf að veita og meta hversu mokstursvinna er þung gagnvart loftþrýstingi fyrir framhjólin (það er ágætt á dráttarvélum og grófum að byrja með of mikið í framdekkjum – það má alltaf hleypa úr).

Ný dekk gefa visst grip til stöðvunar á ökutækinu en þegar

dekkjin eru komin að slitmörkum (1,6 mm eftir) lengist bremsuvalengd dekkjanna um að jafnaði um 30% (getur hlaupið á 10% til eða frá, fer eftir tegund dekkja).

Dekk hafa bara vissan líftíma en gömul dekk vilja verða þurr og griplítill og hliðar springa (oft kallað að dekk séu fúin). Sem dæmi fæst víða erlendis ekki skoðun á bíllinn ef dekkjin eru eldri en tíu ára. Einnig veit ég dæmi þess að bílaframleiðendur eru með varúðarsetningu í eiganda-handbók bílsins um að ekki megi keyra bíllinn með eldri dekk en sex ára gömul. Vilji menn fræðast meira um dekk er hægt að nálgast upplýsingar á vef FÍB (www.fib.is) með leitarorðinu „dekk“, en þar má finna mikið af fróðlegum upplýsingum og greinum um dekk.

Áburðaráætlanir Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins

Þessi misserin keppast áburðarsalar við að birta úrval áburðartegunda og verð á þeim. Getur þá oft verið úr vöndu að ráða að velja rétta tegund miðað við aðstæður á hverjum stað.

Þar sem áburðarkaup eru í flestum tilfellum stór kostnaðarliður á búum er afar mikilvægt að vandað sé til verka við val á áburðartegundum. Kaup á áburðaráætlan eru í því tilliti sterkur valkostur fyrir bændur. Með faglega unninni áætlun er mögulegt að hámarka hagkvæmni áburðarkaupa til að áburðarefni nýtist sem best ásamt því að auka magn og gæði uppskerunnar, sem stuðlar að bættu heilbrigði og meiri og betri afurðum. Sömuleiðis er víða hægt að hagræða í áburðarkaupum og þar með spara umtalsverðar upphæðir.

Um árábil hafa ráðunautar veitt

mikilvæga ráðgjöf á þessu sviði og og með því bætt afkomu margra bænda. Kostnaður við kaup á áburðaráætlun er óverulegur miðað við þann ávinning sem ná má með henni. Sem dæmi má nefna að ef keyptur er áburður fyrir tvær milljónir og það tekur ráðunaut um þrjá tíma að vinna áætlunina er kostnaðurinn um 0,75% af heildarkostnaði áburðarkaupanna. Hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins eru margir ráðunautar sem taka að sér að vinna áburðaráætlanir eða aðstoða bændur við að gera það sjálfir og geta bændur sett sig í samband við þá, annaðhvort með því að hringja í síma 516-5000 eða fara inn á heimasíðuna rml.is og finna þar þann ráðunaut sem óskað er eftir að ræða við.

Með kveðju, starfsfólk RML

Sauðfjárbændur athugið!

Skila þarf skýrsluhaldsgögnum í sauðfjárrækt fyrir 1. febrúar nk.

Til að standast kröfur gæðastýringar í sauðfjárrækt. Þeir bændur sem ekki eru búnir skila eru hvattir til að ganga frá skýrsluhaldinu sem fyrst.

Þeir sem þurfa aðstoð er bent á að hafa samband við ráðunauta RML í síma 516-5000.

Faghópur sauðfjárræktar hjá RML



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins Sími 516 5000 www.rml.is



Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Giant-smávélar:

Ótrúlega öflugir liðléttingar frá Hollandi

Vélavali í Varmahlíð hefur hafið innflutning á Giant-liðléttingum frá hollenska fyrirtækinu Tobroco Machines, en einnig er Landstólpi söluaðili fyrir Giant. Ég skrapp í stutta heimsókn í Landstólpa á gamlársdag og skoðaði þær þrjár tegundir af Giant sem þar eru til sölu og sýnis.

Lítið fyrirtæki sveitastráksins stækkaði hratt

Tobroco Machines var stofnað árið 1996 af Hollendingnum Toine Brock og var verksmiðjan til að byrja með staðsett á býli foreldra hans. 2001 hóf Tobroco að framleiða Giant-liðléttingana og árið 2003 var starfsemin flutt af sveitarbýlinu til Oisterwijk í Hollandi. Í dag starfa yfir 100 manns hjá Tobroco Machines og framleiðslugetan er um 35 liðléttingar og skotbómulyftarar á viku.

Giant-liðléttingarnir eru nú orðnir þriðju söluhæstu liðléttingarnir í Evrópu. Framleiddar eru 25 gerðir af Giant-liðléttingum og tvær gerðir af skotbómulyftum. Hægt er að fá hverja gerð í ýmsum útfærslum hvað varðar dekkjastærð, yfirbyggingu, ljósabúnað, þyngingar o.fl. og eins er hægt að fá svokallaðan stöðugleikabúnað í allmargar gerðir.

Þrjár misstórar Giant-gerðir hjá Landstólpa

Fyrir framan Landstólpa stóðu fjórar misstórar Giant-vélar; tvær voru af sömu stærð en með mismunandi búnaði (önnur með sóp, hin með göfflum með klemmu). Allar vinnuvélar Giant eru með aflvélar frá Kubota (3ja og 4ra cyl.), Bosch Rexroth-glussakerfi og Comar-öxla. Minnsta vélin heitir D254 SW og er með 24 hestafla þriggja strokka vél og lyftigetu upp á 1.100 kg upp í 2,17 metra. Vélin beygir á lið með glussatjökkum um sig miðja og er beygjuradíus ótrúlega lítill. Hæðin er rúmí tveir metrar en ef þarf að lækka vélin (t.d. moka undan grindum í fjárhúsi eða álika) er hægt að lækka vélin með því að fella aftur veltigrindina.

D337T er næsta stærð fyrir ofan og er búin þriggja strokka 33 hestafla vél með lyftigetu upp á 1650 kg í 2,82 metra hæð. Á þeirri vél er líka hægt að fella niður veltigrindina er vélin þarf að fara í vinnu undir eitt-hvað þar sem lofthæð er lítil.

Stærsta vélin búin stöðugleikabúnaði og nær 28 km hraða

Risinn í Giant-fjölskyldunni hjá Landstólpa er V452T HD. Þessi vél býður upp á mikla möguleika



Giant-fjölskyldan við Landstólpa.

Myndir / HLJ



Beygjuradíus er lítill á öllum vélunum. Ökumannsbúrið virðist lítið á-D254SW vélinni en þessi ökumaður er rétt tæpir tveir metrar.

til ýmissar vinnu vegna stærðar vélar og öflugs glussakerfis. Tækið er með fjögurra strokka, 45 hestafla vél og lyftigetan er 1.800 kg upp í 2,96 metra. Vélin er útbúin stöðugleikabúnaði til að auðvelda mokstur og flutning á moksturstækjum með þunga byrði. Þessi stöðugleikabúnaður er þannig að fjöðrunin er tekin af miðjuliðnum með tveim tjökkum sem læsa vélinni í vissri stöðu (vélin keyrð á sléttan flöt og henni læst). Til samanburðar er hægt að keyra annað framdekk vélarinnar upp á



Stærsta vélin hefur mikla lyftigetu og lyftir hátt miðað við stærð.

ójöfnu og læsa henni þar. Sé keyrt á jafnsléttu með vélin þannig læsta er eitt dekkið á lofti (sjá mynd). Fyrir þá sem þekkja vel til liðléttinga

sem beygja almennt um lið á þeim miðjum er mjög auðvelt að velta þeim. Með þessum stöðugleikabúnaði minnkar sú hætta umtalsvert.



Eftir að hafa keyrt upp á ójöfnu og læst stöðugleikabúnaðinum er hægt að keyra á þrem hjólum (eða skipta um dekk).



Eina spurningin hjá mér er hvort þetta sæti er nægilega sterkt fyrir íslenska veðráttu.



Flott merki framleiðandans.

Þessi vél nær allt að 28 km hraða á góðu undirlagi.

Mikið af aukahlutum fúanlegt á Giant-vélar

Tengibúnaðurinn framan á vélunum öllum er sá sami og hægt er að nota búnað frá öðrum framleiðendum. Tobroco Machines framleiðir yfir 50 tegundir af aukahlutum sem hægt er að sérpanta á vélarnar, s.s. skóflur, sópa, gripklær, staurabor, jarðveg-stætara og fleira. Persónulega hefði ég viljað sjá gult blikkljós vera á öllum vélunum sitengt, þ.e.a.s. alltaf þegar vélin er í gangi blikki aðvör-unarljós ekki sist þar sem vélarnar eru það hljóðlátar að varla heyrist í þeim. Að öðru leyti fannst mér þessar litlu vélar vera ótrúlega liprar og að svona litlar vélar geti lyft svo þungri byrði sem þær eru gefnar upp fyrir finnst mér með ólíkindum.

Grunnverð á vélunum þrem

Minnsta vélin (Giant D254SW) kostar frá 3.222.906 kr. fyrir utan skatt. Næsta vél (Giant D337T) er á grunnverði frá 4.453.268 kr. fyrir utan skatt. Stærsta vélin er eðlilega dýrust og fer eftir útbúnaði. Grunnverðið á henni fer eftir útbúnaði og því bendi ég áhugasömum á að hafa annað hvort samband við Landstólpa eða Vélavali sem selja vélarnar.

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300

Hafa áhrif
um land allt!

Lesendabás

Frumvarp til laga um ágang búfjár árið 1929

Fróðlegt er að bera frumvarp til laga um ágang búfjár sem lagt var fram á Alþingi 1929 saman við ákvæði núgildandi laga um vörslu búfjár. Það frumvarp náði ekki fram að ganga en inntak þess á enn við. Það er löngu tímabært að setja í lög þá meginreglu að umráðamaður búfjár ábyrgist að það geti ekki gengið í annars land án heimildar.

Um ágang búfjár í sögulegu ljósi

Varsla búfjár hefur verið viðfangsefni laga hér á landi frá ómunatíð. Hin fornu ákvæði Grágásar og Jónsbókar fölu í sér ýmis ákvæði um ábyrgð eigenda á búfænaði. Í Grágás er t.d. lagt blátt bann við að reka fé í annars manns land. Þótt framkvæmd laganna væri um margt erfið í reynd urðu þau lífseig. Að undanskilinni réttarbót Eiríks konungs Magnússonar á Jónsbók 1294 er það ekki fyrr en á 8. og 9. áratug 19. aldar og svo aftur 1904 að reynt er að bæta úr ágöllum þessara laga að því er varðar „helgi lands og ágang búfjár“. Þó með litlum árangri. Á svipuðum tíma voru sett afdráttarlaus lög um vörsluskyldu eigenda á búfænaði sínum í Noregi (1860) og Danmörku (1872).

Hér á landi er hin lögbundna krafa um vörslu búfjár mun minni en gildi til forna. Próunin hefur ekki fylgt því sem orðið hefur í þeim löndum sem við helst berum okkur saman við, en þar gildir víðast skilyrðislaus krafa um vörslu eigenda á búfé sínu.

Lagafrumvarp um ágang búfjár frá 1929

Í ljósi vaxandi umræðu um lausagöngu búfjár er fróðlegt að skoða frumvarp til laga um ágang búfjár er lagt fram á Alþingi 1929 og svo aftur óbreytt 1930 að tilstuðlan Landsstjórnarinnar. Flutningsmenn voru Bernharð Stefánsson og Jörundur Brynjólfsson. Þetta frumvarp var um margt framsækið en náði því miður ekki fram að ganga.

Í núgildandi lögum um búfjárhald er hin almenna regla sú að lausaganga búfjár er heimil, en sveitarstjórnir geta skyldað umráðamenn búfjár til að hafa það í vörslu. Lögin fela ekki í sér almenn ákvæði til að koma í veg fyrir ágang búfjár, en það var einmitt markmið lagafrumvarpsins frá 1929. Í því ljósi eru skýringar í greinargerð þessa gamla lagafrumvarps áhugaverðar, en þar segir m.a.: „... enda er það víst að rjettarmeðvitund manna er lífandi fyrir því að biða ekki skaða af öðrum bótaust. Hefir líka rjettaröryggi í þá átt verið trygt á flestum eða öllum sviðum nema þessu og lagað eftir nútíma ásigkomulagi. Tími virðist því til kominn að fylla í þetta skarð í löggjöfinni.“

Ennfremur segir að ljóst verði að vera „... hver væri skyldur að vakta sinn fjenað og bera alla ábyrgð á, að hann geri ekki öðrum skaða, eða með öðrum orðum, að gróður lands væri friðhelgur.“ Fleira er rakið, en „... af þessu ástandi hefir leitt, að ýmsir ofhlaða land sit, með það beinlínis fyrir augum, að fjenaður þeirra framfleytist á annars löndum“.

Sitthvað fleira er rakið til rökstuðnings því að brýn þörf sé lagabreytinga til að koma í veg fyrir að búfé gangi í annars land í óleyfi. Það sem torvelt væri að koma vörslu við vegna staðhátta væri víða unnt að leysa slík mál með því „... að menn gerðu með sér frjálsa samninga, bygða á ákvæðum laganna. Væri þá markinu náð með lagasetningunni.“

Þannig gerir lagafrumvarpið



(gr. 12–17) ráð fyrir því að sá „er fyrir beit verður“ megi handsama þann búpening og færa eiganda þess og skal sá greiða fullt gjald fyrir kostnað. Ef sama búfé veldur aftur ágangi er heimilt að eignarrétturinn sé heilagur. Þau veita ekki það réttaröryggi sem gildir á öðrum sviðum, líkt og lagt var til grundvallar í ofangreindu frumvarpi til laga frá 1929.

Meginatriði þessa gamla lagafrumvarps eiga enn við, það er að eigandi beri ábyrgð á sínum fænaði og komi í veg fyrir ágang á eignarlönd annarra. Slíkt kann í mörgum tilvikum að vera einfaldara en virðist. Þannig má gera ráð fyrir að á mörgum svæðum myndu sauðfjáreigendur eiga auðvelt að leysa slík mál með samningum við aðra landeigendur ef þeir vilja nýta lönd þeirra. Eins er í mörgum tilvikum auðvelt að venja fé í haga og stýra því hvar það gengur. Hvað varðar afréttina þá eru þeir í flestum tilvikum afmörkuð beitarhólf og beit þar því ekki lausaganga. Víða þarf þó að friða öræfasvæði og hafa sum sveitarfélög náð slíkum markmiðum án girðinga, s.s. með því að hvetja bændur til að halda „öræfafé“ í heimahögum eða farga fé sem kemur fyrir á svæðum sem vernda þarf.

Horft til framtíðar

Meginákvæði íslenskra laga um vörslu búfjár eru í lögum um búfjárhald, sem síðast voru endurskoðuð 2013. Þar er það skilgreint sem lausaganga þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi. Vörsluskylda er síðan skilyrðislaus krafa um að umráðamaður búfjár ábyrgist að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekinna hluta þess. Lögin setja ekki almenna reglu um bann við lausagöngu, en veita sveitarstjórnunum

heimild til að koma í veg fyrir ágang búfjár.

Núgildandi lög, sem heimila í raun landnot búfjáreigenda í annars landi í hans öþökk, eru andhverfa við þau sjónarmið að eignarrétturinn sé heilagur. Þau veita ekki það réttaröryggi sem gildir á öðrum sviðum, líkt og lagt var til grundvallar í ofangreindu frumvarpi til laga frá 1929.

Meginatriði þessa gamla lagafrumvarps eiga enn við, það er að eigandi beri ábyrgð á sínum fænaði og komi í veg fyrir ágang á eignarlönd annarra. Slíkt kann í mörgum tilvikum að vera einfaldara en virðist. Þannig má gera ráð fyrir að á mörgum svæðum myndu sauðfjáreigendur eiga auðvelt að leysa slík mál með samningum við aðra landeigendur ef þeir vilja nýta lönd þeirra. Eins er í mörgum tilvikum auðvelt að venja fé í haga og stýra því hvar það gengur. Hvað varðar afréttina þá eru þeir í flestum tilvikum afmörkuð beitarhólf og beit þar því ekki lausaganga. Víða þarf þó að friða öræfasvæði og hafa sum sveitarfélög náð slíkum markmiðum án girðinga, s.s. með því að hvetja bændur til að halda „öræfafé“ í heimahögum eða farga fé sem kemur fyrir á svæðum sem vernda þarf.

Á flestum sviðum íslensks þjóðfélags er eignarrétturinn lögvarinn. Lagafrumvarpinu frá 1929 var ætlað tryggja betur rétt landeigenda með því að lögfesta almenna reglu um að ekki megi nýta annars land án heimildar. Það á enn við meira en 80 árum síðar að brýn þörf er lagabóta til að fylla í þetta skarð.

Andrés Arnalds



Jóhanna G. Harðardóttir, Kjalnesingagoði og blaðamaður í Hlésey, er einn af stofnendum Eigenda- og ræktendafélag landnámsshænsna. Félagið samþykkti á aðalfundi sínum árið 2012 ítarlega lýsingu á útliti og einkennum landnámsshænnunnar sem félagar vilja nota sem viðmið í ræktunarstarfinu.

Njála og landnámsshænan

Bjarni Eiríkur Sigurðsson kastaði fram eftirfarandi spurningu í síðasta tölublaði: Hver skrifaði Njálu? Spurningin var hins vegar sett fram til að ræða erfðir og ræktun Landnámsshænnunnar.

Svarið við spurningunni er einfalt; enginn veit fyrir vissu hver ritaði Njálu, en sú staðreynd rýrir engan veginn gildi verksins, fremur en óþekktur uppruni rýrir tilvist forns hænsnastofns.

Njála og Landnámsshænan eiga í raun aðeins eitt sameiginlegt; þ.e.a.s. að vera merkilegt íslenskt sköpunarverk sem nýtur viðurkenningar alþjóðasamfélagsins og íslenska þjóðin ber ábyrgð á.

Njála stendur þó talsvert betur að vígi en Landnámsshænan þar sem bókmenntaleg þekking og metnaður Íslendinga fyrir fornþekktum er á háu stigi og ekki hætta á að fræðimenn eða áhugamenn um Njálu geti skaðað hana með málflutningi sínum.

Útlit og eiginleikar þeirra hænsna sem dr. Stefán Aðalsteinsson safnaði saman á afskekktum bæjum árið 1974 eru vel þekkt og sameiginleg einkenni þeirra skýr. Þessi hænsni eru grunnur að því ræktunarstarfi sem nú er stundað og markmið ræktenda landnámsshænsna er unnið út frá lýsingu á afkomendum þeirra. Þetta ætti BES að vera kunnugt um, þar sem hann sat sjálfur sem varamaður í nefndinni sem vann það plagg. Einhvers misskilning gætir einnig hjá honum varðandi rannsókn á vefjaflokkun sem gerð var árið 1985, en þar kom fram að 78% af erfðavísu fyrir vefjaflokkun landnámsshænnunnar eru einstök. Hin 22% eru einfaldlega erfðavísar

sem lifandi vera þarf að hafa til að geta talist til hænsna. Fleiri rannsóknir hafa verið gerðar, m.a. DNA-rannsókn rétt fyrir aldamótin. Kannanir á stofninum sýna vísbendingar um skyldleika við ýmsa aðra stofna t.d. norsku hænnuna, ísraelsku bedúinahænnuna og jafnvel aðrar hænsnategundir og í þeirri könnun leystist engin ráðgáta. Þetta kemur engum á óvart, gildir um öll hænsnakyn og breytir engu um framræktun stofnsins.

Með harðfylgi og elju hafa ræktendur landnámsshænsna snúið bókum saman og unnið óeigingjarnt og þrótmikið starf sem hefur skilað göðum árangri og hlotið viðurkenningu hjá virtum ræktunarsamböndum, t.d. hjá Norræna genabankanum NGH.

Að lokum þetta: Við Bjarni erum sammála í mikilvægu máli; á Íslandi mega menn rækta hænur að eigin vali, en það er auðvitað háð því skilyrði að þeir fari að landslögum varðandi innflutning (því skilyrði hefur því miður hefur ekki verið fylgt).

